**DAVÍÐ GARÐARSSON**

*Konan tekin á eintal út af litum*

bílar tíska ferðir

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




**HEIMA ER BEST**

*Krúttlegt kaffiboð*

Sérblað um heimili, mat og fjölskyldu

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. febrúar 2007 — 47. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Rauðhærðir í Evróvisjón



Dr. Gunni og Eiríkur Hauksson rokka feitt í keppni kvöldsins.

HELGARVIÐTAL 30

### Uppreisn aldraðra

„Þetta er allt á sömu bókina lært. Smánarlegt tillitsleysi gagnvart eldri borgurum. Er nema von að þessi kynslóð geri uppreisn og leitist við að rétta sinn hlut?“ spyr Ellert B. Schram.

Í DAG 18

### Mýtan um ógæfuljóskuna



Anna Nicole Smith er enn ein platínublondínan sem endar stutta frægðarævi sína á tragískan hátt.

HELGAREFNI 38

### Úrslitaleikirnir í dag



Úrslitaleikirnir í Lýsinga-bikarkeppni karla og kvenna verða háðir í Laugardalshöllinni í dag.

ÍÞRÓTTIR 56

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR EÐA ÉL** Í dag verða yfirleitt vestlægar áttir, víðast 8-13 m/s. Víða skúrir eða él en bjart með köflum á Austur- og Suðausturlandi. Hiti 0-6 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4






**Á STRÚTABÝLI** Verkamaður vinnur hörðum höndum við að flytja sand í strútabúr í Kozishche-þorpi í Hvíta-Rússlandi. Þar er stærsta strútabýli í Vestur-Evrópu, með um sex hundruð og fimmtíu strúta. Strútakjöt er nánast fitulaust, inniheldur lítið af hitaeiningum og bragðast ekki ósvipað nautakjöti. Því er það talið lostæti í ýmsum löndum heimsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Miðaldra konur með kókaín innvortis

**Tvær íslenskar konur á fimmtugsaldri voru teknar með tæp 700 grömm af kókaíni við komuna frá Amsterdam á þriðjudag. Þær hafa ekki komið við sögu lögreglu áður. Deildarstjóri Tollgæslunnar segir þetta vissulega óvenjulegt dæmi.**

**LÖGREGLUMÁL** Tvær íslenskar konur á fimmtugsaldri voru handteknar með tæp 700 grömm af kókaíni falin innvortis og innan klæða þegar þær komu saman með flugi frá Amsterdam síðastliðinn þriðjudag.

Efnin fundust við hefðbundið eftirlit tollvarða. Konurnar hafa ekki komið áður við sögu lögreglu vegna mála af þessum toga en þær voru einar á ferð. Í kjölfarið var svo íslenskur karlmaður á þrítugsaldri handtekinn í tengslum við málið og hafa þau öll verið úrskurðuð í gæsluvarðhald fram á næsta fimmtudag.

Kári Gunnlaugsson, aðaldeildarstjóri Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli, segir þetta vissulega óvenjulegt dæmi en ekkert komi tollvörðum lengur á óvart hvað varðar fíkniefnasmygl. „Það er alveg ótrúlegt hvað þetta fólk reynir,“ segir hann.

Efnagreining hefur staðfest að um kókaín er að ræða en ekkert liggur fyrir um styrkleika efnisins. Að sögn Eyjólfs Kristjánssonar, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum, er rannsókn málsins enn í fullum gangi.

Þetta er mesta magn fíkniefna sem lagt hefur verið hald á á Keflavíkurflugvelli það sem af er ári og í annað sinn frá áramótum sem einstaklingar eru teknir með fíkniefni innvortis.

Í janúar var karlmaður á fimmtugsaldri handtekinn með hátt í áttatíu grömm af amfetamíni falin innvortis. Í kjölfarið á handtöku mannsins framkvæmdi lögreglan húsleit heima hjá honum og fannst þar töluvert magn af kannabisplöntum.

Kókaíninnflutningur til landsins hefur færst mjög í aukana að undanförnu. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagði hald á nánast jafnmikið magn af kókaíni á síðasta ári og hún hafði gert samanlagt á tuttugu árum þar á undan, eða allt frá því að sérstakir starfsmenn voru settir í fíkniefnaeftirlit í flugstöðinni árið 1985. Frá því ári og fram til ársins 2005 tóku tollverðir um tíu kíló af efninu, en á síðasta ári einu saman lögðu þeir hald á tæplega átta og hálft kíló af því.

Um áttatíu prósent af því kókaíni sem haldlagt hefur verið hér á landi síðustu ár hafa verið tekin í Leifsstöð.

- þsj

OPIÐ LAUGARDAGA FRÁ KL. 11–18 OG SUNNUDAGA FRÁ KL. 13–18

VELKOMIN Í ÓVENJULEGA VERSLUN!

OPIÐ ALLAR HELGAR

ÓTÚLEGA SKEMMTILEGT VÖRUÚRVAL

ORMSSON

VÖNDUÐ VARA – HAGSTÆÐ VERÐ

SMÁRALIND

Framtíð ratsjárstöðva NATO:

## Ratsjármálefni rædd í Brussel í næstu viku

**VARNARMÁL** Viðræður við Bandaríkjamenn um hvað taka skuli við er samningum um fjármögnun þeirra á rekstri íslenska loftvarnakerfisins sleppir í sumar hefjast í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel næstkomandi föstudag. Þetta fékk Fréttablaðið staðfest í utanríkisráðuneytinu í gær.

Frumvarp um framtíðarfyrirkomulag á rekstri Ratsjárstofnunar er í smíðum og er þess að vænta að Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra leggi það fram á næstunni, enda einungis mánuður til þingloka.

Ríkisstjórnin verður að gera ráðstafanir til að tryggja að rekstur stofnunarinnar lendi ekki í uppnámi er Bandaríkjamenn hætta að greiða fyrir hann hinn 15. ágúst næstkomandi, en um það sömdu þeir í tengslum við samningana um brottför varnarliðsins í haust sem leið.

Kostnaður við rekstur ratsjárkerfisins, sem er hluti af loftvarnakerfi NATO, nam á árinu 2005 hátt í 1.200 milljónum króna.

- aa

Forstjóri Umhverfisstofnunar:

## Getum verið í fararbroddi

**UMHVERFISMÁL Ellý Katrín Guðmundsdóttir, nýskipaður forstjóri Umhverfisstofnunar, telur Ísland geta orðið í fararbroddi í umhverfismálum. Þrátt fyrir að við séum tíu árum á eftir nágrannaþjóðum okkar í alls kyns umhverfismálum getum við lært af þeirra áföllum og verið mun fljótari að innleiða okkar stefnu.**

**„Það þarf ekki að einblína á loftslagsbreytingarnar til að vilja gera eitthvað í umhverfismálum. Þessi mál eru nátengd heilsu okkar enda halda margir sig inni við þegar svifryksmengun er sem mest í borginni. Við höfum alla burði til að vera leiðandi afl,“ segir hún.**

- sþs / sjá síðu 36

*Mikið úrval glæsilegra skírnarkjóla*



*Verslunin Skírn*

*Listhúsinu • Sími 568 7500*

## SPURNING DAGSINS



*Bubbi, er nauðsynlegt að veiða þá?*

„Og sleppa!“

Bubbi Morthens vinnur nú að bók með sögum úr laxveiðinni. Frægt varð er hann gagnrýndi hvalveiðar á sínum tíma með laginu Er nauðsynlegt að skjóta þá?

Borgarstjóra þykir miður að ráðstefna um klámefni verði haldin hér á landi á næsta mánuði:

# Lögreglan skoðar lögmæti ráðstefnu

**FÉLAGSMÁL** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri hefur óskað eftir lögreglurannsókn á því hvort þátttakendur á væntanlegri ráðstefnu um klámefni kunni að vera framleiðendur barnakláms eða annars ólögmæts klámefnis. Honum þykir miður að Reykjavík skuli eiga að verða vettvangur slíkrar ráðstefnu.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá borgarstjóra sem barst í gær. Yfirlýsingin var svar við áskorun Stígamóta þar sem ráðamenn þjóðarinnar eru hvattir til að koma í veg fyrir að ráðstefnan, sem kallast SnowGathering, verði haldin. Áætlað er að halda hana á Radisson SAS hótelinu í Reykjavík 7. til 11. mars næstkomandi.




**HEIMASÍÐA RÁÐSTEFNUNNAR** Á síðunni má finna aragrúa af klámauglýsingum, enda er ráðstefnan sjálf um klámefni.

„Við erum mjög sátt við þessi viðbrögð borgarstjóra,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. „Það er ánægjulegt að hann skuli bregðast við af slíkri ábyrgð, og við vonum innilega að ráðamenn vinni vinnuna sína varðandi þetta mál,“ segir hún.

„Þetta mál er í skoðun hjá okkur í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra,“ segir Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu. „Við munum athuga hvað er þarna á ferðinni og hvort um ólögmæta háttsemi sé að ræða,“ segir hann.

Ekki náðist í forsvarsmenn SnowGathering við vinnslu fréttarinnar. - sþs / sjá síðu 62

Reykingabann í Bretlandi:

## Reykingalöggur bíða á barnum

**BRETLAND Þúsund löggæslumenn munu vakta skemmtistaði í Bretlandi til að framfylgja reykingabanninu, sem sett verður í júlímánuði.**

**Eftirlitsmennirnir verða klæddir sem almennir borgarar, vopnaðir myndavélum, og munu skrifa út sektarmiða á staðnum, fimmtíu pund fyrir hvert brot.**

**Í júní verður svipað bann sett á Íslandi. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segist „draga það harkalega í pung efasemdanna“ að viðlíka aðferðum verði beitt hér. Eðlilegra væri að setja fyrst aukinn kraft í refsingar fyrir alvarlegri brot.** - kóþ

Skipting skatttekna:

## Sveitarfélögin fái meira til sín

**EFNAHAGSMÁL** Sveitarfélög landsins hafa engar tekjur af einkahlutafélögum og einstaklingum sem einungis gefa upp fjármagnstekjur.

Fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga ætla því að kynna hugmyndir um tekjutilfærslu, frá ríki til sveitarfélaga, fyrir mánaðarlok.

Þetta kom fram á samráðsfundi fyrrnefndra í gær. Á fundinum kom einnig fram að útgjöld sveitarfélaga hefðu vaxið meira en útgjöld ríkisins, því þau sinntu æ meira af þjónustu við borgarana. - kóþ



**HREINDÝRSTARFUR** Sífellt meiri ásókn er í að komast til hreindýraveiða fyrir austan. MYND/BRYNJÓLFUR

Hreindýraveiðar árið 2007:

## 2.700 vilja veiða 1.137 hreindýr

**VEIÐAR Alls bárust ríflega 2.700 umsóknir til veiðistjórnunarsviðs Umhverfisstofnunar um leyfi til hreindýraveiða í sumar áður en umsóknarfrestur rann út. Leyft verður að veiða 1.137 hreindýr í ár, þannig að ljóst er að draga verður um það hver fær veiðileyfin, eins gert hefur verið undanfarin ár.**

**Dregið verður úr gildum umsóknum á mánudaginn kemur og fer útdrátturinn fram í húsnæði Þekkingarnets Austurlands. Unnt verður að fylgjast með drættinum í beinni útsendingu víða um land.** - shá

# Boða eignarnám á grunni vatnalaga

**Bæjarstjóri Kópavogs segir borgaryfirvöld í Reykjavík brjóta samninga með því að gefa ekki út framkvæmdaleyfi fyrir vatnslögn yfir Heiðmörk. Fáist leyfið ekki verði farið í eignarnám á grundvelli ákvæða í vatnalögum frá árinu 1925.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ef þeir gefa ekki út framkvæmdaleyfi eru þeir búnir að rifta samningnum sem þeir gerðu við okkur í haust,“ segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi um framkvæmdaleyfi sem Reykjavíkurborg hefur skuldbundið sig til að gefa út vegna vatnslagnar yfir Heiðmörk.

Gunnar vísar í samkomulag sem hann undirritaði í haust ásamt Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni, borgarstjóra í Reykjavík. Að sögn Gunnars felst samkomulagið í því að Kópavogsbær fær að leggja vatnslögnina yfir land Reykjavíkur gegn því að borgin fá umráðarétt yfir tilteknum borholum og landi.

Jarðvegsvinna vegna vatnslagnarinnar hófst í janúar en var stöðvuð þegar í ljós kom að framkvæmdaleyfið var óútgefið. Gunnar segir yfirvöld í Kópavogi hins vegar hafa verið í góðri trú. „Það fylgir í samkomulaginu að þeir eigi að gefa út framkvæmdaleyfi og við erum ekkert að spá í það – höldum bara að þetta sé fólk sem hægt er að treysta. Við töldum að þeir væru búnir að gefa þetta út og hefðu bara gleymt að senda okkur það því að Orkuveitan og allir starfsmenn borgarinnar voru alveg klárir á því hvað við ætluðum að gera og hvaða leið við ætluðum að fara,“ segir Gunnar.



**GUNNAR I. BIRGISSON**



**Í HEIÐMÖRK** Framkvæmdir við vatnslögn Kópavogs yfir land Reykjavíkur í Heiðmörk voru stöðvaðar því borgaryfirvöld hafa ekki enn gefið út umsamið framkvæmdaleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Bæjarstjórinn er ósáttur við yfirlýsingar sem hafa komið frá yfirvöldum í Reykjavík vegna Heiðmerkurmálsins. „Yfirlýsingar formanns skipulagsráðs Reykjavíkur, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, valda mér heilabrotum. Það er ljóst að hjá borginni veit hægri höndin ekki hvað sú vinstri er að gera,“ segir bæjarstjórinn.

Gunnar segist munu ræða betur við borgaryfirvöld. Verði framkvæmdaleyfið ekki gefið út falli samningurinn úr gildi. Reykjavík verði af umsömdum rétti til vatnstöku í landi Kópavogs og fái ekki landspilduna. „Við aftur á móti eigum holur Kópavogsmegin og munum nýta þær á meðan við þurfum að fara lagalegu leiðina til að fá að leggja vatn okkar yfir land Reykjavíkur,“ segir Gunnar og vitnar til vatnalaga frá 1925. „Þá þarf að fara í eignarnámsmál sem getur tekið einhverja mánuði og við munum bara fara í það.“

Orkuveita Reykjavíkur hefur gert athugasemdir við framkvæmdina í Heiðmörk. Gunnar segir þessar athugasemdir vera „furðulegar“ og að þeim verði svarað með bréfi. gar@frettabladid.is



**REYKKAFARI** Sumarbústaður við Úlfarsfell brann til grunna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Bruni í Úlfarsfelli í gær:

## Bústaður brann til kaldra kola

**BRUNI** Sumarbústaður við Úlfarsfell brann til grunna í gær. Vegfarandi tilkynnti um mikinn reyk við bústaðinn um klukkan eitt og var hann alelda þegar slökkvilið kom á staðinn.

Talsmaður slökkviliðsins segir ekki hafa verið hægt að bjarga bústaðnum og reyndu slökkviliðsmenn því að hindra að eldurinn breiddist út í nálægan gróður. Það tókst og lauk slökkvistarfi um fimmleytið í gær.

Bústaðurinn var mannlaus og eru eldsupptök ókunn. - sþs

Lát Íslendings í Stokkhólmi:

## Eldsupptökin enn ekki kunn

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Stokkhólmi hefur enn ekki komist að því hver voru upptök eldsvoðans í sorpgeymslu þar sem Hlynur Heiðberg Konráðsson fannst látinn í síðustu viku. „Við höfum enn ekki fengið niðurstöður tæknilegrar rannsóknar,“ segir Christer Collin, sem stjórnar lögreglurannsókninni. Dánarorsök Hlyns liggur ekki fyrir. Hlynur, sem var í Stokkhólmi í vinnuferð á vegum Iceland Express, læstist inni í sorpgeymslu veitingastaðarins Engelen. Collin telur Hlyn hugsanlega hafa talið sig vera að fara á salerni þegar hann gekk inn í geymsluna.** - gar

BÍLL DAGSINS
OPEL ASTRA1.6
Nýskr. 01.06 - Beinskiptur - Ekinn 3 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Utanríkisráðherra vill endurskoða vörugjöld og fara varlega í frekari hvalveiðar:

# Vörugjöldin eru úr sér gengin

**STJÓRNMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segir að vörugjöld séu úr sér gengin og næsta verkefni stjórnvalda sé að taka þau til algerrar endurskoðunnar. Hún vill einnig að stjórnvöld fari af kostgæfni yfir hvaða áhrif hvalveiðar geti haft á ímynd Íslands áður en ákvörðun verði tekin um frekari stórhvalaveiðar.

Þetta var meðal þess sem kom fram í ávarpi Valgerðar við upphaf aðalfundar Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS) í gær. Valgerður fjallaði ítarlega um tollamál í ræðu sinni; sagði tolla almennt lága en það ætti ekki við um önnur opinber gjöld. „Í því samhengi nefni ég sérstaklega vörugjöldin, sem ég tel reyndar úr sér gengin og hljóta að verða næsta verkefni stjórnvalda að taka til algerrar endurskoðunar.“ Hún lítur á afnám vörugjalda á matvörur um mánaðamótin sem upphaf gagngerrar endurskoðunar þessa gjaldaliðs.



**FRÁ AÐALFUNDI FÍS** Utanríkisráðherra fagnar árangri íslenskra fyrirtækja en minnti í ræðu sinni á að ábyrgð fylgdi mikilli velgengni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Valgerður lítur svo á að ímynd Íslands sé þjóðinni afar mikilvæg. „Við þurfum að sýna sérstaka aðgát þegar kemur að þeim málum sem geta haft áhrif á ímynd Íslands. Hvalveiðar eru gott dæmi um það,“ sagði Valgerður, sem er þó sannfærð um réttmæti málstaðar Íslendinga í hvalveiðimálum. - shá





**Stór** konudag-
vöndur í glervasa
og Baci konfekt
**2499**

# Konudagsblómin
## ...hvergi meira úrval

Opnum
kl. 8:00
í Skútuvogi
á morgun



15 stk.
**Túlípanar**
**990**

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## GENGIÐ 16.02.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,18 | 67,5 |
| Sterlingspund | 130,91 | 131,55 |
| Evra | 88,12 | 88,62 |
| Dönsk króna | 11,82 | 11,89 |
| Norsk króna | 10,952 | 11,016 |
| Sænsk króna | 9,508 | 9,564 |
| Japanskt jen | 0,5625 | 0,5657 |
| SDR | 100,72 | 101,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,7878

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Óformleg framsalsáætlun CIA tekin fyrir í sakadómi í fyrsta sinn:

# CIA fyrir rétti vegna mannráns

**ÍTALÍA, AP** Ítalskur rannsóknardómari fyrirskipaði í gær réttarhöld yfir 26 Bandaríkjamönnum og fimm Ítölum vegna meints mannráns á egypskum klerki sem var í haldi í fjögur ár og segist hafa sætt pyntingum. Er þetta í fyrsta sinn sem óformleg framsalsáætlun bandarísku leyniþjónustunnar CIA er tekin fyrir í sakadómi.



**ARMANDO SPATARO** Aðalsaksóknari í málinu sem er hið fyrsta sinnar tegundar.

Saksóknarar telja að fimm ítalskir leyniþjónustumenn hafi starfað með Bandaríkjamönnunum við að nema á brott grunaðan hryðjuverkamann, Osama Moustafa Hassan Nasr, árið 2003. Staðfest þykir að allir Bandaríkjamennirnir hafi verið útsendarar CIA utan einn sem var yfirmaður í bandaríska flughernum. Stjórnendur CIA neita að tjá sig um málið.

Saksóknarar þrýsta á ítölsk stjórnvöld að óska eftir framsali Bandaríkjamannanna. En jafnvel þó að ítölsk stjórnvöld verði við þeirri kröfu, sem myndi koma sambandi ríkjanna í uppnám, er mjög ósennilegt að bandarísk stjórnvöld myndu framselja útsendarana til að réttað yrði yfir þeim erlendri grundu. Hægt er að rétta yfir sakborningum í fjarveru þeirra samkvæmt ítölskum lögum.

Réttarhöldin eiga að hefjast 8. júní næstkomandi, en þeim kann að verða frestað af ítalska stjórnlagadómstólnum sem stjórnvöld hafa beðið um að úrskurða hvort að saksóknarar hafi farið út fyrir sitt valdsvið þegar þeir fyrirskipuðu hleranir á símtölum ítalskra leyniþjónustumanna. **- sdg**



**OSAMA MOUSTAFA HASSAN NASR** Segist hafa verið pyntaður á þeim fjórum árum sem hann var í haldi.

Dómur Hæstaréttar:

## Kókaínkona áfram í gæslu

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt unga konu, sem hafði milligöngu um stórfellt smygl á kókaíni til landsins, til að sæta áfram gæsluvarðhaldi meðan mál hennar er til meðferðar þar.**

**Konan var dæmd í fjögurra ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur 17. janúar fyrir þátttöku í innflutningi á nærri tveimur kílóum af kókaíni. Hún áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar og kærði jafnframt gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms. Dómurinn telur að almannahagsmunir krefjist þess að hún verði í gæslu til 26. apríl, verði dómur í máli hennar ekki genginn fyrir þann tíma.** - jss



**FORSMARK-VERIÐ** Tæknilegir örðugleikar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjarnorka í Svíþjóð:

## Leitað eftir aðstoð IAEA

**SVÍÞJÓÐ, AP** Yfirmaður kjarnorkueftirlitsstofnunar Svíþjóðar sagði í gær að hann hefði ákveðið að fara þess á leit við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina að hún sendi eftirlitsmenn til að gera úttekt á öryggismálum sænskra kjarnorkuvera, í því skyni að endurreisa traust á þeim eftir röð truflana á rekstri nokkurra kjarnorkuvera í landinu.

Áður var tilkynnt að slökkt hefði verið á einum af fjórum kjarnaofnum Ringhals-kjarnorkuversins eftir að smávægilegur vatnsleki uppgötvaðist. Tæknilegir örðugleikar hafa komið upp í fleiri verum síðustu mánuði, ekki síst í Forsmark-verinu. - aa

# Tímamótadómur fyrir neytendur

**Sigurði Hreinssyni voru dæmdar bætur vegna ólögmæts verðsamráðs olíufélaganna. Lögmaður segir dóminn hafa fordæmisgildi. Ker mun áfrýja dómnum. Formaður Neytendasamtakanna segir marga munu höfða mál gegn olíufélögunum.**

**DÓMSMÁL** Ker hf., áður Olíufélagið hf., hefur verið dæmt til að greiða Sigurði Hreinssyni, trésmiði frá Húsavík, fimmtán þúsund króna skaðabætur vegna tjóns sem hann varð fyrir vegna þátttöku fyrirtækisins í ólögmætu verðsamráði olíufélaganna þegar það seldi honum bensín á árunum 1995 til 2001. Sigurði voru einnig dæmdar fimmhundruðþúsund krónur í málskostnað.

Fjölskipaður Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn í gær. Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari skilaði sératkvæði og taldi að Ker ætti að greiða Sigurði 36 þúsund krónur.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, segir að dómnum verði áfýjað til Hæstaréttar.



**DÆLT Á BÍLINN** Héraðsdómur dæmdi Ker hf. til að greiða Sigurði Hreinssyni skaðabætur vegna tjóns vegna ólögmæts verðsamráðs olíufélaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ker var sýknað af kröfum í Héraðsdómi í desember en Sigurður áfrýjaði. Í Hæstarétti í janúar var einni kröfu Sigurðar vísað aftur til efnismeðferðar í héraðsdómi.



**KRISTINN HALLGRÍMSSON**

Fyrir dómi setti Sigurður fram gögn um að hann hefði keypt bensín af Olíufélaginu fyrir rúmlega 1,1 milljón króna á tímabilinu og voru skaðabæturnar í héraðsdómi dæmdar út frá því.

Steinar Guðgeirsson, lögmaður Sigurðar, segir að dómurinn sé tímamótadómur því hann hafi fordæmisgildi fyrir aðra einstaklinga sem vilji sækja rétt sinn vegna ólögmæts samráðs olíufélaganna. Hann segir að þetta sé í fyrsta skipti sem einstaklingi eru dæmdar skaðabætur vegna samráðsins.



**JÓHANNES GUNNARSSON**

Steinar, sem vinnur á Lögfræðistofu Reykjavíkur, segir að hátt í 150 manns hafi leitað til skrifstofunnar með það augum að stefna olíufélögunum. „Þetta mál var prófmál. Þessir einstaklingar voru að bíða eftir því að niðurstöða fengist í þessu máli. Nú getum við gert ráð fyrir því að fleiri þeirra stefni olíufélögunum," segir Steinar.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna sem staðið hafa á bak við Sigurð í málaferlunum, segir að niðurstaða dómsins sé mikið fagnaðarefni fyrir neytendur. Hann segir að ef dómurinn verði staðfestur í Hæstarétti sé ljóst að margir einstaklingar muni höfða mál gegn olíufélögunum.

Sigurður R. Arnalds, hæstaréttarlögmaður og kennari við lagadeildina á Bifröst, segir að einstaklingar hafi ekki áður verið dæmdar skaðabætur vegna samráðs fyrirtækja á markaði og þess vegna kunni dómurinn að skapa fordæmi í sambærilegum málum.

**ingifreyr@frettabladid.is**

Fundað um loftslagsmál:

## Viðsnúningur Bandaríkjanna

**WASHINGTON, AP** Hópur stjórnmálamanna frá tuttugu löndum skrifaði á fimmtudag undir ályktun í Washington þar sem kallað er eftir nýju samkomulagi um að setja hömlur á útblástur gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2009 til að taka við af Kyoto-bókuninni sem rennur út árið 2012.

Stjórnmálamenn, sem sátu fundinn, sögðust greina pólitískan viðsnúning Bandaríkjamanna á fundinum gagnvart auknu samstarfi við önnur lönd við að berjast gegn hlýnun jarðar.

Í ályktuninni er G8-hópurinn, samtök átta mestu iðnvelda heims, hvattur til að gangast undir skuldbindingar gagnvart árinu 2009 á næsta fundi sínum. - sdg

Innbrot í Landvegamótum:

## Fernt braust inn og stal

**LÖGREGLUMÁL Tveir strákar og tvær stelpur, sem eru um og innan við tvítugt, brutust inn í söluskálann Landvegamót, við gatnamót Suðurlandsvegar og Landvegar, á milli klukkan tvö og þrjú aðfaranótt föstudagsins.**

**Ungmennin brutu rúðu á skálanum og fór þjófavarnarkerfi hans af stað. Þau stálu ýmsum varningi úr söluskálanum, aðallega sígarettum. Einn lögreglubíll frá Hvolsvelli og tveir frá Selfossi fóru á vettvang.**

**Fólkið var handtekið á Selfossi og gisti fangageymslur lögreglunnar. Þau voru yfirheyrð í gær. Að sögn lögreglunnar á Selfossi hafa ungmennin, sem eru fíkniefnaneytendur, komið við sögu lögreglunnar áður.**

**Annars var rólegt hjá lögreglunni á Selfossi í gær.** - ifv




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÓLNAR Í DAG SVO HLÝNAR**

Við verðum með úrkomuloft í dag yfir meginhluta landsins, síst suðaustan til. Þetta verða annað hvort skúrir eða él og er éljaloftið líklegast vestan til á Norðurlandi, Vestfjörðum og á Snæfellsnesi. Hins vegar á ég von á nokkuð björtu veðri austan til á Suðausturlandi og jafnvel á Austfjörðum. Á morgun hlýnar tölu-vert sunnan og vestan til með vætu og vindi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Fremur hæg vestlæg átt. Skúrir eða slydduél. Hiti 2-4 stig.

um hádegi »



» á morgun



Suðaustan 8-13 m/s sunnan og vestan til, annars hægari.

» mánudagur



Norðaustan hvassviðri á Vestfjörðum, annars hægari.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4°C | léttskýjað | London | 13°C léttskýjað | | Alicante | 19°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 6°C | skúrir | París | 15°C skýjað | | Mallorca | 16°C léttskýjað |
| Osló | 2°C | él | Frankfurt | 9°C skýjað | | Algarve | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C | skýjað | Friedrichshafen | 9°C hálfskýjað | | Krít | 16°C rigning |
| Gautaborg | 4°C | skýjað | Berlín | 5°C léttskýjað | | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# HÁSKÓLADAGURINN



# Það gerist hjá okkur

## laugardaginn 17. febrúar kl. 11-16

- Alþjóðlegur háskóli
- Á fjórða hundrað námsleiðir
- Innlent og erlent rannsóknasamstarf
- Tækifæri til að vinna með fyrirtækjum
- Sveigjanlegt og fjölbreytt nám
- Kröfugt félagslíf
- Háskólanám sem nýtur trausts

Stúdentar og kennarar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands taka vel á móti þér á Háskóladeginum.

Grunn- og framhaldsnám við Háskóla Íslands er kynnt í Háskólabíói við Hagatorg.

Nýtt grunn- og framhaldsnám er kynnt í Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð.

Eftirfarandi háskólar verða með kynningu í Borgarleikhúsi:
Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Hólum - Hólaskóli, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands.

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS
www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að halda konudaginn hátíðlegan?*

| | |
|---|---|
| Já | 36% |
| Nei | 64% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að banna eigi klámráðstefnuna sem halda á í Reykjavík í næsta mánuði?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Kærur kvenna úr Byrginu á hendur Guðmundi Jónssyni hrannast inn:

# Byrgiskærurnar orðnar sjö

**LÖGREGLUMÁL** Sjöunda konan hefur kært Guðmund Jónsson, fyrrverandi forstöðumann Byrgisins. Þetta staðfesti Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi.

Konurnar sjö sem lagt hafa fram kæru á hendur Guðmundi kæra hann allar fyrir meinta kynferðislega misneytingu meðan þær dvöldu í Byrginu. Sýslumaður kvaðst ekki gefa frekari upplýsingar um gang málsins, meðal annars vegna þess að það væri engum til framdráttar að reka það í fjölmiðlum.

Það var eftir upplýsingar sem komu fram í fréttaskýringaþættinum Kompási á Stöð 2 sem farið var að athuga rekstur Byrgisins. Í ljós komu miklar brotalamir, bæði hvað varðaði fjárhagslega hlið rekstrarins og meinta misnotkun forstöðumannsins fyrrverandi á konum sem þar höfðu dvalið. Þá varð uppvíst um að fangar sem höfðu verið þar í reynslulausn voru ekki látnir fara að reglum Fangelsismálastofnunar hvað varðaði viðveru og fleira.

Nú er unnið af fullum krafti að rannsókn málsins. Skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármál Byrgisins hefur verið vísað til ríkissaksóknara og sýslumannsembættið á Selfossi rannsakar meint brot gegn fólki sem dvalið hefur í Byrginu. Þeir sem dvalið hafa í Byrginu og þurfa á aðstoð fagaðila að halda geta hringt í síma 543 4074 á Landspítala virka daga milli klukkan 9 og 16 fyrir 31. mars. - jss



**GUÐMUNDUR JÓNSSON** Hefur ekki enn lagt fram boðaða kæru vegna nauðgunar.

Æfir og notar símann mikið:

# Segir að Castro sé að braggast

**KÚBA, AP Elsti sonur og nafni Fidels Castro sagði á fimmtudag að faðir sinn hefði tekið viðunandi framförum eftir aðgerðina sem hann gekkst undir og að hann gæti að endingu náð sér að fullu.**

**Bróðir Kúbuleiðtogans, Raúl Castro, hefur verið starfandi forseti síðan hinn áttræði bróðir hans dró sig í hlé fyrir meira en hálfu ári.**

**Raúl greindi frá því í síðustu viku að Fidel stundaði æfingar og notaði símann mikið.**

**Stjórnvöld á Kúbu hafa staðfastlega neitað getgátum um að Castro sé með krabbamein.** - sdg

## VOGAR

### Lítið talað við börnin

Samvera foreldra og barna í Vogum á Vatnsleysuströnd fer minnkandi samkvæmt rannsókn á högum og líðan barna í Gerða- og Stóru-Vogaskóla. Af þessu tilefni hefur bæjarráð Voga hvatt foreldra til að verja meiri tíma með börnum sínum og virða útivistartíma.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Úrskurðaðir í gæsluvarðhald

Þrír piltar á aldrinum fimmtán til nítján ára voru úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald á miðvikudag. Í fórum piltanna fannst þýfi úr nokkrum innbrotum sem framin höfðu verið á höfuðborgarsvæðinu.

# Hagnaðurinn jókst um 1.400 prósent

**Bankarnir græddu tæpa 165 milljarða á vaxta- og þjónustutekjum árið 2006. Þjónustutekjurnar jukust um tæp sex hundruð prósent. Forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings segir íslensku bankana ekki okra á almenningi.**

**STJÓRNMÁL** Hagnaður íslensku bankanna; Glitnis, Kaupþings og Landsbankans, vegna vaxta- og þjónustugjalda jókst um fjórtánhundruð prósent á milli áranna 2002 og 2006. Árið 2002 var samanlagður hagnaður bankanna þriggja vegna vaxta- og þjónustugjalda tæpir ellefu milljarðar en tæpir 165 milljarðar árið 2006. Vaxtatekjurnar hækkuðu úr rúmum 24 milljörðum upp í tæpa 131, eða um 435 prósent, og þjónustutekjurnar hækkuðu úr rúmum þrettán milljörðum króna upp í rúma 92, eða um 594 prósent. Þetta kemur fram í gögnum sem upplýsingasvið Alþingis vann fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur, þingmann Samfylkingarinnar.

Jóhanna segir að þessar tölur staðfesti bankaokrið sem hafi viðgengist hér á landi frá því bankarnir voru einkavæddir. „Bankarnir hafa svigrúm til þess að lækka vexti og ég vil að neytendur fái líka að njóta þess sem einkavæðingin hefur skilað en ekki bara bankakóngarnir,“ segir Jóhanna. Hún telur að Jón Sigurðsson hafi ekki brugðist við tilmælum frá Samkeppniseftirlitinu í ágúst árið 2006 um að bregðast við þeirri fákeppni á bankamarkaði sem væri hér á landi og skaðaði neytendur. Þingmaðurinn vill að Jón Sigurðsson láti fara fram rannsókn á háum bankakostnaði og meintu samráði bankanna.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Þingmaður Samfylkingarinnar segir að íslensku bankarnir hafi hagnast ótæpilega á kostnað neytenda. Hún telur að bankarnir hafi svigrúm til að lækka vexti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir að bankarnir fylgi stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og að allir vextir bankanna komi ofan á þá, þess vegna sé hið háa vaxtastig í landinu ekki bönkunum að kenna.

„Bankarnir stjórna því ekki hverjir vextirnir eru í hagkerfinu,“ segir Ásgeir. Hann segir að aukin umsvif skýri aukinn hagnað bankanna, en að hann sé ekki tilkominn vegna viðskipta þeirra við almenning í landinu. „Í sumum greinum viðskipta bankanna, til dæmis á fasteignamarkaði, er ábati lítill sem enginn miðað við núverandi raunvaxtastig í landinu,“ segir Ásgeir og bætir því við að umræðan um meint okur bankanna sýni fram á hversu mikil áhrif háir stýrivextir Seðlabankans séu farnir að hafa í landinu.

ingifreyr@frettabladid.is

**VAXTA- OG ÞJÓNUSTUTEKJUR BANKANNA 2002 OG 2006**

**Vaxta- og þjónustutekjur Glitnis, Kaupþings og Landsbanka 2002 og 2006 í milljörðum króna**

| | 2002 | 2006 | Hækkun kr. | Hækkun % |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 24.438 | 130.937 | 106.499 | 435% |
| Þjónustutekjur | 13.280 | 92.109 | 78.829 | 594% |
| Hagnaður | 10.880 | 164.892 | 154.012 | 1.416% |

Heimild: Upplýsingasvið Alþingis

Sérfræðingur um áhrif svifryksmengunar á lungnapípur og lungnavefi:

# Getur valdið lungnaskaða

**UMHVERFISMÁL** Björn Árdal, barnalæknir og sérfræðingur í ofnæmis- og ónæmissjúkdómum, segir að svifryksmengun geti verið ertandi fyrir lungnapípur og lungnavefi og geti valdið lungnaskaða. Það sé þekkt að utan. Sérstaklega sé þetta slæmt fyrir börn, sem eiga fyrir höndum margra áratuga ævi. Mengunin geti veiklað lungu þeirra verulega.

„Það er þekkt að ef skaði verður á lungum þá getur hann magnast í gegnum árin. Vafalaust má tengja mengun ertanleika í lungum, astma og þvíumlíku. Krakkar sem eru útsettir fyrir svona mengun í bernsku geta orðið langtíma lungnaveikir því lengur sem þetta mengunarástand varir,“ segir hann.



**SVIFRYK GETUR VALDIÐ LUNGNAVEIKI** „Krakkar sem eru útsettir fyrir svona mengun í bernsku geta orðið langtíma lungnaveikir,“ segir Björn Árdal, sérfræðingur í ofnæmis- og ónæmissjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mælingar sýna að veruleg svifryksmengun getur myndast í borginni. Björn segir að sé mikil svifryksmengun við leikskóla sé hugsanlega verið að búa í þannig í haginn að börnin verði með viðkvæmar og lélegar lungnapípur og lungnavef til frambúðar. Það geti leitt til krónískra lungnasjúkdóma á fullorðinsárum, lungnaþembu eða langvinnrar berkjubólgu.

„Það segir sig sjálft að þar sem svifryk er í miklu magni gerir það skaða hér á landi eins og annars staðar en við höfum sem betur fer rigningu og rok til að hreinsa loftið,“ segir Björn. Hann telur ástæðu til að hafa hættu á svifryksmengun í huga þegar staðsetning á skólum og leikskólum er valin. Svo sé ástæða til þess að draga úr notkun nagladekkja eftir megni. - ghs

Fjalakötturinn

Ostrur eru lostvekjandi matur

Nýr lostvekjandi 4ra rétta matseðill um helgina. Kr. 6.200,-

Ostrur & lax - Aspas - Dádýr - Súkkulaðikaka

Bókið í síma 514-6060

Fjalakötturinn, Aðalstræti 16, 101 Reykjavik

RainMate frá Rainbow



Enginn filter - Frí heimsending

VERÐ: 12.900

Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki

Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.

Hrein þjónusta ehf

Dalbraut 3, 105 Rvk

567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800


Öskudags-
búningar
verð frá
599 kr
Víkingur
1.499 kr
Hvít norn
1.499 kr
Rauð norn
1.499 kr
Vampíra
599 kr
Scream
1.499 kr
Prinsessa
2.499 kr
Hafmeyja
3.999 kr
Íþróttaálfs sett
3.799 kr
Sollu sett
3.799 kr
Hárkollur
margir litir
1.999 kr
Súperman búningur
2.499 kr
Glimmer litir
399 kr
Tennur
5 teg.
299 kr
Hársprey
margir litir
399 kr
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fræðslufundaröð SPRON



Fræðslufundir SPRON
um fjármál einstaklinga og heimila

Fyrir skemmstu bauð SPRON viðskiptavinum sínum til fræðslufundar um fjármál heimilanna. Nú eru fram undan fundir um sparnað og fjárfestingar, lífeyrismál og skattaskil á Hótel Nordica.

**Sparnaður og fjárfestingar**
*20. febrúar kl. 17–19*

**Lífeyrismál**
*27. febrúar kl. 17–19*

**Skattaskil**
*13. mars kl. 17–19*

Nánari upplýsingar og skráning á **spron.is** eða í þjónustuveri í **síma 550 1400**.

spron

ARGUS 07-0092

Fyrrverandi forstjóri bar vitni í Baugsmálinu um meintar lánveitingar Baugs:

# Ekki lán heldur greiðsludráttur

**BAUGSMÁL** Skilgreiningar sækjanda og sakbornings á lánveitingum voru til umfjöllunar þegar tekin var skýrsla af Tryggva Jónssyni, fyrrverandi forstjóra og aðstoðarforstjóra Baugs, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, en þá hélt aðalmeðferð í Baugsmálinu áfram.

Spurður af Sigurði Tómasi Magnússyni, settum ríkissaksóknara í málinu, hvort Baugur hefði lánað tengdum aðilum fyrir hlutafjárkaupum sagði Tryggvi að ekki hefði verið um eiginleg lán að ræða, heldur fremur að greiðsla hefði dregist.

Tryggvi er annar sakborningurinn sem gefur skýrslu fyrir dómi, en í gær var hann mestmegnis spurður sem vitni út í fyrsta hluta ákærunnar, þar sem aðeins Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, er ákærður fyrir ólögmætar lánveitingar úr Baugi.

Tryggvi sagði að almennt hefði ekki verið um bein lán að ræða, ekki hefðu verið gerðir skriflegir samningar um að lána Fjárfestingarfélaginu Gaumi, fjölskyldufyrirtæki Jóns Ásgeirs, Fjárfari eða Kristínu Jóhannesdóttur, systur Jóns Ásgeirs, peninga sem þeim hefði verið frjálst að ráðstafa. Öll lánin hefðu verið viðskiptalán, til þess ætluð að greiða fyrir ákveðin viðskipti. **- bj**



**FYRIR DÓMI** Tryggvi Jónsson (til hægri) ræðir við verjanda sinn, Jakob Möller, áður en hann steig í vitnastúkuna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

BAUGS MÁLIÐ

## BAUGSMÁLIÐ Á MÁNUDAG

Tryggvi Jónsson mun halda áfram að gefa skýrslu fyrir dómi á mánudag, en þá verður byrjað að fjalla um einstaka ákæruliði þar sem hann er sjálfur meðal ákærðu.

## ORÐRÉTT



*„Baugur er þar sem hjartað lá.“*
Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri Baugs, svaraði því hvers vegna hann notaði orðið „við“ þegar hann átti við Baug.



*„Hann er nú alveg að gufa upp.“*
Sigurður Tómas Magnússon, sækjandi í málinu, svaraði spurningu dómara um það hversu mikið hefði verið eftir af spurningum um ákærulið 6 þegar fór að nálgast hádegishlé. Ekki varð betur séð en að þessi orð vektu sérstaka ánægju hjá verjendum þótt þeir hafi kannski lagt full nákvæmlega út af orðum sækjandans.



*„Ég veit ekki hvað ég meina.“*
Sigurður Tómas Magnússon, saksóknari í málinu, sló á létta strengi við dómara þegar hann spurði hvort sækjandinn hefði ekki verið að meina lán í sama skilningi og lagður er í orðið í ákæru.



*„Dómari, er ekki rétt að gera smá hlé?“*
Gesti Jónssyni, verjanda Jóns Ásgeirs, var greinilega skemmt þegar hann reyndi að losa skikkju Jakobs Möller, verjanda Tryggva Jónssonar, sem hann hafði fest í hjólunum á skrifborðsstóli sínum.



*„Það er gult og mjög fallegt, með mynd af bleiku svíni framan á.“*
Tryggvi Jónsson lýsti Sparikortinu, sérstöku greiðslukorti sem Bónus, sem tók almennt ekki greiðslukort, átti þátt í að gefa út fyrir síðustu aldamót, en kortið var eingöngu hægt að nota í verslunum Bónuss.



*„Þú hefur svarað svo greiðlega, þetta hefur gengið svo vel.“*
Sigurður Tómas sá fram á að ná að komast aftur á fyrirfram ákveðna tímaáætlun þrátt fyrir miklar tafir við skýrslutökur hingað til vegna þess hversu hratt gekk að spyrja Tyggva Jónsson í gær.



**Hönnun / / Vefumsjón / / Vefhönnun / / Margmiðlun / / Verkefnastjórnun og Skipulagning / / Grafísk Hönnun / / Upplýsingatækni Þróun & Ráðgjöf / / Markaðsfræði / / Hljóð- og Myndvinnsla / / Farsímatækni**

KØBENHAVNS TEKNISKE SKOLE

- **Sunnudaginn 18 febrúar n.k. í Iðuhúsinu við Lækjargötu klukkan 16:00**

Sunnudaginn 18. Febrúar n.k. munu fulltrúar frá Københavns Tekniske Skole í Kaupmannahöfn kynna nám í margmiðlunarhönnun á háskólastigi við skólann í Iðuhúsinu við Lækjargötu í Reykjavík. Kynningin fer fram salnum Nýja Bíó á 4. hæð og hefst klukkan 16:00. Gengið er inn um aðalinngang.

Boðið verður upp á kaffi fyrir gesti og gangandi.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma: 0045 2743 5432 eða með því að senda póst á netfangið: jon.jakobsson@gmail.com






*Skv. könnun IMG Gallup feb-mars 2006 Fíton/SÍA - Svenni Speight

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.310 **-0,02%** **Fjöldi viðskipta:** 840 **Velta:** 7.100 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atorka** | +2,82% | **Teymi** | -2,42% |
| **FL Group** | +1,59% | **365** | -1,52% |
| **Exista** | +0,72% | **Bakkavör** | -1,50% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,90 -1,52% ... Actavis 69,20 -0,29% ... Alfesca 4,80 +0,00% ... Atlantic Petroleum 620,00 +0,00% ... Atorka 6,94 +2,82% ... Bakkavör 65,90 -1,5% ... Eimskipafélagið 33,70 +0,30% ... FL Group 31,90 +1,59% ... Glitnir 26,40 -0,75% ... Kaupþing 988,00 +0,31% ... Landsbankinn 31,40 -0,32% ... Marel 74,50 -0,67% ... Mosaic Fashions 14,20 -0,70% ... Straumur-Burðarás 20,10 +0,50% ... Össur 117,50 -0,84%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Landsbanki og Landsvirkjun í samstarf

**Stofnað var í gær félagið HydroKraft Invest um fjárfestingar í endurnýjanlegri orkuvinnslu.**

Landsbankinn og Landsvirkjun hafa stofnað saman alþjóðlega fjárfestingarfélagið HydroKraft Invest sem ætlað er að fjárfesta á erlendri grundu í verkefnum sem tengjast endurnýjanlegri orkuvinnslu. Sérstök áhersla er lögð á vatnsafl. Skrifað var undir samning um stofnun félagsins í gær.

Landsbankinn og Landsvirkjun leggja til tvo milljarða króna í hlutafé hvort. Þá stendur til að safna hér hlutafé og sölutryggir Landsbankinn hlutafé fyrir einn milljarð króna til viðbótar. Í kjölfarið er ráðgert að skrá HydroKraft Invest á erlendan hlutabréfamarkað.

Félagið er af svipuðum meiði og Geysir Green Energy sem Glitnir, FL Group og verkfræðistofan VGK hönnun stofnuðu í byrjun janúar, en þar er áhersla lögð á jarðvarma.



**TAKA HÖNDUM SAMAN** Sigurjón Þ. Árnason og Björgólfur Guðmundsson úr Landsbankanum og Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Friðrik Sophusson hjá Landsvirkjun takast í hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar, upplýsti að Landsbankamenn hefðu komið á fund þeirra í Landsvirkjun fyrir rúmri viku. „Og drög voru lögð að því sem nú er verið að undirrita,“ sagði hann. Björgólfur Guðmundsson segir hugmyndina hafa kviknað í haust og unnið hafi verið að undirbúningi síðan þá. Björgólfur og Jóhannes skrifuðu í gær undir samninginn um stofnun félagsins, ásamt þeim Sigurjóni Þ. Árnasyni, bankastjóra Landsbankans, og Friðriki Sophussyni, forstjóra Landsvirkjunar.

HydroKraft Invest er ætlað að leiða umbótaverkefni á sviði orkumála erlendis, einkum í Evrópu. Áhersla verður lögð á tæknilegar og rekstrarlegar endurbætur á eldri vatnsaflsvirkjunum. - óká

## MARKAÐSPUNKTAR

Tæplega tvö þúsund starfsmenn írska flugfélagsins Aer Lingus eru fylgjandi því að grípa til aðgerða, meðal annars með því að leggja niður störf, til að mótmæla grimmum niðurskurði. Stjórn flugfélagsins hefur lagt fram niðurskurðaráform til að lækka rekstrarkostnað og bæta afkomuna. Nokkur styr hefur staðið um breytingar í rekstri flugfélagsins. Starfsmönnum hefur meðal annars verið boðið að endurnýja samninga sína, en nýir samningar eru sagðir verri kostur en núverandi samningar. Aer Lingus var að mestu í eigu írska ríkisins þar til síðastliðið haust þegar það var einkavætt að mestu.



**VÉL AER LINGUS** Stór hluti starfsmanna írska flugfélagsins Aer Lingus er fylgjandi aðgerðum til að mótmæla hagræðingu í rekstri flugfélagsins.

Mikil aukning varð á framboði á fiskmörkuðum landsins í síðustu viku og vakti athygli að þorskur hafði sætaskipti við ýsuna, sem hefur í lengri tíma trónað í efsta sæti sem mest selda fisktegundin. Í boði voru rúm 3.164 tonn samanborið við 1.790 tonn í vikunni á undan en aukningin nemur 77 prósentum á milli vikna. Meðalverðið lækkaði á sama tíma úr 170,59 krónum á kíló í 159,69 krónur og nemur lækkunin 6 prósentum, samkvæmt heimildum skipa.is, vefs Fiskifrétta.

# Raunávöxtun LN 8,6 prósent

Tryggingardeild Lífeyrissjóðs Norðurlands skilaði 8,6 prósenta raunávöxtun á síðasta ári. Nafnávöxtun var 16,2 prósent. Afkoma sjóðsins skýrist fyrst og fremst af hækkun á erlendum eignum, aðallega hlutabréfum. Erlendir markaðir sýndu góða ávöxtun á síðasta ári og því til viðbótar lækkaði gengi krónunnar.

Þá varð ágæt ávöxtun á tveimur söfnun í séreignadeild sjóðsins; Safn 1 skilaði 20 prósenta ávöxtun en Safn II 22 prósentum.

Eignir LN námu 56,4 milljörðum í árslok og hækkuðu um 8,9 milljarða króna á milli ára sem er um 18,7 prósenta hækkun. - eþa

# Hagnaður TM dróst saman um 90 prósent

**Eignir tvöfölduðust en ennþá er tap af tryggingastarfseminni. Hagnaður síðasta árs nam 696 milljónum króna. Lögð er til arðgreiðsla upp á milljarð.**

Tryggingamiðstöðin (TM) skilaði 696 milljóna króna hagnaði árið 2006 samanborið við um 7,2 milljarða króna hagnað árið áður. Þetta er níutíu prósenta samdráttur sem skýrist af því að félagið naut ekki mikilla gengishækkana á eignarhlut þess í Landsbankanum eins og raunin varð árið 2005.

Fjárfestingatekjur voru 4.808 milljónir króna og drógust saman um 37,6 prósent.

Á fjórða ársfjórðungi nam hagnaður félagsins 232 milljónum króna sem var heldur undir meðaltalsspám greiningardeilda, upp á 389 milljónir króna.

TM óx gríðarlega á síðasta ári með kaupum á norska tryggingafélaginu Nemi og hækkuðu eignir félagsins úr 30,8 milljörðum í 69,4 milljarða. Bókfærð iðgjöld samstæðunnar jukust um 61 prósent og voru 9.682 milljónir. Tekjur af iðgjöldum á Íslandi jukust um 21 prósent og voru 7.282 milljónir.

Rekstrartap varð af vátryggingastarfsemi sem nam 358 milljónum króna í fyrra en í tilkynningu frá félaginu segir að tjónaþróun á frjálsum ökutækjatryggingum, sem voru reknar með miklu tapi, og slysatryggingar sjómanna séu áhyggjuefni. Á fjórða ársfjórðungi var tap af vátryggingastarfsemi upp á 183 milljónir króna. Brugðið var á það ráð að hækka iðgjöld og auka forvarnastarf til að bregðast við þessari þróun.



**TM** Hagnaður dróst verulega saman á milli ára.

Lagt er til að hluthafar fái samtals einn milljarð króna í arð fyrir árið 2006 en það er allur hagnaður ársins og gott betur. - eþa




HÚSGÖGN FRÁ VARNARLIÐINU
TIL STYRKTAR ÞROSKAHJÁLP
ÞROSKAHJÁLP Á SUÐURNESJUM Á TOMBÓLUVERÐI ÞROSKAHJÁLP Á SUÐURNESJUM
SMIÐJUVÖLLUM 3 • REYKJANESBÆ, VIÐ HLIÐINA Á HÚSASMIÐJUNNI
OPIÐ LAUGARDAG MILLI KL. 10:00 OG 16:00 – SUNNUDAG MILLI KL. 13:00 OG 16:00




Hver er staðan
á mér í dag?
NETDREIFING KAUPÞINGS
NÝTT!
„Ég stýri mínum fjármálum sjálf með **Netdreifingu**
í netbanka Kaupþings og veit því alltaf hvernig ég
stend. Ég borga alltaf sömu upphæð í hverjum mánuði
og spara þjónustu- og vaxtagjöld í leiðinni.“*
Kynntu þér málið á kaupthing.is eða
í þjónustuveri bankans í síma 444 7000.
KAUPÞING
Hugsum lengra
ENNEMM / SÍA / NM25512
*Netdreifingin er með hærri innlánsvexti og lægri yfirdráttarvexti en hefðbundin útgjaldadreifing. Auk þess er ekkert stofngjald, mánaðargjald, endurnýjunargjald eða breytingargjald.

### Kjarni málsins

> Fjöldi barna á leikskólum með erlent móðurmál árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun
*nám, fróðleikur og vísindi*

KENNARINN: LEIFUR GEIR HAFSTEINSSON, LEKTOR VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK

## Rannsaka áhrif feðraorlofs

„Undanfarin misseri hef ég kennt mannauðsstjórnun og aðferðafræði en þessa önnina er ég í fríi frá kennsu vegna þess að ég er að vinna að rannsóknum," segir Leifur Geir Hafsteinsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Á dögunum hlotnaðist Leifi, ásamt öðrum, styrkur úr jafnréttissjóði vegna fyrirhugaðrar rannsóknar. „Þetta er ansi spennandi rannsókn þar sem við komum til með að skoða feður og feðraorlof. Auður Arna Arnardóttir er verkefnisstjóri rannsóknarinnar og ég vinn þetta með henni og Sturlu Jóhanni Hreinssyni auk þess sem tveir nemendur leggja okkur lið," segir Leifur.

„Það sem við höfum mestan áhuga á að skoða er það hvort það að fara í feðraorlof hafi áhrif á ýmsa þætti eins og jafnvægi milli vinnu og einkalífs og jafnvægi á heimilinu. Jafnvægi milli heimilis og einkalífs getur birst í togstreitu í aðra hvora áttina eins og þegar vinnan truflar einkalífið eða öfugt. Við ætlum að skoða hluti eins og hvort feður, sem hafa verið heima með börnunum sínum, öðlist dýpri skilning á þörfum barnanna og því sem felst í heimilishaldi. Ef svo er gæti það valdið aukinni togstreitu milli heimilis og vinnu þegar þessir menn fara aftur út á vinnumarkaðinn," segir Leifur. Spurningalistar verða lagðir fyrir nokkra karlmenn sem eignuðust börn eftir 2004 þegar ný lög um fæðingarorlof tóku gildi. Að auki verða lagðar spurningar fyrir maka þessara manna til þess að heyra hvaða sögu konurnar hafa að segja.



„Rannsóknin er enn á algjöru frumstigi. Við erum að undirbúa spurningalistana og úrtakið og vinna ýmiss konar undirbúningsvinnu," segir Leifur, sem vonast til þess að gögnin liggi fyrir síðar á árinu. „Þetta er afar forvitnileg rannsókn. Jafnréttislög voru sett á sínum tíma til að auka jafnrétti og fæðingarorlof karla var hluti af því. Það er því spennandi að sjá hvaða þýðingu það hefur þegar karlar taka orlof," segir Leifur.

**Fyrirlestrar**

### Undur veraldar



Fyrirlestraröð raunvísindadeildar Háskóla Íslands stendur nú fyrir fyrirlestraröð undir heitinu Undur veraldar. Fyrirlestrarnir eru haldnir í tilefni árs jarðarinnar 2008.

Fyrsti fyrirlesturinn verður haldinn í dag þegar Ólafur Ingólfsson flytur erindi sitt; Funheitt gróðurhús eða brunagaddur ísaldar? – veðurfarssaga jarðar síðustu 650 milljón ára.

Fyrirlesturinn verður haldinn í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, sal 132 og hefst klukkan 14.

**Styrkir**

### Rannsóknarsjóður styrkir nýdoktara

Vísindanefnd háskólaráðs auglýsir nú styrki sem ætlaðir eru nýdoktorum (post-docs) í starfi við Háskóla Íslands. Til nýdoktora teljast þeir sem lokið hafa doktorsverkefni síðastliðin fimm ár.

Styrkhæfir eru nýdoktorar sem eru verkefnaráðnir tímabundið til að leggja stund á rannsóknir við Háskóla Íslands eða stofnanir í tengslum við hann. Hver styrkur verður að hámarki 300 þúsund krónur.

Umsóknarfrestur er til 1. mars. Nánari upplýsingar veitir Sverrir Guðmundsson: sverrirg@hi.is.

**Styrkir**

### Rannsóknaverkefni um þróunarsamvinnu

Þróunarsamvinnustofnun auglýsir nú rannsóknarstyrki til meistara- og doktorsnáms á starfssviði stofnunarinnar. Að þessu sinni verða veittir tveir styrkir til doktorsnáms og tveir til meistaranáms.

Rannsóknaverkefni skulu tengjast þróunarsamvinnu á sviðum sjávarútvegs, jarðhita, fullorðinsfræðslu, heilbrigðismála, vatns- og hreinlætismála, uppbyggingu náms á háskólasviði eða stefnu og straumum í þróunarsamvinnu. Nánari upplýsingar fást hjá Rannsóknaþjónustu Háskólans og Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Umsóknarfrestur rennur út 16. mars.

# Breytingar á námsskipan hjá Kennaraháskólanum

**Nám við Kennaraháskóla Íslands hefur verið í endurskoðun undanfarin misseri. Í dag opnar menntamálaráðherra nýja náms- og kennsluskrá og tekur þá formlega gildi ný námsskipan við skólann.**



**ÓLAFUR PROPPÉ** Rektor telur að ekki sé langt í að kennaranámið verði lögbundið fimm ára nám. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þessi nýja nám- og kennsluskrá hefur verið í undirbúningi í rúm tvö ár," segir Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskólans. „Skólinn er orðin býsna stór og flókin stofnun, við erum með um 2.400 nemendur og námsleiðunum fer fjölgandi svo það var kominn tími til að endurskoða námið," segir Ólafur en í Kennaraháskólanum er boðið upp á grunnnám til BA-, BS- og B.Ed.-náms, auk námsleiða á meistarastigi og doktorsnám.

„Nám þeirra fagstétta sem skólinn menntar hefur í grunninn verið þrjú ár, en mikill hluti okkar nemenda kýs að bæta við sig framhaldsnámi áður en þeir hefja störf. Fram til þessa höfum við gert þær kröfur varðandi framhaldsnámið að umsækjendur hafi að minnsta kosti tveggja ára starfsreynslu. Með breytingunum núna verður hins vegar mögulegt að fara beint í framhaldsnámið eftir grunnnám. Það er stærsta breytingin," segir Ólafur og útskýrir að þessar breytingar séu í raun undanfari þess að lengja kennara- og þroskaþjálfanámið í fimm ár. „Við teljum að grunnnámið sé of stutt og vonumst til þess að innan fárra ára verði fimm ára nám lögbundið þannig að kennarar og þroskaþjálfar útskrifist með meistarapróf."

Samhliða þessum breytingum hefur kennsluskrá skólans verið stokkuð upp frá grunni. Námskeiðin hafa verið stækkuð og námsbrautum fækkað niður í fjórar en námsleiðum fjölgað. „Þetta er í raun bara hagræðing. Nú setjum við til dæmis allt kennaranámið undir eina braut, svokallaða kennarabraut, sem verður stærsta námsbrautin við skólann," segir Ólafur. Með nýju kennsluskránni verður einnig búið til tvenns konar framhaldsnám. Þeir sem lokið hafa B.Ed.-, BA-, eða BS-námi geta annaðhvort bætt við sig starfstengdu M.Ed.-námi, sem Ólafur vonast til að verði hluti af lögbundnu fimm ára grunnnámi sem fyrst, eða rannsóknartengdu MA- eða MS-námi. Í framhaldi af þessu verður einnig í boði tvenns konar doktorsnám við skólann. Annars vegar til starfstengdrar Ed.D-gráðu og hins vegar rannsóknartengdrar Ph.d.-gráðu í menntunarfræðum.

Nýja námsskipanin verður kynnt við athöfn í Kennaraháskólanum í dag og ný námskrá tekur gildi í haust. Að sögn Ólafs mun hún gilda fyrir nemendur sem hefja nám við skólann næsta haust.

Breytingarnar koma ekki í veg fyrir að Kennaraháskólinn sameinist Háskóla Íslands eins og rætt hefur verið um undanfarið. „Ég geri fastlega ráð fyrir að samruninn verði að veruleika árið 2008. Það er rökrétt framhald og þessi nýja námskrá er í takt við það sem verið hefur að gerast í Háskóla Íslands undanfarið. Kennaraháskólinn verður 100 ára á þessu ári svo við náum að starfa í heila öld áður en við sameinumst háskólanum," segir Ólafur. „Ætli megi því ekki líta á nýju námskrána sem afmælisgjöf okkar til þjóðarinnar og tákn um nýja tíma."

thorgunnur@frettabladid.is






Átta háskólar kynna námsframboð sitt á þremur stöðum í bænum:

# Háskóladagurinn í dag

Íslenskir háskólar standa að sameiginlegri kynningu á starfsemi sinni á háskóladeginum í dag en þetta er í fyrsta sinn sem allir háskólar landsins taka þátt í sameiginlegri kynningu.

Þetta er hugsað til hagræðingar fyrir almenning, sérstaklega fólk úti á landi sem getur skoðað allt úrvalið á sama deginum.

Skólarnir verða á þremur stöðum í bænum.

Í Borgarleikhúsinu verða sex skólar. Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Hólaskóli – háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands.





# Er öldrun úreld
# í nútímasamfélagi?

9001910192019301940195019601970198019902000201020202030204

## Ráðstefna um ný viðhorf og róttæka stefnumótun í málefnum aldraðra, haldin í Háskólanum í Reykjavík 22. & 23. feb. 2007

Reykjavíkurborg, Háskólinn í Reykjavík og Álaborgarháskóli
standa fyrir ráðstefnu um öldrun, rannsóknir, viðhorf, tækifæri og stefnumótun

## Dagskrá:

### Fimmtudagur 22. febrúar: Niðurstöður vísindarannsókna → Nýjar forsendur

**08.30** Skráning
**09.00** **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson,** borgarstjóri:
*Setning ráðstefnunnar*
**09.10** **Elhanan Goldberg,** prófessor í taugafræði við New York University School of Medicine og framkv.stjóri við Institute of Neuropsychology and Cognitive Performance, New York:
*Kosturinn við að eldast: Máttur hins þroskaða heila*
**10.00** Kaffihlé
**10.20** **Lawrence J. Whalley,** prófessor í geðheilbrigðisfræðum við háskólann í Aberdeen:
*Öldrun er ekki lengur sjálfgefin*
**11.10** **Einar B. Baldursson,** dósent í vinnusálfræði við Álaborgarháskóla:
*Seinkun öldrunar – Að njóta ágóðans*
**11.40** **Ásgeir R. Helgason,** dósent í sálfræði við Karolinska Institutet í Svíþjóð og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, *stýrir umræðum*
**12.00** Lok fyrri hluta ráðstefnunnar

*Ath: Á fimmtudeginum fara fyrirlestrar og umræður fram á ensku.*

### Föstudagur 23. febrúar: Nýjar forsendur → Ný tækifæri

**08.30** Skráning
**09.00** **Benedikt Jóhannesson,** framkvæmdastjóri Talnakönnunar:
*Tekjur, skattar og lífeyrismál:*
*Koma aldraðir inn á vinnumarkaðinn af nýjum krafti?*
**09.30** **Einar B. Baldursson,** dósent við Álaborgarháskóla:
*Ný sýn:*
*Öflugt fólk á besta aldri*
*Samspil öldrunar, heilbrigðiskerfis og vinnumarkaðar*
**10.10** Kaffihlé
**10.30** **Guðlaugur Þór Þórðarson,** alþingismaður:
*Stefnumótun og framtíðarsýn í málefnum aldraðra*
**10.40** **Jórunn Frímannsdóttir,** formaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar:
*Stefna Reykjavíkurborgar: Tækifærin framundan*
**10.50** **Þór Sigfússon,** forstjóri Sjóvár-Almennra:
*Framtíðarsýn tryggingafélags um þjónustu við aldraða*
**11.05** **Björn Leifsson,** World Class:
*Andleg og líkamleg heilsurækt þeirra sem vilja taka ábyrgð sjálfum sér fram eftir öllum aldri*
**11.20** **Margrét Margeirsdóttir,** formaður Félags eldri borgara í Reykjavík:
*Fullorðnun nútímasamfélagsins - hvað þarf að breytast?*
**11.35** **Guðfinna S. Bjarnadóttir,** ráðstefnustjóri, *samantekt*
**12.00** Ráðstefnulok.

**Skráning hjá Guðrúnu Elvu**
*í síma 599-6310 eða á netfanginu*
*gudrunej@ru.is*
*Ráðstefnugjald 2.000 kr.*
*Kaffiveitingar innifaldar.*

Bakhjarlar:

FL GROUP

actavis

MILESTONE

AALBORG UNIVERSITET

Reykjavíkurborg

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

EFLIR almannatengsl

ENNEMM / SÍA / NM26064




# Og þú ert á gestalista!

**Isuzu D-MAX allur þar sem hann er séður á Sævarhöfða um helgina!**

Misstu ekki af frumsýningunni á hinum einstaka **Isuzu D-MAX**, nýja pallbílnum sem hefur slegið í gegn hvarvetna. Hann er fullur af orku, lipur og liðugur, sparneytinn og skemmtilegur í akstri, hlaðinn aukabúnaði og miklu ódýrari en sambærilegir pallbílar. D-MAX er frumsýndur í Sævarhöfða nú um helgina en einnig má reynsluaka þessu töfratæki á sölustöðum á Akureyri og í Njarðvík.

Sjálfskiptur **2.790.000 kr.**

Beinskiptur **2.690.000 kr.**



**Breyttur á frábæru verði!!!**

Sýnum einnig D-MAX með framúrskarandi **35” breytingum frá Arctic Trucks** sem er á sambærilegu verði og óbreyttur Hi-Lux. Kíktu á þennan! Alvöru breyttur pallbíll á frábæru verði! **Verð aðeins 3.440.000 kr.***

* Hús á palli er ekki innifalið í verði

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is




| Vél og afköst | D-Max | Hi-Lux |
|---|---|---|
| Gerð | 3.0 | 3.0 |
| Ventlakerfi | 16 ventla DOCH | 16 ventla DOCH |
| Stimpilstærð | 95,4 x 87,4 | 96,0 x 103,0 |
| Slagrými | 2999cc | 2982cc |
| Hámarksafköst (hö/snm) | 163/3600 | 171/3600 |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1800 - 3600 | 343/1400 - 3400 |
| Dráttargeta | 3 tonn | 2,2 tonn |
| **Staðalbúnaður** | | |
| Cruise control | já | nei |
| Loftkæling | já handvirk | nei |
| 12 V aukatengi | 1 stk | nei |
| Aksturstölva | já | nei |
| Halogen framljós | já | nei |
| ABS | já | já |
| EBD | já | nei |
| Mismunadrif | já | já |
| Hátt og lágt drif | já | já |
| Loftpúðar | 2 stk | 2 stk |
| Hátalarar | 6 stk | 4 stk |
| Samlitir stuðarar | já | já |
| Þokuljós | já | nei |
| Felgur | 16" álfelgur | 15" álfelgur |
| **Framleiðsluland** | **Thailand** | **Afríka** |
| **Verð sjálfskiptur** | **2.790.000 kr.** | **3.380.000 kr.** |

# Gerðu samanburð!

Þetta er hreinræktað burst!!! D-MAX burstar Hi-Lux strax í undanúrslitunum! Og síðan kemur verðið!!! >>>







### Ný díselvél með millikæli

Háþróuð tækni eins og millikælir og VGS (Variable Geometry System) skilar 13% betri eldsneytisnýtingu, meiri krafti og minni hávaða og minni útblæstri. Nýja díselvélin sem er hljóðlátari en nokkru sinni fyrr og **eyðir aðeins 6,5-9,4l/100.**

### Rúmgóður og þægilegur

Innviðir **ISUZU D-MAX** vekja jafnvel enn meiri gleði en ytra byrðið. Hann er einstaklega rúmgóður og ný hönnun á glæsilegu mælaborði með raflýstum mælum og nýjum og notkunarvænum bílstjórasætum færa innra rýmið upp í nýja vídd hvað varðar þægindi.

### Innbyggt öryggi

Dúal SRS loftpúðar í framsætum minnka hættu bílstjóra og farþega komi til árekstrar, einkum þegar þeir eru notaðir með þriggja punkta ELR sætisbeltunum. Framljósin eru með Slipsod kerfi sem eykur lýsingu og lengir sjónsviðið og eykur þannig enn öryggi bílstjóra.

**>>> Sýningin er opin á laugardag frá kl. 12.00 - 16.00 og sunnudag frá kl. 13.00 - 16.00 <<<**

# Lýðheilsurannsóknir á heimsmælikvarða

**Lýðheilsuvísindi eru vísindagrein sem gegnir stöðugt mikilvægara hlutverki í nútímasamfélagi. Innan hennar leita menn svara við mikilvægum spurningum svo sem: Hvernig er heilsan? Af hverju líður okkur svona? Hvernig getur okkur liðið betur? Í gær hleypti Háskóli Íslands af stokkunum sérstakri miðstöð í lýðheilsuvísindum sem býður upp á nám og rannsóknir á þessu sviði.**



FORSTÖÐUMAÐUR NÝRRAR MIÐSTÖÐVAR Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM Unnur Anna Valdimarsdóttir, doktor í sálfræði, veitir þessari nýju miðstöð forstöðu. Meðal annars mun námið byggjast á samstarfi við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir, til dæmis við Karolinska Institutet í Stokkhólmi og verið er að vinna að samningum við faraldsfræðideild Harvard School of Public Health í Boston og University of Minnesota. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forstöðumaður og dósent við hina nýju miðstöð í lýðheilsuvísindum er dr. Unnur A. Valdimarsdóttir og að hennar sögn verður þar boðið upp á þverfræðilegt meistara- og doktorsnám frá og með næsta hausti. „Markmið er að nemendur í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands fái tækifæri til að vinna að rannsóknum á heimsmælikvarða og geti birt niðurstöður sínar í virtustu rannsóknartímaritum heims á þessu sviði.“

Gert er ráð fyrir að um tuttugu meistaraprófsnemar stundi nám og rannsóknir við miðstöðina árlega og þar verði jafnframt fimm til sex doktorsnemar að staðaldri.

### Undirstaða forvarna og heilsueflingar

Unnur segir að með markvissum rannsóknaraðferðum geti lýðheilsuvísindin fundið áhrifavalda heilbrigðis og þannig skapað þekkingargrunn sem nauðsynlegur sé til stefnumótunar forvarna og heilsueflingar. „Hugtakið lýðheilsuvísindi felur í raun í sér vísindastarf, stjórnmál og forvarnir,“ segir hún.

Með því á hún við að sjálft námið og þær rannsóknir sem nemar vinna að snúist um að skapa þekkingu um lýðheilsu og hvað hefur áhrif á almennt heilsufar fólks. „Stjórnmálamenn og aðrir sem vinna að stefnumótun heilsuverndar taka síðan ákvarðanir í ljósi þessarar þekkingar um hugsanlegar forvarnir.“

Sem dæmi um slíkt ferli nefnir Unnur að rannsóknaraðferðir lýðheilsuvísinda leiddu meðal annars til þess að skaðsemi reykinga var uppgötvuð fyrir einum fimmtíu árum; enn fremur tókst að draga verulega úr tíðni vöggudauða á tíunda áratug síðustu aldar með einfaldri lýðheilsuherferð: „Back to sleep!“ („Barn skal sofa á bakinu!“).

### Fyrsta doktorsverkefnið hafið

Rannsóknarstarf við miðstöðina verður meðal annars unnið í samvinnu við opinberar stofnanir hérlendis, sem í gegnum tíðina hafa safnað gögnum um heilsufar Íslendinga. „Við erum í viðræðum við stofnanir á borð við Hjartavernd, Krabbameinsfélagið, Vinnueftirlitið og Lýðheilsustöð en við höfum þegar gengið frá slíkum samningum við Landlæknisembættið en þar eru til að mynda margvísleg gögn um sjúkrahúsvist og lyfjanotkun Íslendinga,“ segir Unnur.

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

Upp úr þessum gögnum vonast hún til að nemendur geti síðan unnið vísindarannsóknir, bæði doktors- og meistaranámsverkefni eins og gert er í nágrannalöndunum. „Og það er gaman að segja frá því að fyrsta doktorsverkefnið af þessum toga er þegar komið af stað hjá okkur en það er rannsókn byggð á lyfjagagnagrunninum um geðlyfjanotkun barna og unglinga, áhrifaþáttum hennar og afleiðingum. Þetta er dæmi um verkefni sem við komum til með að vinna.“

### Umhverfisógnir og breyttur lífsstíll

Og Unnur nefnir ýmis önnur dæmi um verkefni sem nauðsynlegt er að vinna og fá svör við margvíslegum spurningum þeim tengdum. „Tækniþróun samfélagsins tekur örum breytingum, nýjar umhverfisógnir steðja að okkur, breyttur lífsstíll og öldrun þjóðarinnar eru þættir sem kalla á ný svör við því hvernig hægt er að viðhalda heilsu og lífsgæðum þjóðarinnar. Hver eru til dæmis áhrif aukinnar kyrrsetu barna og rítalínsnotkunar á heilsu þeirra á fullorðinsárum? Veldur svifrykið okkur óbætanlegum skaða og hvernig viðhöldum við lífsgæðum í ellinni? Aukin tíðni sjúkdóma og örorku krefst þess einnig að við leitum svara við því hvað veldur og hvernig hægt sé að bæta líf þessa fólks svo það geti aftur tekið virkan þátt í samfélaginu.“

### Samstarf við erlenda skóla

Auk samstarfssamninga við stofnanir mun nám í lýðheilsuvísindum byggjast á góðu samstarfi við erlenda háskóla og rannsóknarstofnanir. Þannig hefur að sögn Unnar þegar verið gengið frá viljayfirlýsingu um samvinnu við Karolinska Institutet í Stokkhólmi og samningar við faraldsfræðideild Harvard School of Public Health í Boston og University of Minnesota eru í smíðum. „Samningurinn við minn gamla vinnustað Karolinska snýst um að hann verður okkur innan handar við mótun námsins, við fáum þaðan gestaprófessora og nemendum hér býðst að fara þangað út til að taka námskeið sem ekki verður hægt að taka hér heima. Og við vonumst til að ganga frá sams konar samningum við hina skólana og kannski fleiri innan tíðar.“

### Áhersla á hina vísindalegu aðferð

Við undirbúning þessarar nýju námsbrautar segir Unnur að mikil áhersla hafi verið lögð á að námið yrði þverfræðilegt. Markmiðið er að það verði vettvangur fagfólks með fjölbreyttan fræðabakgrunn

> Hugtakið lýðheilsuvísindi felur í raun í sér vísindastarf, stjórnmál og forvarnir.
>
> UNNUR A. VALDIMARSDÓTTIR FORSTÖÐUMAÐUR MIÐSTÖÐVAR Í LÝÐHEILSUVÍSINDUM

sem vill nema fyrsta flokks rannsóknaraðferðir til að svara spurningum úr lífi sínu og starfi. „Við viljum að þetta nám verði öllum aðgengilegt, sama hvaða menntunarbakgrunn fólk hefur. Þess vegna er námið skipulagt af fulltrúum frá öllum deildum Háskólans og í raun geta nemendur útskrifast með meistaragráðu eða doktorsgráðu í lýðheilsuvísindum frá hvaða deild háskólans sem er.“

Hún nefnir enn fremur að námið verði fyrst og fremst bundið við vísindastarf. „Kjarninn verður verklag í vísindum, aðferðafræði og hin vísindalega aðferð. Við munum leggja mikla áherslu á að rannsóknir okkar verði eins vel úr garði gerðar og nokkur kostur er.“

### Samvinna vísinda og atvinnulífs

Unnur segist þegar hafa orðið vör við mikinn áhuga á þessari nýju námsbraut og á aðallega von á tvenns konar nemendum í námið. „Annars vegar þeim sem koma frá hinum ýmsu stofnunum samfélagsins og vilja auka við þekkingu sína, eru hugsanlega að safna gögnum og vilja nota þau í verkefnum sínum. Síðan á ég líka von á nemum sem vilja nema aðferðafræði og lýðheilsuvísindi sem slík.“

Þessum nemum er ætlunin að bjóða upp á að vinna úr gögnum til dæmis frá landlæknisembættinu og embættið fær í staðinn skýrslur og niðurstöður rannsókna sem það getur síðan notað til að gefa stjórnvöldum ráð um aðgerðir á sviði lýðheilsu.

„Ég tel að námsbraut sem þessi geti orðið dæmi um góða samvinnu milli vísinda og atvinnulífs og held að þetta sé mjög hagnýtt nám fyrir þá sem vilja taka þátt í stefnumótun forvarna og heilsuverndar,“ segir Unnur A. Valdimarsdóttir, dósent og forstöðumaður miðstöðvar í lýðheilsufræðum við Háskóla Íslands.

ssal@frettabladid.is

## VÍSINDAMAÐURINN

Unnur Anna Valdimarsdóttir er fædd í Ólafsfirði árið 1972 og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1992. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá félagsvísindadeild Háskóla Íslands árið 1996 en hélt að því loknu til Svíþjóðar þar sem hún lagði stund á framhaldsnám við Karolinska Institutet í Stokkhólmi.

Hóf doktorsnám við Karolinska árið 1998 og lauk því árið 2003. Doktorsrannsókn hennar, The loss of a husband to cancer, additional and avoidable psychological traumata, fjallaði einkum um þau áhrif sem streita vegna alvarlegra áfalla svo sem ástvinamissis, getur haft á heilsu fólks, sálfræðilegar og líkamlegar afleiðingar slíkra áfalla.

Að doktorsnámi loknu hóf dr. Unnur störf við faraldsfræðideild Karolinska hvort tveggja á sviði kennslu og vísindarannsókna. Hún var síðan ráðin dósent og forstöðumaður Miðstöðvar Háskóla Íslands í lýðheilsufræði (Centre of Public Health Sciences) í byrjun þessa árs.

Unnur er gift Pétri Hafliða Marteinssyni og eiga þau eina dóttur, Lilju Hugrúnu.

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar


NÝR BMW X5
www.bmw.is
Sheer
Driving Pleasure
BMW X5
NÝR BMW X5
Við frumsýnum hann ekki alveg strax...
...en það gæti borgað sig að koma við hjá okkur í dag
Verð frá kr. 6.550.000
B&L
Með bílinn handa þér
B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - www.bl.is

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Bæta þarf meðferð og eftirlit með kynferðisbrotamönnum.

## Refsigleði leysir ekki vandann

JÓN KALDAL SKRIFAR

Þótt umræðan hafi verið áköf undanfarnar vikur eru það ekki ný tíðindi að almenningi finnist dómskerfið fara of vægum höndum um þá sem verða uppvísir að kynferðisbrotum gagnvart börnum. Sú umræða teygir sig mun lengra aftur og tengist þeirri jákvæðu þróun að launhelginni hefur verið svipt af þessum málum. Lengi vel var viðbragð samfélagsins einfaldlega að slá þagnarhjúpi um brot gegn börnum vegna þess að þau voru of sársaukafull viðureignar. Fyrir það viðhorf guldu fórnarlömbin umfram alla aðra.

Frammi fyrir Alþingi liggur nú frumvarp dómsmálaráðherra um lagabreytingu sem felur í sér þyngingu refsinga í þessum brotaflokki. Ef það fæst samþykkt eru komin skýr boð frá löggjafanum til dómstólanna um að kynferðisbrot gagnvart börnum sé alvarlegri glæpur en núverandi refsirammi gerir ráð fyrir.

Ekki leikur neinn vafi á því að frumvarpið er mikilvægur áfangi í baráttu fyrir bættum rétti fórnarlamba kynferðisbrota. Hins vegar er það mikil skammsýni að ætla að einhver lausn sé fólgin í þyngri dómum.

Ef sjúkur kynferðisbrotamaður fær ekki meðferð á meðan afplánun stendur er hann jafn hættulegur umhverfi sínu þegar hann sleppur laus þótt hann sitji tveimur árum lengur fyrir aftan lás og slá.

Það er öllum í hag, afbrotamönnunum og samfélaginu í heild, að fangelsisdómur sé ekki aðeins refsivist heldur ekki síður betrunarvist. Nokkuð virðist skorta upp á þann þátt í fangelsismálum landsins.

Reynsla Breta af hertum refsingum fyrir glæpi er ekki upplörvandi. Bresk fangelsi eru yfirfull og á undanförnum áratugum hefur hlutfall fyrrverandi fanga sem brjóta af sér aftur farið úr fimmtíu prósentum í sjötíu prósent. Ástæðan er fyrst og fremst að meðferðar- og endurhæfingaúrræði fangelsanna hafa ekki ráðið við fjölgun fanga, sem fyrir vikið fara þaðan í vaxandi mæli jafn forhertir og þeir komu þangað inn, eða verri.

Það er sjálfsögð krafa að frumvarpi dómsmálaráðherra verði fylgt eftir með löngu tímabærri stefnumörkun og aðgerðum í meðferð kynferðisglæpamanna á meðan á afplánun stendur.

Annar þáttur sem stjórnvöld hafa vanrækt er eftirlit með þekktum kynferðisbrotamönnum. Eins og staðan er nú hafa til dæmis skólar, íþróttafélög og aðrir aðilar sem vinna með börnum litla möguleika á að komast að því hvort umsækjendur um störf hafi mátt sæta kærum fyrir óeðlilega hegðun. Í öðrum löndum eru starfræktir gagnagrunnar um þá sem hafa brotið af sér gagnvart börnum og þar með reynt að minnka möguleikann á að þeir komist í aðstöðu til að endurtaka brot sín. Þar er reyndar komið að viðkvæmum mörkum persónuverndar og almannaöryggis og meðalvegurinn getur verið vandrataður.

Hins vegar er ekkert við það að athuga að sérstök skrá sé haldin yfir kynferðisafbrotamenn sem sérfræðingar hafa metið að svari ekki meðferð og séu því líklegir til að brjóta af sér aftur, og þeir hafðir undir gaumgæfilegu eftirliti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Loksins inn

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, varaþingmaður Frjálslynda flokksins í Kraganum, hefur ekki þurft að leysa Gunnar Örlygsson af frá því Gunnar sneri baki við félögum sínum í Frjálslynda flokknum og gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Á mánudag verður breyting þar á, en Sigurlín upplýsir það á bloggsíðu sinni, sms.blog.is, að hún hafi fengið sms-skilaboð frá Gunnari um að á mánudag myndi hún setjast á þing.



### Hvorki þingmaður né varamaður í flokknum

Fyrir varaformannsslaginn kvartaði Sigurlín yfir því að Gunnar hefði verið einstaklega vinnusamur og því aldrei þurft að taka sér frí.

Auðvitað er möguleiki á því að þessi kvörtun hafi haft einhver áhrif, en líklegra verður þó að teljast að ástæðan sé sú að eftir landsfund Frjálslynda flokksins sagði Sigurlín sig úr flokknum. Mun því óflokksbundinn varaþingmaður taka sæti flokksbundins sjálfstæðismanns á Alþingi, sæti sem var úthlutað Frjálslynda flokknum eftir kosningar. Svona er allt í heiminum hverfult.

### Bara aðeins að stríða

Það er augljóst að Gunnar hefur mikið gaman af því að stríða aðeins fyrrverandi félögum sínum í Frjálslynda flokknum og líklega liðnir þeir dagar þegar hann og Margrét sátu saman í aðdraganda síðustu kosninga og mátti heyra í þeim stríðnisískur á milli þess sem þau stríddu Halldóri Ásgrímssyni með spurningum um persónulegan hagnað hans á núverandi kvótakerfi.



Nú er Gunnar bara einn í stríðninni og beinir henni að Magnúsi Þór Hafsteinssyni og fyrrverandi ástleysi hans á nýjum þingmanni Frjálslyndra, Kristni H. Gunnarssyni, og aðdáun varaformannsins á norskum mótorhjólamönnum í Hell's Angels, sem Magnús hefur greinilega haft meira álit á en hann ber nú til innflytjenda á Íslandi.

**svanborg@frettabladid.is**

## Uppreisn aldraðra



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Velferðarríkið

Í aðdraganda kosninganna í vor, vekur tvennt mesta athygli. Annars vegar bylgja umhverfis- og náttúruverndar. Hins vegar undiralda reiði og beiskju eldri borgara. Ég ætla að gera það síðarnefnda að umræðuefni. Hér er á ferðinni fólk sem hingað til hefur að jafnaði látið lítið fyrir sér fara, fylgt straumnum, löghlýðið og borgaralegt, og sjálfsagt kosið hina og þessa flokka. Nú er þessu fólki nóg boðið. Nú vill það helst gera uppreisn.

Er að undra? Öldruð hjón, sem hafa verið í sambúð í áratugi en þurfa nú á þjónustu og hjúkrun að halda eru flutt á dvalarheimili, þar sem þau eru aðskilin í sitt hvoru herberginu. Annað aldrað fólk verður að upplifa þann ósóma að búa með á öðru og ókunnugu fólki, á tvíbýli eða fjórbýli. Það er ekki langt síðan ég sjálfur upplifði þá raun að sjá föður minn, kominn hátt á níræðisaldur, fluttan á tveggja eða þriggja manna stofu. Þurfti hann að deila prívatmálum sínum innan um aðra og bera elli sína og blygðunarsemi á borð fyrir ókunnuga. Hann dó á almenningsstofu rýrður reisn sinni og virðingu. Þetta margrómaða velferðarkerfi okkar bauð ekki upp á annað. Þar er ekki við starfsfólk og dvalarheimili að sakast heldur ömurlegt opinbert kerfi.

Við sem erum komin á þennan aldur, ellilífeyrisþegar samtímans, getum búist við sams konar trakteringum, þegar röðin kemur að okkur að njóta þjónustu og hjúkrunar.

Og á meðan búa þau okkar, sem eiga ekki í önnur hús að venda og bíða þessara örlaga, þessa ævikvölds og vilja ennþá bjarga sér til mannsæmandi lífsviðurværis, við þau skilyrði að þeim eru eiginlega allar bjargir bannaðar til sjálfsbjargar.

Almannatryggingakerfið, ágætt svo langt sem það nær, hefur innbyggða fátæktargildru, sem felst í því að þér er refsað í hvert skipti sem þú aflar þér einhverra tekna. Ellilífeyririnn er skorinn niður í hvert skipti sem þú sýnir einhverjar tekjur, sem aflað er til að framfleyta þér og þínum. Almannatryggingakerfið refsar fólki fyrir sjálfsbjargarviðleitnina. Og þú mátt ekki einu sinni vera í hjónabandi með konu eða karli, sem enn er á vinnumarkaði. Þá er þér refsað fyrir það líka.

Þá er ótalið það hneyksli sem ríkisstjórnin hefur komist upp með, að halda lífeyrisgreiðslum niðri, með því að miða ekki lengur við launavísitölu þegar ellibætur eru ákveðnar, halda skattleysismörkum langt neðan við velsæmismörk og skattleggja lífeyrisgreiðslur sem eru undir lágmarksneysluþörf aldraðra.

Þetta er allt á sömu bókina lært. Smánarlegt tillitsleysi gagnvart eldri borgurum. Er nema von að þessi kynslóð geri uppreisn og leitist við að rétta sinn hlut?

Þetta ástand er hluti af þeirri óheillaþróun hér á landi á undanförnum árum að ójöfnuðurinn hefur aukist. Það er hlaðið undir eignamenn og auðmenn og skattkerfið lagað að þörfum þeirra, meðan eldra fólk, sem mest allt verður að lifa af lífeyrisgreiðslum og litlum tekjum er fórnarlömb ósanngjarnrar og óskammfeilinnar skattastefnu að því leyti að skattleysismörkum er haldið niðri, sem bitnar mest á því fólki sem minnstar hefur tekjurnar. Áður fyrr voru skattleysismörk miðuð við launavísitölu. Ef þeirri reglu hefði verið beitt áfram, væru skattleysismörkin 136 þúsund krónur í stað þess að vera 90 þús krónur á mánuði við næstu álagningu. Lífeyrir og tekjutrygging, fyrir þá einhleypinga sem hafa ekki í annað hús að venda en Tryggingastofnun ríkisins, nemur um 125 þúsund krónum meðan Hagstofan reiknar það út að framfærsla lífeyrisþega kosti rúmar tvö hundruð þúsund krónur á mánuði. Ranglætið er síðan toppað með því að leggja mismunandi skatta á eldri borgara, eftir því hvort þeir fá lífeyrisgreiðslur eða hafa tekjur af fjármagnseign.

Þarf ég að halda áfram að tala um þennan ójöfnuð? Þarf frekar vitnanna við, hvernig eldra fólk er grátt leikið?

Um þetta ástand erum við kannski ekki meðvituð, meðan við erum ung og hraust á vinnumarkaðnum. En þegar aldurinn færist yfir og sextíu og sjö ára fólk stendur frammi fyrir þessum veruleika, þarf engan að undra þótt eldri borgurum sé heitt í hamsi og reiðin brjótist út. En reiði gagnvart hverjum nema þeim sem bera ábyrgð á þessum kjörum? Stjórnvöldum þessa lands. Þeirra er sökin. Ríkisstjórnin og þeir flokkar sem að henni standa eiga að gjalda fyrir það skammarlega tillitsleysi sem hún hefur sýnt eldri borgurum.

Meðferðin og skilningsleysið á högum aldraðra er smánarblettur ríkrar þjóðar. Þeirri smán verður að aflétta. Ekki einvörðungu fyrir eldri kynslóð dagsins í dag, heldur fyrir alla þá sem eiga eftir að upplifa sitt eigið ævikvöld.

## Illugi settur út í horn

UMRÆÐAN

Umhverfismál



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Undanfarnar vikur hef ég bent hér á tvískinnung og stefnuleysi Sjálfstæðisflokksins í stóriðjumálum. Ég hef bent á að flokkurinn gæti án tafar gert tvennt til að tryggja markaðsverð á orku og styðja við umhverfisvernd: Skilyrt heimildir orkufyrirtækja til eignarnáms við virkjanir í þágu almennings og skyldað orkufyrirtæki til að afla fjár á markaðskjörum til raforkuuppbyggingar vegna stóriðju.

Illugi Gunnarsson skrifaði grein hér í blaðið á sunnudag. Þar skýrði hann að þegar hann fitjar upp á að afnumdar verði heimildir orkufyrirtækjanna til eignarnáms vegna virkjana í þágu stóriðju er hann að túlka sínar eigin prívatskoðanir. Hann staðfesti að Sjálfstæðisflokkurinn sjálfur hefur enga stefnu um raunhæfar aðgerðir til að koma í veg fyrir ríkisaðstoð af þessum toga til stóriðjuuppbyggingar. Einnig virðist Illugi ekki vilja tjá sig um þann vanda sem felst í ótakmörkuðum aðgangi opinberra orkufyrirtækja að erlendu lánsfé með ríkisábyrgð. Sú aðstaða felur í sér gríðarlega ríkisaðstoð til orkufyrirtækjanna og gerir þeim kleift að selja raforkuna á útsöluverði.

Eins og niðurlæging Sjálfstæðisflokksins í umhverfismálum væri ekki næg lýsti svo Geir H. Haarde því yfir í Silfri Egils að Guðlaugur Þór Þórðarson og Illugi Gunnarsson væru vonarsprotar íhaldsins í umhverfismálum. Bittinú. Sama dag og Morgunblaðið krýnir Illuga sem hugmyndafræðing flokksins í umhverfismálum, setur formaðurinn hann í handlangarasæti hjá Guðlaugi Þór, stjórnarformanni Orkuveitunnar. Guðlaugur Þór hefur hins vegar enga umhverfisstefnu sett fram, aðra en hina sovéskættuðu stóriðjustefnu Sjálfstæðisflokksins.

Í síðustu viku spurði ég hvort Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti að hafa a.m.k. tvær stefnur í orkumálum – eina fyrir Illuga og aðra fyrir höfuðkommissar Orkuveitunnar, Guðlaug Þór. Mér datt nú samt ekki í hug að Geir H. Haarde myndi fara að ómaka sig í sjónvarpssal til þess eins að svara þeirri spurningu játandi með jafn skýrum og ótvíræðum hætti og honum tókst í Silfrinu á sunnudag.

*Höfundur er lögfræðingur.*

# Lækkaðu Lalli, lækkaðu




**Hefurðu hugleitt hvað verðið er langt niðri á Orkustöðvunum í dag, laugardaginn 17. febrúar?**

Haukur og Ingvar Víkings

Lárus & Lárus




ORKAN BENSÍN

ALLTAF Á NIÐURLEIÐ

Heitt með Heim

# Austurlensk

## fjölskylduveisla fyrir 4

Úr Kjötborði Nóatúns



Þú sparar 300 kr. kg

KJÚKLINGABRINGA Í TIKKA MASALA

1.698 kr. kg



*Austurlenski fjölskyldupakkinn úr „Heitt með heim“ inniheldur:*

- kjúkling í karrý
- grís í drekasósu
- bbq kjúklingavængi
- súrsæta sósu
- 2 l af gosi frá ölgerðinni
- teriyaki núðlur
- djúpsteiktar rækjur
- hrísgrjón
- soja sósu

5 tilbúnir austurlenskir réttir og 2 l af Egils gosi á aðeins

1.990 kr. pk.

Úr Fiskborði Nóatúns



Þú sparar 500 kr. kg

SALTFISKUR AÐ HÆTTI BÖRSUNGA

998 kr. kg

Úr Kjötborði Nóatúns



Þú sparar 500 kr. kg

LAMBAGEIRI MEÐ SÆLKERAFYLLINGU

2.698 kr. kg



25% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR MÓA MAGNKAUP

1.999 kr. kg

## Brauðsalöt!




40% afsláttur

## Móðir náttúra

beint í örbylgjuna




20% afsláttur


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Saltkjöt
fyrir sprengidaginn
Tryggjum okkur vandaðan sprengidag!
Allt að
50%
afsláttur
GOÐA HÁLSA- OG SÍÐUBITAR
FYRIR SPRENGIDAGINN
Verð frá:
74 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
NÓATÚNS SALTKJÖT
SÉRVALIÐ ÚR KJÖTBORÐI
1.698 kr. kg
NÓATÚNS SALTKJÖT
BLANDAÐ
899 kr. kg
Allt sem þú þarft
fyrir bolludaginn í Nóatúni!
Verði ykkur að góðu!



# Styrkir úr Pokasjóði

**Frestur til að sækja um styrk úr Pokasjóði rennur út 16. mars n.k.**

**Umsóknum skal skilað á www.pokasjodur.is en þar eru allar upplýsingar um sjóðinn, fyrirkomulag og styrki.**

Allur hagnaður af sölu plastpoka merktum Pokasjóði rennur til uppbyggjandi málefna, en Pokasjóður, sem áður hét Umhverfissjóður verslunarinnar, veitir styrki til **umhverfis- menningar-, íþrótta- og mannúðarmála.**

Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki úr sjóðnum.

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT 16. MARS

Aðeins er hægt að sækja um á heimasíðu sjóðsins og skal umsókn send í síðasta lagi á miðnætti þann 16. mars n.k.

POKASJÓÐUR

pokasjodur.is

MERKI UM UPPBYGGINGU



MAÐUR VIKUNNAR

# Dásamlega ofvirkur karakter

**INGUNN ÁSDÍSARDÓTTIR**
ÞJÓÐFRÆÐINGUR

Það vantar ekki hástemmd lýsingarorðin eins og sjá má á fyrirsögninni að ofan, hjá viðmælendum blaðsins sem beðnir voru að lýsa kynnum sínum af manni vikunnar að þessu sinni, sem er Ingunn Ásdísardóttir þjóðfræðingur, leikstjóri og þýðandi með meiru. Ingunn var nú í vikunni að senda frá sér bókina Frigg og Freyja - Kvenleg goðmögn í heiðnum sið, sem í raun er meistaraprófsritgerð hennar í þjóðfræðum frá Háskóla Íslands. Hún lauk því námi 2005 og segja viðmælendur það lýsa dugnaði og persónu Ingunnar betur en margt annað að drífa sig í háskólanám komin yfir miðjan aldur ef svo má segja. Og ljúka því með jafnmiklum glæsibrag og raun ber vitni.

Sigríður Ingunn eins og hún heitir fullu nafni er fædd austur á Egilsstöðum 8. nóvember 1952, einkadóttir Ásdísar Sveinsdóttur, skólastýru Húsmæðraskólans á Hallormsstað, og komin af ábúendum stórbýlisins Egilsstaða í ættir fram. Faðir Ingunnar er ítalskur en honum kynntist hún ekki fyrr en á fullorðinsárum.



Ættmenni Ingunnar að austan þykja mörg hver fasmikið fólk og ku Ingunn sverja sig vel í ættina hvað það snertir. Þannig þótti hún dálítið villt á menntaskólaárum sínum á Akureyri og sagt var að ekki hefði farið framhjá neinum þar sem hún fór og bókstaflega gustað af henni á stundum. Allt bar þetta merki þess mikla lífskrafts sem einkennt hefur Ingunni alla tíð að sögn kunnugra og sumir líkja við sprengikraft.

Að loknu stúdentsprófi hélt Ingunn til Reykjavíkur í háskólanám og lauk BA-prófi í ensku og almennri bókmenntafræði frá HÍ árið 1981. Fljótlega eftir það lá leiðin til Þýskalands að nema leikstjórn og dvaldi hún þar til 1985 við nám og störf í Borgarleikhúsinu í Köln.

Eftir að heim kom sneri Ingunn sér að leikstjórn og setti margs konar verk á svið með góðum árangri bæði hjá atvinnu- og áhugamannaleikhúsum. En eins og henni er lýst sem dásamlega ofvirkri konu dugði þetta ekki eitt og sér og meðfram leikhússtörfunum sinnti hún blaðamennsku, dagskrárgerð, bókmenntagagnrýni og síðast en ekki síst þýðingum svo eitthvað sé nefnt. Hún er afkastamikill þýðandi og hefur þýtt fjölmörg skáld- og leikverk auk margs konar fræðarita, meðal annars um trúarbrögð, og hlotið mikið lof fyrir.

Allt ber þetta vott um mikinn dugnað enda er Ingunn sögð ákaflega fylgin sér í því sem hún tekur sér fyrir hendur og gefst aldrei upp. Það er líka kallað viljastyrkur, eða jafnvel þrjóska; dæmi um slíkt í fari Ingunnar er að allt þar til í fyrra var hún einbeittur reykingamaður og hlustaði ekki á neinar fortölur í þeim efnum. En svo tók hún sjálf ákvörðun um að hætta og þá geta menn gengið að því vísu að sú ákvörðun stendur.

Reglur, hverju nafni sem þær nefnast, eru Ingunni lítt að skapi enda er henni lýst sem uppreisnarkonu að eðlisfari, þótt hefðarkonan sé heldur ekki langt undan, þannig að úr verður aristókratískur byltingarsinni einsog einn viðmælandinn orðaði það.

Henni er líka lýst sem vinsælli konu og vinamargri enda traustari vinur í raun vandfundinn, segja vinir, en það fylgir sögunni að hún gerir jafnframt kröfur til að vináttan á móti sé sönn. Hún hefur gaman af að segja sögur og ku skemmtilegur og góður sögumaður enda mikil orðsins kona og góður stílisti, fróðleikfús og vel að sér um margt.

Í frístundum sínum hefur Ingunn tekið upp á því að ganga til fjalla á síðari árum með vinkonum sínum en hún nýtur þess ekki síður að vera í góðra vina hóp og spjalla eða skrafla, auk þess sem hún hefur yndi af að leysa krossgátur.

Ingunn á eina dóttur, Ásdísi Grímu, og barnabarn á leiðinni og situr því við prjónaskap þessa dagana þegar færi gefst til enda flink prjónakona eins og hún á kyn til.

# Veruleikinn vandlega falinn

**UMRÆÐAN**
Breiðavíkurmálið



HALLDÓR CARLSSON

Er hugsanlegt að til sé eitthvað sem heitir samfélagsleg afneitun? Með þessari heimatilbúnu klisju á ég við það þegar stór hluti þjóðarinnar neitar að horfast í augu við alvarleg mein og óþægilegan raunveruleika – sem þó hefur blasað við þeim sem vildu vita í langan, langan tíma. Hvað Breiðuvík varðar var þessi hrottaskapur fjölskyldunnar vel þekktur meðal fjölda þeirra Íslendinga sem nú eru komnir á miðjan aldur. Ég er ekki að benda á þetta til að bæta meiru við margtuggnar lýsingar íslenskra sorablaða sem leita stöðugt að feitum fjölmiðlamat. Ég er að benda á að við viljum bara vita það sem ekki hristir upp í samvisku okkar. Ég man sjálfur eftir nákvæmum lýsingum á hrottaskap og sadisma fjölskyldunnar í Breiðuvík í bók sem ég fékk í jólagjöf 1980 eða 1981. Bókin heitir Stattu þig drengur og er eftir Stefán Unnsteinsson. Þar lýsir Sævar Ciesielski á þremur blaðsíðum grimmdarverkunum á þessu afskekkta helvíti á jörðu:

„Það fyrsta sem ég gerði mér grein fyrir var að forstöðumaðurinn var harðjaxl og að strákarnir óttuðust hann og hötuðu. Verst þótti okkur að það var engin regla í þessu hjá honum, hann barði menn ef þeir gerðu eitthvað af sér, en svo barði hann líka ef þannig lá á honum, ef eitthvað var fyrir honum eða hann þurfti að skeyta skapi sínu á einhverjum. Ég held honum hafi ekki alltaf verið sjálfrátt.“

Þessi síðasta setning Sævars segir sína sögu um örvæntingarfulla leið barns til að útskýra fyrir sjálfum sér óútreiknanlega hegðun barnaníðings. Þessi bók seldist vel en gleymdist fljótt. Það tekur ekki langan tíma að fenna í sárin. Það er athyglisvert að ekkert er í dag farið nánar út í smáatriðin í málefnum Heyrnleysingjaskólans; er það ef til vill vegna þess að þessir atburðir standa okkur svo nálægt í tíma? Hvenær kemur að nákvæmri upprifjun á Bjargsmálinu fræga? Hvaða eftirlit er í dag haft með stuðningsforeldrum fatlaðra barna? Hvenær kemur að því að gerð verður úttekt á því hversu mörg íslensk börn voru tekin nauðug af foreldrum sínum og vistuð þar sem öruggt var að foreldrarnir vissu ekki hvar þau voru niðurkomin?

Við heyrum það sem ekki truflar samviskuna. Við horfum gegnum gleraugu sem eru ekki nógu þykk til að valda glýju minninga. Skaðabætur eru góðra gjalda verðar. Samt lykta þær af syndaaflausn yfirvalda með sektarkennd. Nú koma ráðherrar, blaðamenn, alþingismenn, af fjöllum: Ha? Hvernig gat þetta gerst? Svona gerist ekki meðal ríkustu og hamingjusömustu þjóðar heims... Íslenska ríkið naut þess að ung börn, sem voru sálarmyrt, lokuðu þessa skelfingu út úr huga sér, urðu framtíðarviðskiptavinir fangelsismálastofnunar, eða fyrirfóru sér.

Góður vinur minn, sem var vistaður nauðugur í Breiðuvík í 2 ár, en hefur aldrei minnst á það opinberlega, orðaði það svona: Ég kom þangað saklaust barn. Ég fór þaðan forhertur glæpamaður.

*Höfundur er fjölmiðlafræðingur.*

MAX

LágMAXverð

19.999 kr.



7.1

Fullt verð 39.999

VATNSHELD HÖGGHELD

**Olympus MJU725SWG**
- 7.1 MegaPixel Digital myndavél
- Vatnsheld og höggheld
- 3x Optical Zoom, 5x Digital Zoom
- 2,5" LCD skjár
- Hreyfimyndataka með hljóði
- USB tenging við tölvu
- 19,1mb innbyggt minni
- Tekur xD kort

**United UDR4837D**
- Tvíátta þurrkari með barka
- Tekur 6kg í þurrkun
- 2 hitastig
- Krumpuvörn
- Rakaskynjari
- Orkunýting C

29.999 kr.



Fullt verð 39.999

3.499 kr.



**Exido 240100**
- Rafdrifinn kústur
- Hægt að nota á öll gólf
- Þráðlaus með hleðslu
- 30 mín. notkun á hleðslu
- Stillanlegt skaft
- Auðvelt að hreinsa

Fullt verð 5.999



3.499 kr.

**Philips HP4883**
- Kröftugur 2000w hárblásari
- ION tækni sem afrafmagnar
- Þrjár hita- og hraðastillingar
- Blæs köldu lofti
- Aukastútur fyrir viðkvæmt hár

Fullt verð 4.999

8.999 kr.



**Exido 245032**
- 1000w kaffivél
- Espresso
- Cappuchino
- 15 bar
- Stáláferð

Fullt verð 12.999

49.999 kr.



**Whirlpool AKM950IX**
- Helluborð
- Keramik
- Með snertirofum

Fullt verð 64.999

999 kr.



**Melissa 638132**
- Hárklippur
- Með 4 kömbum
- Með skærum og bursta
- Með ferðatösku

Fullt verð 2.499

1.999 kr.



**Melissa 631040**
- Vandað fótanuddtæki
- Þrjár stillingar
- Loftbólur frá 58 stútum
- Notist með eða án vatns

Fullt verð 3.999

10.999 kr.



**Melissa 653089**
- 800w Digital örbylgjuofn
- Elektrónískar stillingar
- 1000w grill
- Stáláferð
- 20 lítra

Fullt verð 12.999



DVD

Pétur Pan

1.999 kr.

Fullt verð 2.999

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# Um þursarökfræði, neyslunjálg og kraftaverk

*Í Dagbók* ***Þráins Bertelssonar*** *er spurt hvort einstaklingar geti svindlað sér inn í Himnaríki með því að kenna fyrirtækjum um syndir sínar. Þá er vikið að þursarökfræði, neyslunjálgi, veggjakroti og jólatrjám og minnst á það einstæða afrek ákæruvaldsins að breyta milljarðamæringum í píslarvotta.*

Kæra Dagbók



Þráinn Bertelsson skrifar

### Ósakhæfir forstjórar

febrúar 9 FÖSTUDAGUR

Samráðsmálinu gegn olíufurstunum þremur var vísað frá í dag. Forstjórar virðast ekki vera sakhæfir fyrir glæpi sem þeir fremja í nafni fyrirtækja svo að ekki er seinna vænna fyrir þá sem hyggja á lögbrot að skrá sig sem hlutafélög og láta hlutafélagið síðan fremja glæpinn.

Sama gildir væntanlega um syndir. Nú þyrfti einhver rannsóknarblaðamaður að spyrja biskupinn hvort einstaklingar komist til Himnaríkis ef þeir hafa einvörðungu syndgað í nafni fyrirtækja.

### Grasekkjumaður

febrúar 11 SUNNUDAGUR

Á morgun verð ég grasekkjumaður.

Frú Sólveig ætlar loksins að láta verða af því að dveljast um hríð á Reykjalundi sér til heilsubótar. Hún hefur nokkrar áhyggjur af því að skilja mig einan eftir með börnin eða kannski af því að skilja börnin eftir ein hjá mér.

Ég hef fengið nákvæm fyrirmæli um allt sem gera þarf. Frú Sólveig veit að hún er því miður ómissandi og tortryggir mig þegar ég reyni að sannfæra hana um að þrátt fyrir allt verði hægt að komast af án hennar í nokkra daga.

### Neyslunjálgur og þursarökfræði

febrúar 12 MÁNUDAGUR

Allir fjölmiðlar flóa nú í tárum út af svonefndu Breiðavíkurmáli. Það mál kemur mér ekki tiltakanlega á óvart – fremur en öðrum sem muna aðra tíma en þá sem við lifum nú.

Fyrir einum mannsaldri eða svo var það útbreitt viðhorf í þjóðfélaginu að þau börn sem voru vistuð á opinberum stofnunum hefðu gott af því að vera undir heraga og hefðu jafnvel unnið til fangavistar með ögrandi framkomu eða þrjósku við að læra.

Þá – eins og nú – var sú frumstæða afstaða til lífsins algeng að hver og einn skyldi treysta á mátt sinn og megin. Sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að þeir sem ekki kunna fótum sínum forráð séu aumingjar og minna virði en þeir sem eru heppnari með genamengi og klókari að bjarga sér.

Sem dæmi um hversu hin forneskjulegu viðhorf eru lífseig meðal okkar þá taldi sjálfur forsætisráðherra okkar við hæfi að leiða getum að því að þær stúlkur sem urðu óléttar eftir geðvillinginn og félaga hans í Byrginu hefðu allt eins getað orðið óléttar þótt þær hefðu aldrei farið í meðferð.

Með sömu þursarökfræði mætti allt eins halda því fram að það taki því ekki að gera uppistand út af því þótt einhver sé myrtur því að viðkomandi hefði allt eins getað orðið fyrir bíl - og allir þurfi að deyja hvort eð er.

Það er meira talað um mannúð nú á dögum en hér á árum áður. Þó er mér mjög til efs að náungakærleikurinn hafi vaxið í sama hlutfalli og mannúðartalið. Ég veit vel að sá sem hallmælir græðginni er umsvifalaust afgreiddur sem óábyrgur draumóramaður sem telur að hægt sé að lifa á loftinu. Ég er þó ekki meiri draumóramaður en svo að ég rak fyrirtæki við erfiðar markaðsaðstæður í aldarfjórðung án þess að fara á hausinn. Af lífsreynslu minni tel ég mig hafa vissu fyrir því að neyslunjálgur valdi sálarkláða sem gerir fólk að friðlausum sjúklingum þrátt fyrir efnislegar allsnægtir í þjóðfélagi sem leggur megin áherslu á umgjörð lífsins en vanrækir innihald þess og kjarna.

Varðandi Breiðavíkurmálið þá reyndi ég að lýsa andrúmsloftinu á Breiðavíkurhælum landsins í skáldsögu sem ég skrifaði fyrir nokkrum árum og heitir „Dauðans óvissi tími“.

Þar segir frá því að ungum dreng er nauðgað og með aðstoð félaga síns verður hann kvalara sínum að bana. Lögreglan kemur sunnan úr Reykjavík og Víkingur Gunnarsson kemur við sögu í sínu fyrsta morðmáli.

Það þurfti hvorki rannsóknarblaðamennsku né skyggnigáfu til að vita að á upptökuheimilum hafa verið framdir hryllilegir glæpir – sem eru ennþá óhugnanlegri en ella vegna þess að fórnarlömbin hafa verið varnarlaus börn sem áttu „ríkið“ fyrir verndara. Sá verndari brást.

Það eru því miður mörg dæmi þess að íslenska ríkið – fyrir hönd okkar allra - hefur brugðist skjólstæðingum sínum. Breiðavík, Byrgið, Bjarg, Geirfinnsmál og þannig má telja stafrófið á enda. Við þessum dapurlegu mistökum er aðeins tvennt að gera, reyna að bæta fyrir fyrri misgjörðir og gæta þess að læra af reynslunni. Sennilega hefur veröldinni farið fram síðan á sjöunda áratug síðustu aldar – en framfarirnar mættu vera töluvert meiri.

### Veggjakrot og jólatré

febrúar 13 ÞRIÐJUDAGUR

Eitthvert mikið átak gegn veggjakroti er loksins komið í gang. Það er hið besta mál. Töluvert vantar samt upp á að Reykjavík verði snyrtileg borg. Til dæmis sjást tvær starfsstéttir aldrei hérna í Grjótaþorpinu en það eru lögregluþjónar og götusóparar. Að vísu getur verið að óeinkennisklæddir lögreglumenn séu hér á vappi en ég hef enga trú á því að við séum undir handarjaðri óeinkennisklæddra götusópara.

Til að sýna framfaravilja mætti hreinsunardeild borgarinnar fara að huga að því að hirða hérna af götunum dauð jólatré sem hafa fokið hér á milli húsa síðan á þrettándanum.

### Langur vinnudagur

febrúar 14 MIÐVIKUDAGUR

Missti af frönskunámskeiðinu mínu í dag. Litla Sól var greinilega orðin mjög þreytt þegar ég sótti hana í leikskólann og lét dólgslega og hafði í hótunum við mig út af engu. Svo valt hún út af steinsofandi í bílnum á leiðinni heim.

Ég bar hana inn í rúm og sú litla rumskaði ekki. Þá hringdi ég í Sylvíu vinkonu mína og tilkynnti forföll en hún hafði ætlað að leyfa litlu Sól að vera hjá sér meðan ég væri á námskeiðinu.

Skömmu eftir að ég var búinn að afboða komu okkar vaknaði sú stutta og hvessti ásakandi á mig augun og sagði: Ég vil ekki sofa lengur – rétt eins og hún hefði eingöngu gert það fyrir minn bænastað að fá sér þessa löngu kríu.

Það er langur vinnudagur hjá börnum sem þurfa að vakna fyrir klukkan átta á morgnana og eru ekki komin heim til sín aftur fyrr en milli fjögur og fimm, jafnvel seinna.

Þetta er kannski ekki alveg sambærilegt við barnaþrælkun eins og hún gerist verst í fátækustu löndum heims. En hér er það ekki sár fátækt sem veldur þessum langa vinnudegi barna heldur eingöngu sú staðreynd að hagsmunir og líðan barna teljast ekki til forgangsmála í okkar samfélagi. Mikilvægi barna má til dæmis reikna út með því að bera saman launakjör þeirra sem vinna í fjármálastofnunum og þeirra sem vinna við barnakennslu eða barnfóstur.

Ég sé í anda Kastljóss- og Kompáss-fólk næstu aldar taka andköf af grátbólginni samúð yfir bernskuminningum einhvers sem útskrifaðist af leikskóla fyrir 100 árum.

### Kraftaverk!

febrúar 15 FIMMTUDAGUR

Mér sýnist á fréttum að meira að segja dómaranum hafi loksins blöskrað fíflagangur ákæruvaldsins í Baugsmálinu og bundið enda á spurningaleikinn við Jón Ásgeir.

Ákæruvaldinu hefur tekist hið ómögulega: Sem sé að fá allan almenning til að sárvorkenna ríkustu mönnum landsins. Það er sannarlega kraftaverk!


bspain
Property builders since 1966
Á ÍSLANDI!









Kynning á Spánareignum
á veitingahúsinu Lækjarbrekku (Litlu Brekku)
helgina 17.-18. febrúar kl. 12-17

**bspain** hefur verið leiðandi í byggingu og sölu fasteigna á Spáni í 40 ár.
Erum með stórglæsilegar, nýjar og endursölueignir á svæðinu frá
**Denia** til **Cartagena** á hinni rómuðu **Costa Blanca strönd.**

Hvað erum við að bjóða?

- Væntanlegir viðskiptavinir eru sóttir á flugvöll og gista á 4ra stjörnu hóteli, La Laguna með fullu fæði í boði bspain. - Íslensk leiðsögn
- Allt að 80% lánamöguleikar, þar sem bspain mun ávallt leita hagstæðustu kjara fyrir viðskiptavini.
- Leiguþjónusta fyrir eigendur.
- Endurgreitt flugfargjald fyrir kaupendur.

Yfir 300 eignir á skrá!
Eign vikunnar:
Stórglæsilegt einbýlis- og parhús við þorpið Polop, 10 mínútur frá Benidorm.
Stutt í golf, fjallaþorp og skemmtun.
Stórfenglegt útsýni. Verð frá 232.000 evrum.

bspain
Property builders since 1966
Sími 587 1776 & 892 5829
www.bspain.com




**539** kr/kg. áður 899 kr/kg.
Nettó saltkjöt blandað

**298** kr/kg. áður 445 kr/kg.
Goði saltkjöt ódýrt

**455** kr/kg. áður 909 kr/kg.
Borgarnes saltkjöt - blandað




**562** kr/kg. áður 749 kr/kg.
Íslandsfugl kjúklingur - ferskur




**154** kr/kg. áður 384 kr/kg.
Ísfugl Cajun vængir




**244** kr/pk. áður 349 kr/pk.
Náttúra salat - spínat




Goða úrbeinað saltkjöt - valið




**199** kr/pk. áður 249 kr/pk.
Náttúra salat - frizze 200 gr.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 17. febrúar til 18. febrúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
EKKERT BRUÐL
Bónustilboð í 7. viku 2007
-og enn fleiri
Náttúru blandað saltkjöt kílóverð nú:
398 KR.
Merkt verð 443KR.
NÁTTÚRU
KJARNAFÆÐI
KF saltkjöt I. fl. kílóverð nú:
719 KR.
Merkt verð 898KR.
KJARNAFÆÐI
KF saltkjöt VALIÐ kílóverð nú:
1199 KR.
Merkt verð 1499KR.
Nú er 20% verðlækkun á 26% Goudaosti!
GOUDA
20% AFSLÁTTUR
26% Goudaostur kílóverð nú:
773 KR.
Verð áður 967KR.
Bollu glassúr
Glassúr 280 ml
129 KR.
BÓNUS
BOLLU GLASSÚR
Vatnsdeigs duft 500g
500g bolluduft
259 KR.
EKKERT BRUÐL
Kílóverð kjúklingabringur
1498 KR.
Frosnar, danskar kjúklingabringur
2 lítrar
98 KR.
Fanta
...fyrir góðan dag!
Súpukjöt I. flokkur
LAMBASÚPUKJÖT I. fl. kílóverð nú:
499 KR.
Súpukjöt II. flokkur Íslandslamb
FERSKAR KJÖTVÖRUR
LAMBASÚPUKJÖT II. fl. kílóverð nú:
279 KR.
Bónus býður betur!


Bónustilboð!
Saltaðar KA lambasíður kílóverð:
59 KR.
KA saltaðar lambasíður
BÚRFELL
Búrfells blandað saltkjöt kílóverð nú:
398 KR.
Merkt verð 468 KR.
400g sulta
129 KR.
KJARNA
JARÐARBERJA
BLÁBERJA
Sjáðu verðið!
14 vatnsdeigs bollur
259 KR.
Nýtt kortatímabil!
AFSLÁTTUR 40% VIÐ KASSANN
Grísaveisla
Grísakótilettur
Ferskt svínagúllas:
Verð nú 898 KR.kg
Merkt verð 1498 KR.
Ferskt svínasnitsel:
Verð nú 898 KR.kg
Merkt verð 1498 KR.
Ferskur svínahnakki:
Verð nú 898 KR.kg
Merkt verð 1498 KR.
Ferskar kótelettur:
Verð nú 898 KR.kg
Merkt verð 1498 KR.
Ferskt svínahakk:
Verð nú 479 KR.kg
Merkt verð 798 KR.
Ferskir skankar:
Verð nú 179 KR.kg
Merkt verð 299 KR.
40% afsláttur við kassann
Svínaskankar
www.bonus.is
ERAN/Landlist
BÓNUS



*Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðnýjar Sigurrósar Sigurðardóttur**

til heimilis að Miðtúni 86, Reykjavík.

Magnús Guðmundsson — Þuríður Pétursdóttir
Svanhildur Guðmundsdóttir — Sverrir Örn Kaaber
Sigurður Þór Guðmundsson — May Elí Torsteinsdatter
Þorvaldur Guðmundsson — Guðbjörg Vallý Ragnarsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir — Guðmundur Þorgils Þorkelsson
Einar Ingvar Guðmundsson — Brynhildur Axelsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Sigurður Sigurðsson**

Torfufell 31, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 19. febrúar kl. 15.00.

Halla Margrét Ottósdóttir
Jakobína Elsa Ragnarsdóttir
Ragnheiður Ragnarsdóttir — Ólafur Birgisson
Friðrik Ottó Ragnarsson — Kristjana Harðardóttir
Hulda Ragnarsdóttir
Þór Ragnarsson — Sigríður Þráinsdóttir
Ragnar Ragnarsson — Oddný Westmann
Þórður Úlfar Ragnarsson
Áslaug Ragnarsdóttir
Björg Margrét Sigurgeirsdóttir
Barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskulegur faðir minn og bróðir,*

**Árni Guðmundur Kristinsson**

Kárastíg, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 19. febrúar kl. 13.00.

Júlíana Margrét Árnadóttir
Auðunn Friðrik Kristinsson
og fjölskyldur.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát konu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ásgerðar Öldu Guðmundsdóttur**

Árskógum 6, Reykjavík.

Páll Gunnar Halldórsson
Erla Linda Benediktsdóttir — Friðbjörn Sveinbjörnsson
Halldór Ingólfur Pálsson
Sigurlaug Kristín Pálsdóttir
Lára Margrét Pálsdóttir — Svanur Tómasson
barnabörn og barnabarnabarn.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, dóttir, systir, mágkona, barnabarn og tengdadóttir,*

**Sólveig Ólafsdóttir,**

Efri Brúnavöllum 1,

lést þriðjudaginn 13. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Skálholtskirkju í dag, laugardaginn 17. febrúar kl 13.00.

Hermann Þór Karlsson
Sigurlína Margrét Hermannsdóttir
Ólafur Hjaltason — Steinunn Ingvarsdóttir
Hjalti Ólafsson — Ragnheiður Líney Pálsdóttir
María Karen Ólafsdóttir — Valdimar Bjarnason
Atli Sigurðsson — Kattie Nielsen
Snæfríður Ólafsdóttir
Hjalti Gestsson
Karl Stefánsson — Þóra Hermannsdóttir
og aðrir aðstandendur.

MAGNÚS ÓLAFSSON
LEIKARI ER 61 ÁRS Í DAG

*„Ég átti í safni mynd af mér fimm ára gömlum í matrósafötum og velti fyrir mér hvernig ég mynda líta út í þannig fötum sem fullvaxta karlmaður.“*

*Um það þegar Bjössi Bolla varð til.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. FEBRÚAR 1984

## *Vopnað rán við næturhólf*



Að kvöldi föstudagsins 17. febrúar 1984 réðst grímuklæddur maður með haglabyssu að tveimur starfsmönnum ÁTVR þar sem þeir ætluðu að leggja andvirði dagsins í næturhólf Landsbankans á Laugavegi 77 í Reykjavík.

Ræninginn hleypti af byssunni til að ógna starfsmönnunum og komst undan með hátt á aðra milljón króna í peningum og ávísunum. Höfuðpaurinn í næturhólfsráninu var 22 ára maður sem ætlaði að nota fenginn til að létta undir með brokkgengum veitingahúsarekstri fjölskyldu sinnar.

Ránið hafði ungi maðurinn undirbúið lengi. Pilturinn skýrði fjölskyldu sinni frá ráninu að því loknu við lítinn fögnuð. Hann var þó ekki framseldur, heldur ránsfengurinn falinn.

Feðgarnir voru svo handteknir 24. febrúar. Höfuðpaurinn fékk fimm ára fangelsi, hjálparkokkurinn 18 mánaða og faðirinn fékk fimm mánaða skilorðsbundinn dóm.

ÁRNÝ HELGADÓTTIR: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI Í DAG

# Kraftganga í tilefni dagsins

„Ég kannast ekkert við að vera orðin þetta gömul en þetta er víst skjalfest niðri á Hagstofu svo það þýðir lítið að neita,“ segir Árný Helgadóttir, hjúkrunarfræðingur, íþróttaþjálfari og leiðsögumaður, sem er fimmtug í dag.

Árný er sannkallaður orkubolti, henni leiðist fátt meira en að liggja í leti og ætlar því að taka á honum stóra sínum í dag. „Ég ætla að taka daginn snemma og kenna tvo kraftgöngutíma. Svo býst ég við að fara í sund en ver restinni af deginum í faðmi fjölskyldunnar. Það verður ekkert partístand en allir eru auðvitað guðvelkomnir í kraftgöngu.“

Árný hefur ávallt verið þróttmikil. „Móðir mín, sem var mikið veik, sagði margoft við mig að ég vissi ekki hvað það væru mikil forréttindi að vera svona orkumikil. Ég var ábyggilega ofvirkt barn og hefði verið sett á ritalín ef ég væri á skólaaldri í dag, það er alveg klárt,“ segir hún og hlær.

Árný sinnir íþróttaþjálfun meðfram hjúkrunarstörfum og hefur alltaf gert það og vinnur sem stendur í Fljótsdal í grennd við Kárahnjúkavirkjun. „Þetta er býsna langt í burtu frá borginni en sem betur fer hafa sprækar konur hlaupið undir bagga með mér í kraftgöngunum enda veitir ekki af því þessi íþrótt nýtur sífellt meiri vinsælda.“ Hún er auk þess mikil fjallageit og hefur verið það frá unga aldri. „Þegar ég var að byrja þá faldi ég gönguskóna því þetta þótti svo hallærislegt en síðan hefur andrúmsloftið snúist mér í hag.“ Sem leiðsögumaður hefur hún lóðsað fólk um ýmis fjöll og firnindi og skipuleggur ferð upp á Snæfell næsta sumar.

Árný segist svo sem ekki hafa verið mikið afmælisbarn í gegnum tíðina en minnist þess þó alltaf með hlýhug þegar fósturforeldrar hennar gáfu henni kakó og pönnukökur á afmælisdaginn en það var föst regla. Í dag ætlar hún hins vegar að gæða sér á súkkulaðiköku sem tengdasonur hennar bakaði. „Ég ætla að bjóða öllum sem mæta í kraftgönguna upp á köku og ef þeir taka nógu hraustlega á þarf enginn að fá samviskubit.“

bergsteinn@frettabladid.is



**ÁRNÝ HELGADÓTTIR** Hefur alltaf verið mikill orkubolti og telur líklegast að hún hefði verið sett á ritalín ef hún væri í skóla í dag.



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Péturs Kristjánssonar**

Suðurgötu 14, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Garðvangi fyrir góða umönnun og hlýhug.

Bergþóra Eide Eyjólfsdóttir
Olga Eide Pétursdóttir — Ingvar Ingvarsson
Elma Eide Pétursdóttir
Kristján Sigurður Pétursson — Hulda Ríkharðsdóttir
Ingólfur Arnarsson — Þórhildur Guðlaugsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Ástkær sonur minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bergþór Njáll Guðmundsson**

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju, mánudaginn 19. febrúar, kl 13.30.

María Magnúsdóttir
María Bergþórsdóttir — Guðmundur Hjálmarsson
Helgi Bergþórsson
Kristín Bergþórsdóttir — Pétur Þór Lárusson
Ingibjörg H. Bergþórsdóttir — Guðmundur Kr. Ragnarsson
Guðmundur Örvar Bergþórsson — Aðalheiður Gísladóttir
Rúnar Þór Bergþórsson
Albert Valur Albertsson
Brynjar Bergþórsson — Apríl Eik Stefánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elín Sigurðardóttir**

hjúkrunarheimilinu Eir, Hlíðarhúsum 7, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 14. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

Kristín Þorsteinsdóttir — Þórður Jónsson
Sigríður Þorsteinsdóttir
Erla Þorsteinsdóttir — Ágúst Haraldsson
Steinunn Þorsteinsdóttir — Geir Gíslason
barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Á TILBOÐSVERÐI
Kíktu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is
S·HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## VIÐ FELLSMÚLA

## KASTARADAGAR




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**OPIÐ ALLA DAGA**
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 11:00-17:00

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888



**ROKKARAR ÞJÓÐARINNAR** Dr. Gunni og Eiríkur Hauksson hvetja þjóðina til að hafa húmor fyrir keppninni.

# Enga gleðibankaveiki

Hvernig tekst tveimur rauðhærðum rokkurum, einum síðhærðum og öðrum sköllóttum, að vera ofursvalir en syngja samt og semja fyrir Eurovision? *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti þá **Eirík Hauksson** og **Gunnar Hjálmarsson**, betur þekktan sem Dr. Gunna, sem sögðu Eurovision vera gott og skondið kampavínspartí.

Æfing er að klárast í Loftkastalanum og síðhærða hálfnorska ljónið stígur af sviði og nær í ferðatöskuna sína og pokann úr tollinum enda nýlentur á íslenskri grundu. Rauðhærðu félagarnir ráða ráðum sínum og sammælast um að halda skuli í reykherbergið en fjölskyldumaðurinn Dr. Gunni mátti vart vera að því að mæta í Eurovisionviðtöl þar sem hann var önnum kafinn við barnauppeldi. Þeir eru flottur dúett þó að vísu fari eitthvað minna fyrir hárinu á doktornum og segist hann fyrir löngu vera búinn að gefa drauminn um sítt hár upp á bátinn.

**Haldið þið að rauðhærðu genin muni eitthvað hjálpa ykkur í kvöld?**
**Dr. Gunni:** Tja, ég er nú alveg orðinn sköllóttur, veit ekki hvort það gerir eitthvað fyrir mig.
**Eiríkur:** Rauðhært fólk er náttúrlega minnihlutahópur og allir minnihlutahópar eru í hávegum hafðir í dag. En, nei, ég held það hafi nú ekki mikið að segja.
**Dr. Gunni:** Tvímælalaust er þetta jú afar flottur stofn.

**Þið eruð báðir önnum kafnir menn, fyrir utan það að annar þarf að fljúga milli heimilis og æfingastaðar, þá ert þú Eiríkur að fara í tónleikaferðalag með fyrrum forsprakka Uriah Heep og svo ert þú í miðjum barnasöngleik í Hafnarfjarðarleikhúsinu Dr. Gunni. Finnst ykkur Eurovisionþátttakan tímans virði?**
**Dr. Gunni:** Sem betur fer er Eurovision ekki fullt starf.
**Eiríkur:** Nei, nákvæmlega. Þó ber að taka þessari keppni af fullri alvöru því hún hefur mikið áhorf. Engu að síður er þetta aðeins um þriggja mínútna törn þegar til kastanna kemur.
**Dr. Gunni:** Já og mínar þrjár mínútur eru þarna á bak við, þar sem ég er skjálfandi á beinunum.
**Eiríkur:** Er ekki miklu meiri spenna að vera lagahöfundur en keppandi?
**Dr. Gunni:** Jú, það getur verið. Annars er þessi keppni alveg rakin leið til að gefa eitthvað út því þarna færðu alla þjóðina til að hafa skoðun á tónlistinni. Ef ég væri að gefa út plötu myndi ég kannski fá einhver viðbrögð, og þá lítil. Þannig að þessi laugardagur er voða mikið beint í andlitið.
**Eiríkur:** Þótt Eurovision sé gamalt í hettunni þá er það samt að færast nær nútímanum og mér finnst það vera að brjótast út úr skel sinni. Mér dettur í hug til dæmis Wig Wam, sem tóku þátt fyrir tveimur árum og vöktu mikla athygli og svo Lordi í fyrra.
**Dr. Gunni:** Já, það er greinilegt að allt getur gerst í þessu. Oft eru þeir sem ná langt með mjög fríkað efni á Eurovision standard. Fyrir nokkrum árum var það furðulegt lettneskt band sem bar sigur af hólmi, annar flippari frá Austurríki lenti líka ofarlega. Það má því kannski segja að það sé dálítið skrítið að Silvía Nótt skyldi ekki ná lengra en hún gerði, í ljósi þess hve mikið flipp það var.

**Urðuð þið hissa á þeim úrslitum?**
**Dr. Gunni:** Stelpugreyið var bara eitthvað slöpp þarna á sviðinu, fór einfaldlega yfir um á stressi.
**Eiríkur:** Þetta frík var í raun ágætishugmynd en hún er týpa sem íslenska þjóðarsálin er búin fá að melta í einhvern tíma. Svo er erfiðara verk að skila þessum húmor sem er búinn að vera að gerjast hér heima í meira en eitt ár, þarna úti á einni viku. Og það fór út um þúfur.

## Fimmtudagsgildran

**Þú ert ekki fyrsti maðurinn sem kemur upp í hugann, Dr. Gunni, þegar Eurovision ber á góma en þú ert hins vegar kannski fyrsti maðurinn sem mér dettur í hug við sama tækifæri, Eiríkur. Hvað fékk þig til að taka þátt núna doktor og ert þú mjög innvígður í keppnina Eiríkur?**
**Dr. Gunni:** Það er nú bara eins og ég segi, það varð til lag sem passaði í þessa keppni og ég ákvað að tékka á Heiðu hvort hún væri í stuði og hún var í stuði.
**Eiríkur:** Ég er þeirrar ónáttúru gæddur að ég hef alltaf viljað fara eigin leiðir og hef náttúrulega fengið að líða fyrir það hjá gagnrýnendum. En ég hef svo mikla tröllatrú á sjálfum mér sem rokkara að mér finnst ég geta leyft mér allt og líka það að taka þátt í Eurovision. Ég held að það sé meira rokk í mér á þremur mínútum í Eurovision en hjá mörgum í heilan feril. Þó svo að menn eigi sína fortíð í að fordæma Eurovision þá finnst mér að menn ættu að hugsa dæmið aðeins aftur og ef menn eru með gott lag undir höndum, að reyna að fatta það hvað þetta er stór vettvangur. Þegar ég var úti með Gleðibankann á sínum tíma, þá man ég hvað manni buðust mörg hugsanleg sambönd sem ég nýtti mér svo aldrei. Þetta er markaður sem hægt er að nýta sér.
**Dr. Gunni:** Ég er ekkert svo viss um að keppnin sé svakaleg lyftistöng fyrir einn né neinn, ég held til dæmis að Lordi hafi ekkert selt mikið af plötum þó þeir hafi unnið í fyrra. Held þeir hafi náð um 100.000 eintök af fyrsta albúminu þeirra sem er helmingi minna en Gus Gus seldi. Þannig að ég held að þetta sé ekki alþjóðlegur stökkpallur.
**Eiríkur:** Það er í rauninni bara eitt dæmi um slíkt og það var Abba.
**Dr. Gunni:** Já og Celine Dion kannski. En það dæmi var kannski ekki eftirsóknarvert.

**Hafði skrímslasveitin Lordi kannski einhver áhrif á það að þið ákváðuð að taka þátt?**
**Dr. Gunni:** Já, kannski aðeins. Ég er dálítill áhugamaður um finnska menningu og tónlist þannig að ég hélt með þeim síðast og hafði mjög gaman af því að þeir ynnu. Líka fyrst að Silvía Nótt tók þátt síðast að þá hélt maður að keppnin væri orðin kannski nógu svöl.
**Eiríkur:** Ég get tekið undir það og ég vonaðist til að Lordi myndu vinna. Ég spáði því líka að ef þeir kæmust áfram frá fimmtudegi til laugardag að þá myndu þeir vinna. Það er í sjálfu sér meira afrek að komast áfram á fimmtudeginum heldur en að lenda í 10 efstu sætunum í lokakeppninni. Ég held það ætti að vera markmið þess aðila sem fer út fyrir okkar hönd.
**Dr. Gunni:** Það eru ekki einu sinni helmingslíkur á að komast upp úr fimmtudeginum þannig að við gætum verið föst þar.

## Misheppnuð danskennsla

**Eurovision hefur oft verið nefnd ýmsum nöfnum, ruslakista tónsmíða, söngvakeppni samkynhneigðra og fleira, hvert er ykkar álit á keppninni?**
**Eiríkur:** 70-80 prósent þess sem flutt er í keppninni eru vafalítið mjög léleg. Ég held ég falli inn í þann stóra hóp sem hefur ekkert álit á Evróvisjón en horfir samt á þetta. Þetta er þrælskemmtileg vika í útlöndum og ef þú ert heppinn þá eru listamenn þarna sem þú þekkir og svo aðrir sem þú þarft að hafa túlk þér til handa til að ná sambandi við. Þetta er frábær vika þar sem allt flæðir í kampavíni.
**Dr. Gunni:** Ég myndi segja að þetta væri frábær ástæða til að hafa gott partí.

**Dr. Gunni, hvað fannst þér um búningana sem Eiríkur var í þegar Icy-tríóið söng Gleðibankann og hefur þú fylgst með skyrtutísku doktorsins, Eiríkur?**
**Dr. Gunni:** Ég var auðvitað mjög andfélagslegur árið 1986 þannig að ég horfði ekkert á þetta svo búningarnir fóru alveg fram hjá mér.
**Eiríkur:** Búningarnir okkar þá eru auðvitað bara frábær saga og segja má að þjóðfélagið hafi hreinlega farið á hvolf. Þetta gekk svo langt að einhver reyndi meira að segja kenna mér og Pálma að dansa sem var auðvitað gjörsamlega misheppnað. En hvað skyrturnar hans Gunna varðar þá hefur það farið fram hjá mér eins og svo margt sem hefur gerst meðan ég var úti.
**Dr. Gunni:** Þú verður auðvitað að gera þér grein fyrir því að þú ert að tala við Norðmann.
**Eiríkur:** Já, ég man samt eftir Gunna í Svarthvítum draumi, Bensínskrímslið skríður var mjög gott lag.
**Dr. Gunni:** Já, sko. Og ég á meira að segja eina plötu með Start.

**Hver haldið þið að muni veita ykkur harða samkeppni?**
**Dr. Gunni:** Friðrik Ómar og Jónsi. Annars er erfitt að spá í það.
**Eiríkur:** Ég er svo heppin að þar sem ég bý erlendis hef ég aðeins heyrt þau lög sem voru í mínum riðli. En ég hef heyrt marga segja að Heiða og Dr. Gunni eigi góða möguleika.

**Verður þetta mikið andlegt álag?**
**Eiríkur:** Ég held bara mínu striki, finn mér einhvern glugga og næ mér í síðasta smók rétt fyrir úrslit. Annars er þetta bara Eurovision og fólk verður að gera sér grein fyrir því að andlega álagið felst í því að ætla að hlusta á næstum 40 Eurovisionlög í partíinu, það kemst enginn heill heilsu frá því. Bara það að þjóðin fari ekki í einhverja gleðibankageðveiki.
**Dr. Gunni:** Sem gerist samt alltaf, sama hversu oft við lendum í 16. sæti. En já, það er mjög nauðsynlegt að taka margar, margar klósettpásur þegar horft er á keppnina heima í stofu. ■

# Verðhrun!

## á bókum 33-80% afsláttur

## lokadagar

Einungis í Smáralind, Kringlu og á Akureyri




*Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði

Gildir til 18. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Vinstriöfgahryðjuverk rifjas

Reynslulausn Brigitte Mohnhaupt úr fangelsi í Þýzkalandi hefur vakið aftur upp umræður um **Rauðu herdeildirnar** og hryðjuverk þeirra á áttunda áratugnum og síðar. *Auðunn Arnórsson* rifjar upp feril Mohnhaupt, Baader-Meinhof-gengisins og RAF.




Á mánudaginn var úrskurðaði dómstóll í Stuttgart að Brigitte Mohnhaupt, sem fyrir þremur áratugum var einn helzti forsprakki hinna alræmdu hryðjuverkasamtaka Rauðu herdeildanna í Þýskalandi, skyldi fá reynslulausn úr fangelsi í lok marz næstkomandi. Þá verður hún búin að afplána 24 ár af þeim fimmfalda lífstíðardómi sem hún fékk árið 1985 fyrir aðild að níu morðum og fleiri hryðjuverkum sem unnin voru af henni og félögum hennar.

Mál Mohnhaupt - og mál Christians Klar, annars fyrrverandi RAF-meðlims sem ennig afplánar dóm fyrir hryðjuverk - hafa hleypt af stað nýrri umræðu í Þýskalandi um það hvort þeim skuli nú sýnd miskunn, þótt þau hafi ekki sýnt fórnarlömbum sínum neina miskunn á sínum tíma. Málið rifjar upp erfiða tíma í þýzkri nútímasögu, þegar landið var skipt í tvö ríki sínu hvoru megin járntjaldsins.

### Alrei sýnt iðrunarmerki

Mohnhaupt hefur aldrei sýnt neina iðrun, en Klar hefur sótt um náðun hjá Horst Köhler, forseta Þýzkalands. Fyrstu slíka umsókn sína sendi hann fyrirrennara Köhlers í embætti, Johannes Rau, árið 2003. Tvær konur til viðbótar sitja enn í fangelsi í Þýskalandi fyrir hryðjuverk framin í nafni RAF, Eva Haule og Birgit Hogefeld. Þær voru meðal liðsmanna samtakanna sem fengu hæli í Austur-Þýzkalandi, en eftir fall Berlínarmúrsins kom í ljós að kommúnistastjórnin í Austur-Berlín hafði stutt baráttu RAF með ráðum og dáð og veitt liðsmönnum samtakanna skjól þegar þeir þreyttust á að fara huldu höfði vestan megin múrsins.

Dómstóllinn í Stuttgart úrskurðaði að Mohnhaupt væri ekki lengur hættuleg samfélaginu, en það er hin lagatæknilega forsenda fyrir reynslulausninni. Í rökstuðningi fyrir úrskurðinum er tekið fram, að hann sé felldur „á grundvelli lögfræðilegra skilmála og í honum felst ekki náðun,“ að því er Josefine Köblitz, talsmaður dómstólsins, greindi frá.

Mohnhaupt, sem nú er 57 ára að aldri, á vísa íbúð og tilboð um starf um leið og fangelsisvistinni sleppir, en samkvæmt reynslulausnarskilmálunum verður hún að tilkynna sig reglulega til yfirvalda næstu fimm árin. Af síðustu 35 árum hefur Mohnhaupt samtals varið 29 árum á bak við lás og slá. Frá því á námsárum hennar við Münchenarháskóla hefur líf hennar allt snúizt um Rauðu herdeildirnar og afleiðingar gerða hennar í nafni hryðjuverkasamtakanna. Í skilorðsúrskurðinum segir að hún hafi ekki sýnt vilja til að iðrast gerða sinna; hún hafi „ekki skapað fjarlægð á gerðir sínar í þeim skilningi að gera sér grein fyrir ranglætinu sem átti sér stað með þeim ódæðisverkum sem framin voru.“ En Mohnhaupt hafi í viðtölunum fyrir skilorðsúrskurðinn sagt að „tíminn fyrir vopnaða baráttu“ væri liðinn og viðurkenndi að hafa valdið aðstandendum hinna myrtu þjáningum.



**BRIGITTE MOHNHAUPT** Hér á leið fyrir dóm í Stuttgart 2. apríl 1985.



**FLUGRÁN** Flugmaður farþegaþotu Lufthansa, sem palestínuarabar rændu til að auka þrýstinginn á vestur-þýzk stjórnvöld að láta RAF-fangana lausa, sést hér í Dubai hinn 15. október 1977 áður en hann var drepinn af flugræningjunum. Sérsveit þýzka hersins batt enda á flugránið á flugvellinum í Mogadishu í Sómalíu hinn 18. október, daginn sem Baader, Ensslin og Raspe sviptu sig lífi í fangelsinu í Stuttgart.



**EFTIRLÝST** Eftirlýsingarskjal þýsku lögreglunnar frá því í október 1977, með myndum og nöfnum Mohnhaupt og félaga.

### Herskáasti armur ´68-kynslóðarinnar

Ferill Mohnhaupt inn á braut hryðjuverka hófst í lok sjöunda áratugarins. Um hann er hins vegar mun minna vitað en hinna af þekktustu forsprökkum Baader-Meinhof-gengisins og Rauðu herdeildanna, svo sem Andreas Baader, Ulrike Meinhof, Gudrun Ensslin eða Holger Meins. Mohnhaupt hefur aldrei veitt fjölmiðlaviðtöl og ástæður þess að hún leiddist inn á braut hryðjuverka eru því að miklu leyti ókunnar.

Mohnhaupt hóf nám við háskólann í München eftir stúdentspróf árið 1967. Fyrst um sinn var hún í góðborgaralegum félagsskap, átti um tíma kærasta af aðalsættum og giftist öðrum samstúdent árið 1968. Fljótlega eftir það gekk hún í kommúnu og í þeim félagsskap hófst pólitísk vinstriróttækni hennar. Upp úr hjónabandinu slitnaði, en eiginmaðurinn, Rolf Heißler, átti síðar eftir að fylgja Mohnhaupt inn í raðir Rauðu herdeildanna.

### Sprengjur og bankarán

Upptök Rauðu herdeildanna má rekja aftur til ársins 1967, þegar Andreas Baader, sem þá var námsmaður í Frankfurt, ofbauð er þátttakandi í götumótmælum stúdenta í Vestur-Berlín, Benno Ohnesorg, beið bana í átökum við lögreglu. Hann sór að beita valdi í nafni „andkapitalískrar“ og „andfasískrar“ byltingarhugmyndafræði og byrjaði árið 1968 á því að sprengja heimagerðar sprengjur í stórverslunum í Frankfurt. Baader var handtekinn og fangelsaður, en slapp árið 1970 með aðstoð blaðakonu að nafni Ulrike Meinhof. Þar með var Baader-Meinhof-gengið orðið til, sem síðar varð þekkt undir nafninu Rauðu herdeildirnar og skammstöfuninni RAF.

Árið 1970 fóru nokkrir liðsmenn samtakanna til Jórdaníu, þar sem þeir hlutu þjálfun í skæruliðastarfsemi í herbúðum Frelsissamtaka Palestínu, PLO. Næstu tveimur árum vörðu þeir í að ræna banka og sprengja sprengjur í völdum byggingum heima í Þýzkalandi. Baader náðist ásamt félögum sínum Jan-Carl Raspe og Holger Meins í skotbardaga við lögreglu í Frankfurt 1. júní 1972.

Árið 1975, á meðan aðalréttarhaldið yfir Baader, Ensslin, Meinhof og Raspe stóð yfir, stóðu félagar þeirra fyrir árás á sendiráð Vestur-Þýskalands í Stokkhólmi. Starfsmenn þess voru teknir í gíslingu, en Helmut Schmidt, kanzlari Þýzkalands, neitaði að gengið yrði að kröfu gíslatökumannanna um að RAF-fangarnir yrðu látnir lausir. Tveir gíslar voru drepnir. Ulrike Meinhof hengdi sig á meðan á réttarhaldinu stóð. Því lauk árið 1976 með lífstíðarfangelsisdómum yfir Baader, Ensslin og Raspe. Holger Meins var ekki dæmdur þar sem hann hafði svelt sig til bana í fangelsinu í nóvember 1974.

### Ný forystukynslóð RAF

Mohnhaupt gekk til liðs við RAF vorið 1971 og hóf þá þátttöku í neðanjarðarstarfsemi hinna ólöglegu samtaka. Hún varð fljótlega ábyrg fyrir íbúðum þeim sem liðsmenn samtakanna, sem fóru huldu höfði, notuðu í Vestur-Berlín. Hún var handtekin þar í júní 1972, tveimur dögum eftir að Gudrun Ensslin lenti í höndum laganna varða og rúmri viku eftir handtöku Baaders. Í byrjun júní hafði eldur komið upp í einni af áður-



## STÁKALEGAR STELPUR

Þriðji áratugurinn og stelpur í strákafötum einkenna haust- og vetrarlínu Pauls Smith. Línan var kynnt á tískuvikunni í London og stóðst hún allar væntingar.

TÍSKA 6

## DÍSILVÉLAR Í KAPPAKSTURSBÍLA



Yfirburðasigur dísilknúins bíls í Le Mans markar þáttaskil í þróun dísilvéla.

BÍLAR 3



## ALLT HITT

**[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA ]**

**Ókeypis** flug og 100.000 kr. í farareyri eru í verðlaun fyrir heppinn viðskiptavin Iceland Express. Bóka verður flugið fyrir 1. mars og verður maður að vera kominn heim aftur fyrir 1. apríl, til að eiga möguleika á að fá flugið endurgreitt auk 100.000 króna í farareyri.



**Munthe** plus Simonsen er ný dönsk tískuvöruverslun sem verður opnuð 22. febrúar hérlendis. Af því tilefni verður stutt og laggóð tískusýning milli klukkan 17 og 19 að Vatnsstíg 3 í Reykjavík.

**Ný týpa** Honda CR-V, sem frumsýndur var síðustu helgi, hefur hlotið mikla athygli. Bíllinn er áfram til sýnis hjá Bernhard í Vatnagörðum.

**Útivist** stendur fyrir gönguskíðaferð á Tindfjöll 23. til 25. febrúar. www.utivist.is

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 17. febrúar, 48. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.17 | 13.42 | 18.07 |
| Akureyri | 9.10 | 13.26 | 17.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Davíð Garðarsson er mikill Land Rover unnandi og er sjálfur í stjórn Íslandrover, félagi Land Rover eigenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Konan tekin á eintal út af litum

***Þegar Davíð Garðarsson fékk Range Rover jeppa árgerð 1983 átti hann þá ósk heitasta að bíllinn yrði appelsínugulur. Hrafnhildur Jónsdóttir, kona Davíðs, harðneitaði í fyrstu, en í dag er hún hæstánægð og keyrir stolt um á þeim appelsínugula.***

„Þegar ég eignaðist bílinn dauðlangaði mig í þennan appelsínugula lit en Hrafnhildur Jónsdóttir, konan mín, harðneitaði,“ segir Davíð Garðarsson bifvélavirki hjá B & L.

Vinnufélagar Davíðs brugðu þá á það ráð að bjóða Hrafnhildi að mála bílinn í sjálfboðavinnu ef hún samþykkti appelsínugula litinn og það varð úr. „Þeir náðu henni á eintal án minnar vitundar og hún samþykkti þetta bara í einhverju bríeríi og bjóst aldrei við því að þetta yrði að veruleika,“ segir Davíð hlæjandi. Þeir félagarnir tættu allt innan úr honum, teppalögðu, settu ný inniljós og máluðu að lokum skær-appelsínugulan, alveg eins og Hrafnhildi hafði verið lofað. „Þeir unnu að þessu í fleiri daga með mér, allt í sjálfboðavinnu og þegar hann var tilbúinn slógu þeir saman í númeraplötuna G4 sem bíllinn er nú nefndur í daglegu tali,“ segir Davíð.

Þrátt fyrir að Hrafnhildur hafi verið helsti andstæðingur litarins í byrjun er það einmitt hún sem notar bílinn mest í dag. Fjölskyldan fer gjarnan á fjöll og í jeppaferðir með félagi Land Rover eigenda, Íslandrover þar sem Davíð er sjálfur stjórnarmeðlimur. „Við förum gjarnan upp að Hólaskógi fyrir ofan Búrfell þar sem bróðir minn heldur til og þá keyrum gjarnan áfram til Landmannalauga og Hveravalla,“ segir Davíð sem sér svo sannarlega ekki eftir að hafa látið appelsínugula drauminn rætast. *- rh*

## Banameinið vannæring

FYRIRSÆTA DEYR ÚR VANNÆRINGU.

Eliana Ramos, fyrirsæta frá Úrúgvæ, lést nýverið af völdum vannæringar. Dauði hennar hefur vakið talsvert umtal þar sem systir hennar, fyrirsætan Luisel, lést af sömu ástæðu í ágúst á síðasta ári. Dauða systranna bar brátt að. Þannig fékk Luisel hjartaáfall við sýningarstörf og hrundi niður. Dauðsföllin þykja sýna fram á nauðsyn þess að herða þurfi eftirlit með holdarfari fyrirsætna. *- rve*



Dauðsföll systranna Eliönu og Luisel Ramos hafa vakið mikið umtal.





Jón sér um málið

Hjá Jónum Transport bjóðum við upp á alhliða þjónustu varðandi inn- og útflutning. Við komum sendingunum örugglega frá upphafsstað til endastöðvar, í sjó- eða flugfrakt, ásamt tilheyrandi pappírsvinnu. Þú bara hringir og Jón sér um málið.

Jónar Transport



**Bílaklúbbur** Akureyrar heldur aðalfund sinn í dag. Innan klúbbsins eru deildir eins og jeppadeild, rallakstursdeild, spyrnudeild, sýningardeild og fornbíladeild, sem setur fallegan svip á Akureyri þann sautjánda júní ár hvert.



Chrysler-bílaframleiðandinn í Bandaríkjunum stendur illa.

## Chrysler í vanda

VERULEGUR NIÐURSKURÐUR VERÐUR HJÁ FRAMLEIÐENDUM CHRYSLER Í BANDARÍKJUNUM.

Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda er greint frá frétt þess efnis að DaimlerChrysler samsteypan, sem m.a. á og rekur Mercedes Benz og Chrysler og framleiðir Chrysler- og Benzbílabíla bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, ætli að skera verulega niður bandarísku Chrysler-bílaframleiðsluna þar sem hún er rekin með stórtapi og jafnvel selja hana frá samsteypunni. Tilkynnt var að 13 þúsund störf í Bandaríkjunum yrðu lögð niður.

En þótt Chrysler í USA standi illa þá stendur DaimlerChrysler ágætlega á heildina litið og nettóhagnaður síðasta árs er 3,2 milljarðar evra miðað við 2,8 milljarða árið áður.


Traust
dráttarbeisli
Ásetning á staðnum.



VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

Alternatorar – Startarar



Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jarðýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.
Yfir 40 ára reynsla og þekking
Valeo truma
Umboðið
Á lager-Hraðpantanir.
Viðgerðir.
Einnig:
Truma Gasmiðstöðvar
BÍLARAF
Auðbrekku 20,
Sími 564 0400

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066




Glansandi felgur og ljómandi lakk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Frá druslu til glæsibifreiðar

***Bílaþvottastöðvar henta vel þeim sem ekki hafa tíma til að þrífa bílinn sjálf.***

Veðráttan á Íslandi er ekki bílvæn. Hér skiptast á skin og skúrir, í hálku er salti stráð á vegina og tjara og salt sest á bílinn og beinlínis étur hann að utan. Það er því nauðsynlegt að reyna að verja bílinn fyrir þessum utanaðkomandi áhrifum. Það er gert með því að þrífa hann reglulega og sérstaklega að bóna hann því bón er jú talin ein besta vörnin fyrir salti, tjöru og ryði.

Fólk er þó misduglegt við að þrífa bílana sína. Sumum vex það mjög í augum og finnst beinlínis leiðinlegt að eyða tíma í að ryksuga og þvo bílinn. Fyrir þetta fólk koma bílaþvottastöðvarnar sér einstaklega vel. Þær eru margar og fjölbreyttar. Sumar bjóða upp á sjálfsala þar sem bílnum er keyrt í gegn og tölva sér um allt ferlið. Aðrar bjóða upp á meiri þjónustu þar sem vanir menn þvo og bóna með handafli.

Sumar bílaþvottastöðvar bjóða upp á að bíllinn sé sóttur og honum skilað að verki loknu og því hægt að koma í vinnuna á skítugri druslu og keyra heim á glansandi glæsikerru. Bíllinn sem sést hér á myndunum var einmitt nýbúinn að vera á einni slíkri þvottastöð, Bón og þvotti í Vatnagörðum. *- sgi*



Þykkt lag af drullu þekur allan bílinn.



Bónaður, fínn og glansandi.



Tjara og salt sest á bílana í ryskjóttu íslensku veðri.

# Formúluferð til Barcelona

***Ferðaskrifstofan Ísafold býður upp á ferð á formúluna í Barcelona. Uppselt er á keppnina og er áhuginn gríðarlegur vegna heimkomu heimsmeistarans, Fernando Alonso.***

Síðan Spánverjinn Fernando Alonso sigraði í keppni ökuþóra í Formúlu 1 kappakstrinum hefur áhugi Spánverja á formúlunni aukist mikið. Slegist hefur verið um miða á kappaksturinn í Barcelona 13. maí næstkomandi, löngu er orðið uppselt og svarti markaðurinn kringum miðana blómstrar. 140.000 miðar voru í boði og geta Íslendingar nálgast nokkra þeirra gegnum ferðaskrifstofuna Ísafold.

„Við hjá ferðaskrifstofunni Ísafold höfum undanfarin ár staðið fyrir ferðum á formúlukeppnir í Þýskalandi, en núna bjóðum við mjög spennandi ferð til höfuðvígis formúlunnar í Barcelona,“ segir Jón Baldur Þorbjörnsson fararstjóri ferðarinnar. „Ferðin tekur viku og sameinar formúluna og sumarfrí en gist er í strandbænum Santa Susana, rétt austan við Barcelona. Þarna er nóg að gera bæði í sólinni og menningunni og er ferðin því einnig upplögð fyrir betri helmingana, ef svo má að orði komast.“

Flogið verður utan 7. maí og hægt er að velja um flug heim 14. og 17. maí. Verð er mismunandi eftir lengd dvalar og hvort miði á formúluna fylgir með. „Fólk þarf að ákveða sig tímanlega, því vegna mikillar eftirspurnar eftir miðum náum við ekki að sitja á þeim lengur en núna fram til mánaðamóta febrúar/mars,“ segir Jón Baldur.

Áhugasömum er bent á heimasíðu Ísafoldar, www.isafoldtravel.is.



Alonso keyrði fyrir Renault í fyrra en hefur skipt yfir í McLaren. Spennandi verður að sjá hvernig árangurinn verður hjá nýju liði.



Formúlan er gríðarlega vinsæl á Spáni og á Alonso fjölmarga áhangendur. Myndin er tekin í kappakstrinum í Barcelona í fyrra,



Páll Helgi Halldórsson, sölustjóri hjá Öskju, afhendir Sigurgeiri Aðalgeirssyni, framkvæmdastjóra Alla Geira, einn af nýju Benzunum.

## Alli Geira kaupir bíla

FLUTNINGAFYRIRTÆKI ALLA GEIRA HF. Á HÚSAVÍK FÉKK Á DÖGUNUM AFHENTA ÞRJÁ NÝJA MERCEDES-BENZ ACTROS BÍLA.

Alli Geira er með daglegar áætlunarferðir á milli Húsavíkur og Reykjavíkur, auk þess að sinna daglegum akstri í Þingeyjarsýslum og víðar um Norðurland. Hann hefur nú aukið við bílaflotann með kaup á þremur bílum.

Tveir bílanna eru með kæliflutningakössum frá Ekeri í Finnlandi, en sá þriðji er dráttarbíll, sem er ætlaður til gámaflutninga.

## FIAT leitar til Kínverja

FIAT OG KÍNVERSKI BÍLAFRAMLEIÐANDINN CHERY ERU Í VIÐRÆÐUM UM AUKIÐ SAMSTARF.

Kínverski bílamarkaðurinn er sá markaður sem stækkar hvað mest. Efnahagsumhverfið er stöðugt að verða frjálsara og líta margir bílaframleiðendur landið hýru auga. FIAT er einn þeirra.

FIAT á nú þegar í samstarfi við Chery og Nanjing Automobile. Þrálátur orðrómur er í gangi þess efnis að Nanjing vilji losna á meðan Chery vilji meira. Það gæti þýtt sameiginlega framleiðslu FIAT og Chery í náinni framtíð. Sú samvinna gæti skilað FIAT minni framleiðslukostnaði og Chery vonandi ítalskri fágun (eða bara einhverri fágun því þeir þurfa nauðsynlega á henni að halda).



Chery seldi yfir 270 þúsund bíla í fyrra. Nú vill FIAT auka samstarf sitt við þá.

- tg

# Dísilvélar í Formúlunni?

***Dísiltæknin sækir stöðugt á og nú er svo komið að bílasmiðir í Formúlu 1 eru farnir að athuga smíði dísilvéla. Þeir líta helst til árangurs dísilvélar Audi í Le Mans kappakstrinum.***




Peugeot 908 sem keppt verður á í næsta Le Mans kappakstrinum.

Fleiri og fleiri kjósa að kaupa bíla með dísilvélum. Ástæðurnar eru ýmsar. Þær menga minna, eru ódýrari í rekstri og skila mun meira togi en frændur sínir bensínvélarnar. Ýmsir ókostir hafa þó fylgt þeim, hávaði, grófleiki og mikil þyngd sem er það síðasta sem ökumaður vill í bílinn. Með auknum áhuga almennings og áherslu framleiðenda á þróun þeirra eru dísilvélarnar hins vegar að ná bensínvélunum og margir sérfræðingar spá því að brátt muni þær fara fram úr þeim.

Úrslitin í Le Mans kappakstrinum á síðasta ári eru vitnisburður um sókn dísiltækninnar. Í fyrsta skipti í sögunni sigraði dísilknúinn bíll kappaksturinn og það með nokkrum yfirburðum. Þar var á ferð Audi R10 en hann sigraði einnig í Sebring kappakstrinum fyrr á árinu. Það verður að teljast frábær árangur á jómfrúarári.

Sigrarnir gáfu skýrt til kynna möguleika dísiltækninnar og nú keppast aðrir framleiðendur við að skoða kosti sína og hefur Peugeot þegar ákveðið að keppa á dísilbíl á næsta ári, Peugeot 908 LM. Með þessu vonast þeir eftir að ná í skottið á keppinautum sínum í Audi og um leið þróa dísilvélar sem koma sér vel á dísilþyrstum Evrópumarkaði.

Hugmyndir eru einnig uppi um notkun dísilvéla í Formúlu 1. Það er þó ákveðnum vandkvæðum bundið vegna flókinna reglugerða og enn flóknari reglubreytinga sem ganga þyrftu í gegn áður en hægt væri að hleypa dísilbílum á brautina.

Allt er þó mögulegt. Hver veit nema eftir fimm ár að Schumacher hafi fengið nóg af ljúfa lífinu og snúi aftur í Formúluna og rifji upp gamla takta á dísilknúnum Ferrari?

*tryggvi@frettabladid.is*



Audi sigraði í síðasta Le Mans kappakstri á dísilbíl. Þetta er í fyrsta skipti sem dísilbíll sigrar í þessum erfiða 24 tíma kappakstri.



5,5 lítra dísilvélin í Peugeot 908 skilar rúmum 700 hestöflum. Hún er öll úr áli.




Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

**Bólusetningar** fyrir hinum ýmsu kvillum geta verið nauðsynlegar áður en lagst er í ferðalög til fjarlægra landa. Á vef Heilsugæslunnar er yfirlit yfir bólusetningar og hvaða lönd þær eiga við. www.heilsugaeslan.is

SVEITAHÓTELIÐ Í SVEINBJARNARGERÐI
COUNTRYHOTEL
SVALBARÐSSTRÖND AKUREYRI • TEL. 462 4500

Komdu Norður!

Ástin mun blómstra í sveitinni á konudaginn og af því tilefni bjóðum við einstakt konudagstilboð. Tilboðið inniheldur gistingu í **2 nætur**, morgunverð og 3ja rétta dekurmatseðil með kampavín í fordrykk.

Verð aðeins 9.995,- per. mann.

Matseðill
Fordrykkur : Kampavín
Koníaksbætt humarsúpa & hvítvínsglas
Ostafyllt lambafilé með fondant kartöflu og sherrý-balsamico sósu & rauðvínsglas
Frönsk súkkulaðikaka a' la Amore & kaffi/te

Pantanir í síma: 462 4500
www.countryhotel.is



Skólahópar!
Fljótasiglingar - Klettaklifur
Hestasýningar - Gönguferðir - Gisting
Veitingar - Ratleikir - Hestaleiga
Hafið samband og við gerum tilboð
Verið velkomin! bakkaflot@islandia.is
Sími 453-8245 & 899-8245 • Ferðaþjónustan Bakkaflöt
560 Varmahlíð, Skagafirði – www.bakkaflot.is

allt auglýsingasími
550 5880

## Ferðastofa á Akureyri

NÝLEGA VAR STOFNUÐ AKUREYRARSTOFA SEM MUN SJÁ UM FERÐA-, ATVINNU, MENNINGAR- OG MARKAÐSMÁL Á AKUREYRI.

Markmið Akureyrarstofu er meðal annars að efla ferðaþjónustu í bænum og gera hana að heilsársatvinnugrein. Þar sjá Akureyringar fyrir sér að ársverkum geti fjölgað til muna.

Þetta kom fram á kynningarfundi um starfsemina fyrir nokkru. Einnig kom fram að vilji væri fyrir því að stofan kæmi sér fyrir að Hofi, nýju menningarhúsi á Akureyri. Fram kom á fundinum að svæðisbundin samstarfsverkefni uppfyllti ekki þörfina á markaðssetningu í bænum og nú er stefnt að þverfaglegu samstarfi í bænum. Áhersla verður lögð á nafn Akureyrar, að það verði þekkt sem ákjósanlegur og spennandi áningastaður ferðamanna og að þeir dvelji lengur í bænum.





Bolli Garðarsson er í forsvari fyrir námskeiðahald hjá Arctic Trucks sem heldur námskeið í notkun á GPS staðsetningartækjum næstkomandi mánudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Öruggari með GPS á ferðalaginu

***Notkun á GPS staðsetningartækjum er orðin nokkuð algeng meðal ferðalanga innanlands. Tækin auka til muna öryggi en gefa einnig upplýsingar um nýjar leiðir á ferðalaginu.***

„Hópar sem eru mest á ferð eins og jeppa-, göngu-, vélsleða- og mótorhjólafólk ásamt veiðifólki nota mest tækin enda mjög góð leið til að tryggja öryggi á ferð," segir Bolli Valgarðsson hjá Arctic Trucks. Fyrirtækið stendur nú fyrir námskeiði í notkun GPS staðsetningartækja.

Veiðimenn og göngufólk nota oft tækin svipað að sögn Bolla, enda oft ein á ferð og þá er gott að taka með sér tækið.

„Bæði skyttur og göngufólk merkja oft inn punkt í upphafi ferðar en hafa síðan slökkt á því á leiðinni til að spara rafhlöður, þrátt fyrir að það borgi sig að sjálfsögðu að taka með nóg af rafhlöðum. Síðan er hægt að kveikja á tækinu til að sjá hvaða leið eigi að fara til baka eða hvaða dalur eða fjall sé fram undan, sérstaklega ef skyggnið er vont," segir Bolli.

Í farartækjum er hins vegar hægt að ákveða leiðina fyrirfram og síðan keyra eftir henni. Einnig er hægt að prenta út kort og taka með sér.

Tækið getur líka skráð leiðir sem eru farnar og flutt þau gögn yfir í Google Earth leitarvélinni og breytt í kort þegar heim er komið.

Algengasta tegundin á GPS staðsetningartækjum á Íslandi heitir Garmin sem hægt er að fá með íslenskum og erlendum kortum. Þó er munur á tækjunum þar sem sum eru stíluð inn á gangandi en önnur inn á farartæki sem eru sérhæfð í vegakerfum.

Á námskeiðinu er tekið fyrir almenn notkun GPS staðsetningartækja, farið í stillingar, hvað beri að varast við notkun, vegpunkta, gerð leiða og ferla.

Einnig verður farið í grunnatriði á forritunum MapSource og nRoute ásamt notkun á GPS-gögnum í Google Earth leitarvélinni. Námskeiðið er haldið af Arctic Trucks en fyrirlesari er Ríkarður Sigmundsson frá versluninni R. Sigmundssyni ehf. sem selur Garmin-tækin.

Námskeiðið verður haldið mánudaginn 19. febrúar næstkomandi klukkan 20.00-22.00 í húsakynnum Arctic Trucks að Kletthálsi 3. Verð námskeiðsins er 3.500 kr. Nánari upplýsingar á www.arctictrucks.is.

*rh@frettabladid.is*




Lalandia– leiktu þér í fríinu

Lalandia orlofshúsasvæðið í Danmörku er spennandi valkostur fyrir Íslendinga, aðeins 150 km frá Kaupmannahöfn

***Þar sameinast kostir sólarstrandar og rólegheitanna sem einkenna góða dvöl í orlofshúsi, með afslöppuðu andrúmslofti en samt er alltaf nóg að gera, bæði úti og inni. Frábært tækifæri til að verja góðum stundum með fjölskyldunni. Hægt er að hefja leigu á hvaða degi vikunnar sem er en lágmarksdvöl er 2 nætur.***

***Vatnagarður, golf, tennis, fótbolti, keila, íþróttasalur, mini-golf, skautasvell, nudd, veitingastaðir, strandblak, gönguferðir, líkamsrækt, alls konar keppnir og leikir fyrir alla aldurshópa og margt fleira.***

***Aðeins í boði hjá Ferðaskrifstofu Akureyrar. Lalandia – góðar stundir...***

*Allar nánari upplýsingar á www.aktravel.is og í síma 4 600 600*

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Lalandia
WWW.ICELANDAIR.IS

FERÐASKRIFSTOFA AKUREYRAR
RÁÐHÚSTORGI 3 - 600 AKUREYRI
SÍMI 4 600 600 - WWW.AKTRAVEL.IS



Skógasafn er eitt stærsta safn landsins.

# Skroppið í sveitina

***Á Skógum er margt að sjá og tilvalið að skreppa þangað í dagsferð í góðu veðri.***

Ágætt er að nota helgarnar til þess að viðra fjölskylduna og skreppa í sveitaferðir annað slagið þó að vetur sé enn í fullum gangi. Fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins getur til dæmis verið alveg mátulegur bíltúr að skreppa að Skógum. Á Skógum er margt hægt að gera og er Skógasafn eitt stærsta safn á landinu en auk alls sem þar er hægt að sjá og skoða er veitinga- og kaffisala í húsnæði safnsins. Skógafoss stendur líka alltaf fyrir sínu og allt umhverfið er einstaklega fallegt. Öll fjölskyldan ætti að geta haft gaman af ferðinni og koma ánægð og endurnærð heim. *- eö*


Straumur erlendra ferðamanna til Íslands hefur aukist jafnt og þétt síðastliðin ár.

# Aukning á gistinóttum

***Gistinóttum á íslenskum hótelum fjölgaði verulega milli áranna 2005 og 2006 að því er fram kemur í tölum frá Hagstofu Íslands. Mesta fjölgunin er hjá Bretum.***

Hlutfallslega varð mest aukning gistinótta á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða þar sem þeim fjölgaði um 23 prósent. Á Norðurlandi varð aukningin um 17 prósent, á Austurlandi um 14 prósent, höfuðborgarsvæðinu 12 prósent og á Suðurlandi 6 prósent.

Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 14 prósent og útlendinga um 13 prósent, en fjölgun gistinátta erlendra gesta vegur þar þyngra þar sem gistinætur þeirra eru um 79 prósent af heildarfjölda gistinátta á þessu tímabil. Mest hefur orðið aukning á komu Breta hingað til lands en gistinætur Breta voru rúmlega 174 þúsund talsins á árinu 2006 og fjölgaði um 25 prósent milli ára. Næstflestar voru gistinætur Bandaríkjamanna, tæplega 114 þúsund. Þá koma Þjóðverjar með tæplega 110 þúsund gistinætur og þótt Þjóðverjum fjölgi lítið hlutfallslega er góð fjölgun frá öðrum löndum í Mið-Evrópu.

*www.ferdamalastofa.is*

# Handbók fyrir hestaleigur

***Gefin hefur verið út rekstrarhandbók fyrir hestaleigur og hestaferðafyrirtæki.***

Talið er að um 50 þúsund erlendir gestir fari árlega á hestbak á Íslandi. Því eykst mikilvægi fagmennsku í hestaferðaþjónustu stöðugt.

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum hefur gefið út bókina Stjórnun og rekstur í ferðaþjónustu – hestaleigur og hestaferðafyrirtæki. Mun þetta vera fyrsta rit sinnar tegundar hérlendis.

Útgáfan er liður í viðamiklu rannsóknar- og þróunarverkefni sem staðið hefur yfir um árabil við ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Námskeið fyrir rekstraraðila og starfsmenn í hestaferðaþjónustu eru fyrirhuguð í framhaldi af útgáfu bókarinnar. Bókin er rituð af Ingibjörgu Sigurðardóttur viðskiptafræðingi við ferðamáladeild.

Samtök ferðaþjónustunnar eiga aðild að verkefninu.

*Af vef ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is*



Mikilvægi fagmennsku í hestaferðaþjónustu vex stöðugt.


Tilgangur samningsins er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli samgönguráðuneytis og Ferðamálastofu.

# Skerptar áherslur

***Ferðamálastofa og samgönguráðuneytið skrifa undir árangursstjórnunarsamning.***

Undirritaður hefur verið árangursstjórnunarsamningur milli samgönguráðuneytisins og Ferðamálastofu. Tilgangur hans er að festa í sessi ákveðið samskiptaferli milli þessara aðila og skerpa áherslur í framkvæmd verkefna.

Í samningnum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur beggja aðila. Ferðamálastofa skal leggja fram áætlun til fjögurra ára fyrir 1. júlí 2007 þar sem fram komi hvernig stofnunin hyggst vinna að markmiðum sem tilgreind eru í ferðamálaáætlun 2006 til 2015. Þá skal leggja fram áætlun fyrir 15. desember ár hvert þar sem gerð er grein fyrir helstu verkefnum og árangri sem stefnt er að á komandi ári. Einnig skal leggja fram ársskýrslu þar sem borin eru saman markmið og árangur ársins og fram koma einnig þau tilmæli ráðuneytisins að Ferðamálastofa leiti leiða til að flytja verkefni út á land. *www.samgonguraduneyti.is*








**Gúmmístígvél** eru þarfaþing þessa dagana. Rigningin dynur og þá er gaman að hressa upp á tilveruna með litríkum stígvélum bæði fyrir krakka og fullorðna.




ÚTSALA

20-70% afsláttur

MC PLANET

AUSTURHRAUNI 3 · 210 GARÐABÆ
S 533 3805 · 10-18 MÁN-FÖS · 11-14 LAU


## Kate Moss afhjúpuð

VAXMYNDASTYTTA AF KATE MOSS TEKIN TIL SÝNINGAR Í LONDON.



Vaxmyndastytta af fyrirsætunni Kate Moss var opinberuð á vaxmyndasafni Madame Tussauds í London, við upphaf tískuviku þar í borg.

Moss aðstoðaði við að velja klæði á styttuna og varð klassískur lítill, svartur kjóll fyrir valinu. Styttan hvílir á Barcelona-bekk dreymin á svip, en með honum er reynt að fanga hið fjarræna augnaráð sem fyrirsætan er þekkt fyrir.

Nánar á www.madame-tussauds.co.uk/

*- rve*








Afapeysan fær á sig kvenlegan svip í meðförum Pauls Smith.

# Stelpur í strákafötum

***Paul Smith vill sjá stelpur í fötum af kærastanum næsta vetur, en þó með kvenlegu sniði.***

Mikil eftirvænting var í loftinu á tískuvikunni í London þegar Paul Smith kynnti haust- og vetrartísku sína. Ekki varð fólk fyrir vonbrigðum þegar sýningin hófst og fyrirsæturnar komu gangandi niður tískupallinn í takt við tónlist Madonnu. Þriðji áratugurinn var viðfangsefni Pauls Smith en fyrirsæturnar voru með „tventís“ greiðslur í síðum peysum og beinum pilsum. Paul vill að stelpurnar steli fötunum af kærastanum og láti sníða þau til, þannig að mikið var um vel sniðnar síðar stuttbuxur og tvídjakka. Afapeysur og herralegar skyrtur voru orðnar að kjólum eða höfðu fengið á sig kvenlegt snið ásamt buxum og jökkum.

*- keþ*



Ofan við sýningarpallinn hengu ótal lampaskermir neðan úr loftinu. Óneitanlega skapaði það heimilislega stemningu í stíl við afapeysurnar.



Svarti jakkinn er ætíð sígildur og hér sjáum við útgáfu Pauls Smith á honum fyrir næsta vetur.



Þriðji áratugurinn var allsráðandi þegar Paul Smith kynnti haust- og vetrartísku sína.


Kripalu | DansKinetics ®

Dansjóga

Njóttu þess að dansa!

Kenndar eru einfaldar danshreyfingar,
engin stíf dansspor, einnig er unnið í dansflæði
þar sem einstaklingurinn nýtur sín
og fær útrás fyrir eigin hreyfingarþörf.

Dansinn eykur orkuflæði og brennslu,
jógateygjurnar mýkja líkamann og veita innri ró.

Tíminn endar í góðri slökun.
Þú endurnýjast á líkama og sál!

**Fimmtudagsmorgna kl. 8:30**
**Námskeið hefst 8. mars**
**í Technosport Hafnarfirði**

Púlsinn námskeið



Marta Eiríksdóttir

Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is



Bleikar blúndur, sokkabönd og hvítar bryddingar á 2.995 kr.

Einfalt og svolítið gegnsætt svart korsilett á 2.995 kr.

Dásamlega sexí, svart og bleikt. 8.995 kr.

Madam Butterfly-sett í japönskum stíl á aðeins 1.995 kr.

# *Kenndu mér að kyssa rétt*

***Kvenleikinn nýtur sín í korsiletti sem ýtir undir kynþokka og ástríðufullar stundir á bak við luktar dyr.***

Í versluninni La Femme Luxury Bodouir á Laugavegi 4 er að finna mjög gott úrval af margs konar undirfatnaði. Þar á meðal eru korsilett af öllum stærðum og gerðum, en fáar flíkur þykja jafnheppilegar til að draga fram það fegursta við kvenlíkamann og korsilettin.

Upprunalega voru þau notuð dags daglega af konum víða um hinn vestræna heim og þá undir kjólum. Á tímabili þótti fallegt að hafa ónáttúrulega grannt mitti sem varð til þess að margar konur strekktu böndin svo vel að þær áttu erfitt með að ná andanum en þetta leiddi stundum til yfirliðs, sem þótti einnig afar kvenlegt fyrirbæri.

Í dag eru korsilett fyrst og fremst notuð sem æsandi undirfatnaður en til þess að grenna mittið reyna konur þá frekar að spara við sig í mat og drykk sem er öllu heilsusamlegri aðferð. Hönnuðir hafa þó sumir tekið upp á því að nota korsilett í fatalínum sínum og ber þá helst að nefna Jean Paul Gaultier, en margir muna eftir því þegar hin djarfa Madonna gerði korsilettin hans fræg hér um árið.

*- mhg*


speedo PUMA

50-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!



Puma Kart Cat II - 2.990 kr.
Rétt verð: 10.990 kr.
Stærðir 36-46




Opnunartímar:
Virkir dagar kl. 12 – 18
Laugardagar kl. 12 – 16
Sun. (18.02) kl. 12 – 16

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík








LAGERHREINSUN !!

LAUGAVEGI 91

fatnaður, skór og fylgihlutir...

allt að

70%

afsláttur

2 fyrir 1

af völdum vörum á útsöluverði

aðeins 2 dagar eftir

OPIÐ Í DAG 11-18

70% afsláttur af öllum Diesel barnafatnaði

Nýtt kortatímabil

OPIÐ :
Í DAG 11-18
SUNNUDAG 13-18

galleri laugavegi 91



CENTRUM eva gs skór galleri sautján

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR
ÚTSÖLUNNAR
Auka afsláttur af útsöluverði
20% 1 - 2 flíkur
30% 3 flíkur
40% 4 flíkur
50% 5 flíkur eða fleiri
Komið og gerið frábær kaup
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Peysa. 3.990 kr.

Hettupeysa. 5.590 kr.

Pólóbolur. 3.990 kr.

Buxur. 5.900 kr.

Pils. 4.590 kr.

Buxur. 3.990 kr.

Pels. 7.900 kr.

# Lego fyrir litlu börnin

*Í Gling-gló er mikið úrval af barna- og unglingafatnaði.*

Barnafataverslunin Gling-gló opnaði síðasta haust í Iðuhúsinu við Lækjargötu. Í versluninni eru meðal annars seld Lego-barnaföt sem margir Íslendingar þekkja vel. Lego-fötin eru framleidd í Danmörku en hafa notið mikilla vinsælda víða um heim. Fyrir um tveimur árum ákváðu framleiðendurnir svo að bæta við unglingalínu sem ber nafnið Grunt og hafa fötin slegið í gegn í heimalandinu. Grunt-fötin eru einnig seld í Gling-gló svo íslenskir aðdáendur Lego-línunnar ættu að geta fundið ýmislegt spennandi í versluninni á börnin jafnt sem unglingana í fjölskyldunni. *- eö*



Vesti. 3.990 kr.








Confetti
ÚTSALA
40-60% afsláttur
MC PLANET
AUSTURHRAUNI 3 · 210 GARÐABÆ
S 533 3805 · 10-18 MÁN-FÖS · 11-14 LAU



Þessi slá vakti mikla athygli á sýningunni.

## Slá með egglaga hálsmáli

TÍSKUHÖNNUÐURINN YEOHLEE SÝNDI HAUST- OG VETRARLÍNU SÍNA Á TÍSKUVIKUNNI Í NEW YORK.

Sérstakt andrúmsloft skapaðist á sýningu Yeohlee í New York þegar fyrirsæturnar gengu hver á fætur annarri eftir sýningarpallinum, algjörlega svipbrigðalausar, við undirleik eins harmónikkuleikara.

Sýningarstúlkurnar klæddust stílhreinum fatnaði sem þótti hafa yfir sér framtíðarlegan blæ, ýmist gerðum úr ull, himnukenndri bómull eða fínu silki. Allt sett fram á frekar lágstemmdan máta, eins og sást kannski einna best af litavali hönnuðarins. Svart, hvítt og ýmsir gráir tónar voru þannig allsráðandi.

Ein flík þótti standa upp úr á sýningu Yeohlee, en það var slá með uppbrotnu og hálfegglaga hálsmáli. Var hún álitin setja punktinn yfir i-ið á sýningunni sem þykir sanna að hönnuðurinn sé með þeim betri í dag. *- rve*

# heimaerbest

LAUGARDAGUR 17. FEBRÚAR 2007

**STÓLAHÖNNUN**

## Danski snillingurinn Hans J. Wegner

**MATARGERÐ**

## Baka og búlgursalat

**SIGRÚN STEFÁNSDÓTTIR**

## Gamli sófinn í góðum félagsskap



FRÉTTABLAÐIÐ






Þessi stóll heitir hinu einfalda nafni Stóllinn og er sennilega frægasta hönnun Wegners.



Uxinn er leðurstóll með voldugum „hornum“ þar sem höfuðið hvílir.



Teddy Bear, eða Bangsi, heitir þessi stóll, en það er auðvelt að sjá af hverju.



Kínverski stóllinn ber skapara sínum gott vitni.



Nautið er einn af þekktari stólum Wegners.

# Afburðahandbragð & ástríða

Fáir húsgagnahönnuðir hafa hannað jafnmikið af þekktum stólum og Hans J. Wegner. Hann lést í síðasta mánuði.

Danski húsgagnahönnuðurinn Hans J. Wegner var frumkvöðull á sínu sviði og einn virtasti hönnuður Dana. Hann lést fyrir skömmu, 92 ára að aldri, en hann hafði mikil áhrif á hönnun í Skandinavíu og á meðan sumir hönnuðir láta sig einungis dreyma um að hanna einn þekktan stól, hannaði hann marga slíka. Einna þekktastur þeirra er „Stóllinn“ sem er úr tekkviði, en Danmörk var einn stærsti innflytjandi tekkviðar í Evrópu eftir stríð. Af þeim sökum þróuðu Danir sérstakan tekkstíl sem barst víða og hrinti af stað tekkbylgju og framleiðslu á ódýrum eftirlíkingum á dönskum húsgögnum. Hans J. Wegner átti stóran þátt í vinsældum danskrar hönnunar en hann var þekktur fyrir afburða handbragð og ástríðu fyrir nútíma lifnaðarháttum.

Verk hans teljast til naumhyggju og hann hannaði mikið af húsgögnum þótt stólar hans séu hans þekktustu verk.

*- keþ*



Hans J. Wegner, einn virtasti húsgagnahönnuður Dana, lést í síðasta mánuði.



# STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT







## NÚ ER RÉTTI TÍMINN





### HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsu-koddanum, þar á meðal á Íslandi.





### HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á
Þar sem heilsudýnurnar frá Betra Bak aðlagast líkaman-um dreifa þær þyngdinni á allan líkamann og draga þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.





### STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er.
Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

Betra BAK

*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is*
*Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16*



Askja með sex hjartakertum sem eru svo sæt að þau gætu verið æt! Verð 750 kr.



Askja með sex blómakertum sem setja skemmtilegan svip á hvaða borðhald sem er. Fæst í Þorsteini Bergmann og kostar 450 kr.



Klassísk og vönduð hjartalaga súkkulaðiaskja með blómi. Inniheldur Günthart-súkkulaði og fæst í Vínberinu. Verð 1.280 kr.



Matthildur og Irpa ræddu heimsmálin yfir kaffibolla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Krúttlegt kaffiboð

Dúllulegur borðbúnaður, bleikar kökur og blúndur – eitthvað sem flestar litlar (og stórar) stelpur elska.

Þær stöllur Matthildur Einarsdóttir og Irpa Þöll Hauksdóttir hittust eitt síðdegið í vikunni og ræddu heimsmálin yfir blómlegum bollum og sykursætu bakkelsi. Þrátt fyrir að vera einungis á níunda ári voru þær prúðbúnar eins og fínustu hefðarfrúr og sátu við dekkað hringborð sem hæft hefði hvaða prinsessu sem er. Til að skapa réttu stemninguna var fengin aðstoð frá nokkrum af betri búðum bæjarins sem luma á ýmsu sem glatt getur rómantíska fagurkera. Matthildur og Irpa voru með hatta frá Kjólaversluninni Fix. Minni borðdúkurinn sem breiddur er yfir borðið er frá Kolf og er með svokölluðu alpamunstri og blúndukanti. Hann fæst í verslun Þorsteins Bergmann líkt og kaffibollarnir og rjómaskálin sem er frá Walther-Glas. Kisudiskurinn með marengstoppunum fæst einnig hjá Þorsteini Bergmann. Nálgast má stóra tertudiskinn í Frú fiðrildi svo og tertuhjálminn sem er frá House doctor. Glösin eru einnig frá House doctor en litli kökudiskurinn á fæti er frá Lisbeth Dahl en Frú fiðrildi flytur inn ýmsar vörur frá því rómantíska vörumerki. Hindberjailmkertin eru frá Frú fiðrildi og fengust aðrar borðskreytingar (blóm og fiðrildi) einnig þar. Hjartablöðrurnar fást í Vínberinu sem og súkkulaðimolarnir.



Guðdrun-súkkulaðiaskja frá Vínberinu, 895 kr.

Einnig má hér finna margt sem hæfir væmnasta degi ársins, Valentínusardeginum og þá ekki síður konudeginum. Verði ykkur að góðu. *-hs*












Eldhús innréttingar

Innréttingarnar eru sérsmíðaðar eftir þínum óskum.
Þú ákveður viðartegund, höldur og innviði.
Við teiknum, smíðum og setjum þær upp.
Aðeins hágæða efni á verði sem hentar öllum.

BJÖRNINN

AUGLÝSINGASTOFA ERACKMAN

Innréttingaþjónusta Bjarnarins ehf. - Ármúla 20 - Sími 562 5000 - Fax 562 5045 - bjorninn@bjorninn.is - www.bjorninn.is

ÍSLANDS
NAUT
*Stolt kjötmeistarans*



# Baka og búlgursalat

Baka og búlgursalat er gott saman eða með einhverju allt öðru. Eitt og sér eða með fleiri réttum. Baka er alltaf góð með súpu eða salati. Búlgursalat er létt máltíð og fersk, hentar vel með kjöti og fiski ef kjúklingnum er sleppt. Í báðum uppskriftunum má nota hugmyndaflugið; bæta soðnu brokkolí í bökuna, setja avokadó í salatið … Grunnurinn er einfaldur og ef eitthvað er ekki til má setja annað í staðinn.



## Baka með sætum kartöflum, spínati og geitaosti

**Bökudeig:**

250 g hveiti
200 g mjúkt smjör
örlítið salt

*Setjið hráefnið saman í matvinnsluvél og látið hana hræra og hnoða deigið saman. Það gæti þurft að setja meira hveiti í deigið (ef það er of blautt) eða mýkja það upp með nokkrum dropum af köldu vatni (ef það er of þurrt). Takið úr vélinni og hnoðið í höndunum á hveitistráðu borði. Fletjið út og setjið í bökuform, 24 cm. Stingið í ísskáp í 30 mín. Ath. að tilbúið bökudeig fæst orðið í helstu matvöruverslunum.*

**Fylling:**

150 g spínat
2 sætar kartöflur, meðalstórar, skornar í teninga
3 egg
150 ml rjómi
salt og svartur pipar
175 g mjúkur geitaostur
ferskt salat til að bera fram

Sjóðið kartöfluteningana þar til þeir eru mjúkir. Setjið spínatið í pott með bolla af vatni og sjóðið í 2 mínútur. Hellið því í sigti, kælið aðeins og kreistið úr því vatnið. Hrærið saman egg og rjóma, saltið og piprið. Dreifið spínatinu yfir bökudeigið, þá sætu kartöflunum. Hellið rjómablandinu yfir og hrærið varlega upp með gaffli. Myljið geitaostinn yfir. Stingið í 200 gráða heitan ofn og bakið í 30 mín. Kælið í 10 mín. áður en bakan er borin fram. Hafið með henni ferskt salat. Einnig góð köld.

## Búlgursalat með kjúklingi, tómötum, aspas og fetaosti

400 g búlgur, einnig gott að nota kúskús, smátt pasta gengur líka
5 msk. grænt pestó
2-3 kjúklingabringur, steiktar og skornar í bita
300 g smáir kirsuberjatómatar
100 g klettasalat, skorið aðeins niður
5 ferskir aspasstönglar, soðnir og skornir í bita
hnefi ferskt óreganó, má sleppa
200 g fetaostur
4 msk. góð ólífuolía
2 msk. balsamikedik
salt og svartur pipar

*Sjóðið búlgur eða pasta skv. leiðbeiningum eða leggið kúskús í bleyti skv. leiðbeiningum. Að því loknu hrærið þið pestó saman við búlgurnar. Setjið kjúklingabita, tómata, salat, aspas, óreganó og fetaost í skál. Hellið olíu og balsamikediki yfir, saltið og piprið. Hrærið vel saman og blandið salatinu að lokum saman við búlgurnar. Berið fram með brauði og ólífuolíu.*



*Umsjón og eldamennska: Halla Bára Gestdóttir Myndir: Gunnar Sverrisson*






## hönnun



**LEGIÐ Í LETI** Á vefsíðunni **www.steelform.com** er hægt að festa kaup á eftirgerðum af verkum frægra hönnuða. Miklum gæðum er lofað en meðal þeirra húsgagna sem þar má nálgast er eftirgerð af Barcelona-rúmi og legubekk eftir hönnuðinn Ludwig Mies van der Rohe.



**BARCELONA RÚMIÐ** er hönnun frá árinu 1930. Það er úr valhnoturamma með stálfótum. Dýnan og höfuðpúðinn eru leðurklædd. Legubekkurinn er hönnun frá 1932. Grindin er úr stáli og hægt er að stilla hæðina en dýnan er klædd fínasta leðri.



**NÝLEG ANTÍK** nýtur æ meiri vinsælda um þessar mundir. Fólk er farið að meta meira hönnun frá sjötta og sjöunda áratugnum sem á tímabili þótti bara púkó og flestir voru búnir að henda út í hafsauga. Vefsíðan **www.retrofunk.com** sérhæfir sig í að selja notaða vöru frá þessu tímabili, allt frá bókum til húsgagna og hljómtækja. Þar má finna margt skemmtilegt og sniðugt.



**Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Gunnar Sverrisson.

# PVC Gluggar • Sólhýsi Hurðir • Svalalokanir



*Frábær lausn í bæði gamalt og nýtt: Einbýlið, fjölbýlið, sumarhúsið eða hvar þar sem fegurð og gæði njóta sín.*



DANLINE gluggar



TOPLINE gluggar og hurðir











***Hafðu samband og við ráðleggjum þér***

## GLUGGA- OG GLERHÖLLIN

Ægisbraut 30 • 300 Akranes • Sími: 431 2028 • Fax: 431 3828
Netfang: glerhöllin@glerhöllin.is • Heimasíða: www.glerhöllin.is

***Einangrunargler - Öryggisgler – Speglar***

## hönnun



**DNA BORÐIÐ** er hönnun eftir Eero Koivisto. Það skemmtilega við borðið er að það býður upp á óteljandi uppsetningar og passar því inn í hvaða rými sem er. Það er samsett úr mörgum litlum og litríkum einingum sem hægt er að raða saman á allavegu. Hægt er að velja litina en borðið kemur í bláu, appelsínugulu og hvítu. Þetta borð má nálgast á www.totemdesign.com.

allt bílar
Alla laugardaga



ECC
ECC Bolholti 4
Sími 511 1001
Bætt líðan
með betra lofti
Hreinsar loftið
Eyðir lykt
Drepur bakteríur
www.ecc.is



Halldór er lærður konditorimeistari frá kóngsins Kaupmannahöfn en hefur kransakökukennsluna sem aukabúgrein. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kúnstin við kransakökur

Halldór Kr. Sigurðsson konditorimeistari ætlar á næstu vikum að kenna landsmönnum að baka kransakökur.

„Ég ætla að halda þrettán námskeið um allt land á næstunni og þau ættu að nýtast vel þeim sem eru með fermingarveislur í undirbúningi,“ segir Halldór. Námskeiðin segir hann haldin í samvinnu við Blómaval og það fyrsta verða á veitingastaðnum Ránni í Keflavík 19. febrúar.

Halldór lærði bakaraiðnina hér á landi en bætti við sig kökugerðarkunnáttunni á ekki ómerkari stað en Kransekagehuset í miðborg Kaupmannahafnar. „Ég er sérhæfður kransakökukarl,“ segir hann hlæjandi og upplýsir að Danir hafi fyrir sið að borða kransakökur með kampavíninu á gamlárskvöld. Því hafi fyrirtækið sem hann vann hjá bakað allt upp í 800 kransakökur fyrir áramótin.

En þá að námskeiðunum. „Ég bý til deigið og kem með það tilbúið en útdeili uppskriftinni svo fólk geti gert þetta aftur,“ segir Halldór og heldur áfram. „Hver og einn býr til sína 40 manna köku á námskeiðinu og tekur með sér heim ósamansetta. Því er gott að þátttakendur taki með sér ílát undir kökuna sem það getur síðan geymt í frysti. Námskeiðið tekur tvo og hálfan tíma og kostar 4.800 krónur fyrir manninn. Þar er allt efni innifalið, bæði í kökuna og skrautið, þannig að þetta er ódýr kaka miðað við að kaupa hana úti í bakaríi. Svo er lærdómur í faginu í leiðinni.“

Halldór þvertekur fyrir að kransakökugerð sé flókið fyrirbæri en kveðst vitanlega aðstoða fólk ef það eigi í vandræðum. „Á meðan kökurnar bakast dundar fólk sér við að gera skrautið og það má taka fermingarbarnið með sér í tímana,“ segir hann. „Þá skapast enn meiri stemning.“

*- gun*



Æskilegt er að frysta kransakökuhringina áður en þeir eru settir saman. Sykurinn brýtur sig í frostinu og þær verða mýkri, að sögn Halldórs.



Allt er mælt út nákvæmlega.



Hringirnir eru mótaðir fríhendis.



Réttur fláí þarf að vera á lengjunum.



Svo er skrautið búið til á sérstakan hátt.

# eurovision














Hollustuna heim!

BARNABOX
2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg
700 kr

stórir skammtar
- beint heim til þín.



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19
FRÍ HEIMSENDING

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

Hollur og góður kínamatur,

Gefðu þér 15 mínútur og sæktu matinn til okkar þá færðu
2 lítra kók og rækjuflögur FRÍTT með!
Gildir ef pantað er fyrir 2 eða fleiri

| TILBOÐ 1 | TILBOÐ 2 | TILBOÐ 3 |
| --- | --- | --- |
| Djúpsteiktar rækjur Original hot and sweet svínakjöt Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti Hrísgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa | Djúpsteiktar rækjur Peking kjúklingur m/kínasveppum Wok steikt lambakjöt m/svartbaunasósu Original hot and sweet svínakjöt Hrísgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya | Rifjapartý Konton svínarif Hrísgrjón, prjóna og soya poki af Maarud |
| 1.345 á mann 2.690 fyrir tvo | 1.445 á mann 2.890 fyrir tvo | 1.250 á mann 2.500 fyrir tvo |

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY"

**● ÞEGAR GÓÐA EUROVISIONVEISLU GJÖRA SKAL** er lögmálið að tjalda öllu því sem til er. Keppnin einkennist af prjáli og prakt, og ef hin sanna Evróvisjónstemning á að skila sér heim í stofu ætti að hafa þau gildi að leiðarljósi. Ef þessi atriði eru til staðar eru miklar líkur á að fjallar verði um partíið þitt í sögubókum framtíðarinnar. Góða skemmtun!



**● LITRÍKUR KOKTEILL** Því litríkari, því betri. Í þessu tilfelli skiptir umgjörðin meira máli en innihaldið. Svo er um að gera að hafa marglit kokteilber og glasaskraut við hendina. Og hver hefur nokkurn tíma dáið af að gleypa smá glimmer?



**● SNAKK, SNAKK, SNAKK** Og helst allar tegundir af öllu, eins og Evróvisjón-fljóðið Dana söng hér um árið. Gestirnir verða að hafa eitthvað að sökkva tönnunum í á milli laga þegar spennan ætlar að gera út af við fólk.



**● MÖRG LÖG ENN** Segir það sig ekki sjálft að ekta Eurovisiontónlist er ómissandi með öllu í partíi með sama nafni? Skelltu einu lagi enn á fóninn og þá veistu svarið – og munt ekki gleyma því þangað til að hinsti dansinn er stiginn.



**● PARTÍLEIKIR** Partíleikir og Eurovisionkeppnin eru svipuð að vinsældum. Fólk lýsir því gjarnan yfir að bæði fyrirbærin séu framúrskarandi hallærisleg, alveg þangað til útsendingin eða leikurinn byrjar. Þá skemmta allir sér konunglega. Hvernig væri að hrista hópinn saman með því að bregða á leik? Það má til dæmis láta fólk leika þekktar Eurovisionpersónur, nú, eða flytja lag, og stofan breytist í gleðibanka.



**● GLIMMER, GLAMÚR OG GLITUR** Ef Silvía Nótt kenndi okkur eitthvað, var sá lærdómur fólginn í því að það er aldrei nóg af glimmeri. Stráðu glimmeri yfir borðdúkinn, á boðskortin og sáldraðu því í kringum þig þegar úrslitin eru opinberuð. Vertu bara viss um að handryksugan sé skammt undan, svo þú missir ekki vitið þegar þú rankar við þér að partíi loknu.



**Páll Óskar fór á kostum í Eurovision-partíinu í fyrra. Hann ætlar að endurtaka leikinn í kvöld.**



**Mihali hefur sungið sleitulaust um alla Evrópu síðan Tornero sló í gegn.**

# Mihali verður skrautfjöðurin

**Um leið og keppni lýkur í undankeppni Eurovision í kvöld mun Páll Óskar Hjálmtýsson þeyta skífum á Nasa í sínu árlega Eurovision-partíi.**

Sérstakur gestur í kvöld verður fulltrúi Rúmeníu í Eurovision í fyrra, Mihali Traistariu, sem sló í gegn í Grikklandi með laginu Tornero. „Hann er alveg magnaður. Hann sýndi það og sannaði í keppninni í Grikklandi að þarna fer stór söngvari í litlum líkama. Hann er súperstjarna í sínu heimalandi og ekki að ástæðulausu,“ segir Páll Óskar. „Ég er ofsalega glaður og ánægður að fá hann hingað og líka af þessu tilefni. Tornero verður auðvitað á efnisskránni og einhverjir rúmenskir hittarar sem hann ætlar að kynna fyrir okkur. Hann verður skrautfjöður þessa Eurovision-partís.“

**PLÖTU ÞJÓFSTARTAÐ**

Auk þess að þeyta skífum mun Páll syngja sín vinsælustu lög. Útilokar hann ekki að syngja eitthvað af væntanlegri plötu sinni. „Það má vel vera að ég þjófstarti kannski einum eða tveimur lögum af henni. Þessi plata stefnir í brjálað teknó og mér líst mjög vel á blikuna. Ég er að vinna hana meðfram X-Factor, sem er meiri vinna en nokkurn grunaði. Þetta er engan veginn sambærilegt við Idol. Ég er að upplifa þetta eins og svart og hvítt,“ segir hann.

**DR. GUNNI EÐA EIRÍKUR HAUKS**

Páli Óskari líst ágætlega á lögin sem keppa í undankeppninni í kvöld og segir það ekkert borðleggjandi hver muni fara með sigur af hólmi. „Þetta verður meira spennandi keppni en í fyrra. Ég get ekki gert upp á milli tveggja laga. Það er lagið hans Dr. Gunna, Ég og heilinn minn, sem Heiða syngur af fádæma öryggi og svo er ég svolítið spenntur fyrir því að sjá Eirík Hauksson komast áfram. Það er fyrirtaks lag og ofsalega vel flutt. Ég væri ánægður með að gefa rokki eða jaðartónlist smá pláss í Eurovision og við skulum hætta þessari minnimáttarkennd því Ísland getur alveg unnið þessa keppni. Það er ekki til nein uppskrift af Eurovision-lagi og Finnland sannaði það í fyrra.“

**KEPPENDURNIR FJÖLMENNA**

Keppendurnir sem taka þátt í undankeppninni í kvöld munu mæta á Nasa auk þess sem gestir geta fagnað sigurvegaranum, sem vitaskuld mun syngja sigurlagið. „Ég á von á því að keppendurnir fjölmenni. Þetta er samt ekki prívat partí því almenningur getur keypt sig inn. Þetta er kjörið tækifæri fyrir sjóðheita aðdáendur að taka í spaðann á keppendum og Mihali,“ segir Páll Óskar.

Miðasala fer fram á Nasa og kostar 1.900 krónur inn. Húsið verður opnað klukkan 23.00 og er aldurstakmark 20 ár.

*freyr@frettabladid.is*




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Hyvää iltaa, Helsinki!

Eins og flestir vita fóru augnayndin í finnsku skrímslarokksveitinni Lordi með sigur af hólmi í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í fyrra. Fyrir vikið fer fimmtugasta og önnur söngvakeppnin fram í Helsinki í ár. Finnland, sem tók fyrst þátt í keppninni árið 1961, hefur átt misjöfnu gengi að fagna í keppninni. Í þau fjörutíu ár sem landið hefur sent fulltrúa sína í Eurovision hefur það hæst komist í sjöunda sæti, þar til skrímslin komu, sáu og sigruðu í Aþenu í fyrra. Þetta er því í fyrsta skipti sem frasinn „Good evening, Helsinki“ mun heyrast á ljósvakaöldunum.

Alls 42 lönd hafa tilkynnt um þátttöku sína í ár, sem er hæsta tala þátttakenda frá upphafi. 28 þeirra etja kappi í undankeppninni sem fram fer 10. maí. Samkvæmt reglum sem settar voru í fyrra fara löndin sem lentu í tíu efstu sætunum í fyrra sjálfkrafa inn í lokakeppnina 12. maí. Stóru löndin fjögur, Frakkland, Þýskaland, Spánn og Bretland, sem ganga undir nafninu The Big Four í Eurovision-kreðsum, hafa sjálfkrafa þátttökurétt í lokakeppninni. Fjögur lönd bætast við þátttökulistann í ár: Tékkland og



**Helsinkibúar eru gestgjafar Eurovision-keppninnar í ár, en þetta er í fyrsta skipti sem Finnar halda keppnina á þeim fjörutíu árum sem þeir hafa tekið þátt í henni.**

Georgía taka nú þátt í fyrsta skipti, og eins keppa Svartfjallaland og Serbía í fyrsta skipti sem tvö sjálfstæð ríki. Austurríki og Ungverjaland taka einnig þátt í glensinu, en þau voru ekki með í fyrra. Mónakó hefur hins vegar dregið sig úr keppni.

Sjónvarpsstöðvarnar evrópsku fara ýmsar leiðir til að útnefna fulltrúa sína. Flest halda löndin þó undankeppnir með einhverju sniði. Írland hefur þann háttinn á í ár að sveitinni Dervish var falið að semja nokkur lög, sem áhorfendur fá síðan að velja úr. Ungverjaland ætlar hins vegar að feta sömu braut og síðast þegar landið tók þátt og sendir Ungstirni ársins, sem valið verður á tónlistarverðlaunaafhendingu í næstu viku. Undankeppnir víðs vegar um álfuna eru flestar vel á veg komnar, og ætti úrslitum að rigna inn á næstu vikum.

Af vinum okkar og frændum á Norðurlöndunum hafa eingöngu Noregur og Danmörk valið framlög sín að svo stöddu. Það er dragdrottningin DQ, eða Peter Andersen, sem syngur lagið Drama Queen fyrir Danmörku í ár. Norðmenn senda hins vegar söngkonuna Guri Schanke, sem leitar á suðlægari slóðir og býður upp í dans með laginu Ven a bailar conmigo. Finnar kjósa fulltrúa sinn í kvöld, en niðurstöðu frá Svíþjóð er ekki að vænta fyrr en 10. mars. Báðar keppnir fara fram í Hartwall-höllinni, sem hýsir stærsta íshokkíleikvang frænda okkar Finna. Kynnar verða þau Jaana Pelkonen og Mikko Leppilampi. Jaana þessi er reynslubolti í Eurovision-heiminum, en hún er einmitt kynnir undankeppni þeirra Finna. Þau Jaana og Mikko verða í draumkenndri stemningu á sviðinu, því þema keppninnar ku vera „True Fantasy“, eða sannir hugarórar. Hvernig það skilar sér á sjónvarpsskjánum á eftir að koma í ljós þegar tjaldið rís hinn 10. maí.



Nú vinna allir með snilld.is
NORBIT
Í tilefni frumsýningar bíómyndarinnar Norbit þann 9. mars er leikur í gangi á snilld.is.
Allir viðskiptavinir SPRON sem skrá sig í netklúbb snilld.is til 4. mars
geta valið úr eftirfarandi glaðningum
NORBIT
Bíómiði fyrir tvo
*á meðan birgðir endast
serrano
2 fyrir 1
Brim
1000 kr innborgun
á gallabuxur
TÓNLIST.IS
10 laga inneignir
*á meðan birgðir endast
spron
snilld.is

# Vill Siggu Beinteins aftur í Eurovision

**Umsjónarmaður stærstu Eurovision-aðdáendaheimasíðu heimsins, Barry Viniker, verður sérstakur gestur á úrslitakvöldi íslensku Eurovision-undankeppninnar. Hann hefur verið aðdáandi hátíðarinnar frá árinu 1985 en hann segir að Ísland sé eitt af sínum uppáhaldsþátttakendum í keppninni.**



Barry Viniker, umsjónarmaður stærstu Eurovision-aðdáendasíðunnar á netinu, www.esctoday.com, ásamt hetjunum sínum í Bobbysocks sem hann hitti í undankeppninni í Noregi á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/

Barry var aðeins fimm ára gamall þegar hann fyrst byrjaði að hafa áhuga á Eurovision. Það var árið 1985, þegar Bobbysocks frá Noregi komu, sáu og sigruðu. „Þetta norska lag var fullkomið fyrir fimm ára dreng. Lagið var svo grípandi að ég var heltekinn af því í um það bil ár. Síðan þá byrjaði ég að fylgjast með á hverju ári, byrjaði síðan að skrifa um keppnina, gekk til liðs við heimasíðuna (www.esctoday.com) og stjórna henni núna. Þetta hefur rúllað eins og snjóbolti og í ár heimsæki ég sem dæmi undankeppnir í níu löndum og skrifa um þær á heimasíðunni.“

Barry er ekki alveg viss hversu oft hann hafi mætt á sjálf úrslitin en finnst líklegt að heimsóknirnar séu orðnar átta. Hann hefur þó eingöngu tvisvar verið á staðnum á sjálfu úrslitakvöldinu þar sem honum finnst algjörlega nauðsynlegt að sjá útsendinguna hjá BBC, þar sem Terry Wogan hefur lýst keppninni síðan árið 1980.

Spurður um uppáhaldsúrslitakvöld segir Barry að nokkur komi til greina. „Árið 1985, því það var mín fyrsta keppni og þá unnu Norðmenn líka í fyrsta skiptið. 1991, því þar var virkilega spennandi keppni á milli Svíþjóðar, Frakklands og Ísraels. Dana International árið 1998 var einnig mjög minnisstæð. Eftir að þátttakendum var fjölgað í keppninni er spennan hins vegar aldrei eins mikil og hún var alltaf.“ Barry er nokkuð fylgjandi því að núverandi formi verði breytt, það er að segja að undanúrslitakvöldið verði skipulagt öðruvísi því að minni spámenn á borð við Ísland, Portúgal og Belgíu eiga þar erfitt uppdráttar. Annars segist Barry afar ánægður með sjálft úrslitakvöldið á laugardeginum.

Barry er á leið hingað til lands í fyrsta skiptið en hann hefur lengi fylgst vel með undankeppninni hérlendis. Uppáhaldsframlag Íslendinga til Eurovision er að mati Barry Nætur, með Siggu Beinteins, en hún er í sérstökum metum hjá Barry. „Mér hefur líkað vel við öll lögin hennar í Eurovision. Ég vona bara að hún prófi að keppa einu sinni til viðbótar. Henni hefur gengið afskaplega vel til þessa og Íslendingar þurfa á góðum úrslitum að halda á næstum tveimur árum.“

Barry hefur hlustað á öll lögin sem keppa í íslensku undankeppninni í ár og líst vel á. Hann segir að nokkur laganna eigi góðan möguleika á að komast til Helsinki en er ekki tilbúinn að gefa upp hvaða lög það eru. Með tilliti til sigurvegara í aðalkeppninni undanfarin ár telur Barry samt nokkuð víst að venjulegt Júró-popp eða ballaða muni standa uppi sem sigurvegari í Helsinki.

En af hverju er Eurovision svona vinsælt? „Af því að það er skemmtilegt og kitsch. Þetta er búið að vera í gangi í 52 ár og allt sem nær að halda út svo lengi þróar með sér költ-aðdáendahóp,“ segir Barry að lokum, hýr á brá.

*steinthor@frettabladid.is*






# Hjartans mál að sigra

**Hver er maðurinn?** Ég hef haft tónlist sem aðalatvinnu. Ef ég ætti að lýsa mér sem einstaklingi þá myndi ég segjast vera fókuseraður, opinn, sanngjarn, jákvæður og sigurstranglegur!

**Áður í Eurovision?** Ég varð í þriðja sæti í þessari keppni í fyrra en það er í eina skipti sem ég hef tekið þátt. „Það sem verður“ hét það lag. Í fyrra átti ég líka lag sem Geir Ólafsson söng.

**Hvernig tónlist hlustarðu á?** Ég hlusta mikið á gamla tónlist eins og Elvis og Van Morrison. Svo hlusta ég á það sem er að gerast í dag.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir kvöldið í kvöld?** Ég ætla að einbeita mér að því að ná fullri heilsu og fara í þetta með rétta hugarfarið. Vera rétt einbeittur til að syngja fyrir fólkið heima í stofu. Annars er ég ekki hlynntur miklum breytingum fyrir svona. Ég lifi heilbrigðu lífi þannig að þetta er allt í góðu.

☎ **900 2001**
**Titill:** Eldur
**Flytjandi:** Friðrik Ómar
**Höfundur:** Grétar Örvarsson, Kristján Grétarsson
**Texti:** Ingibjörg Gunnarsdóttir

**Hvað gerirðu ef þú sigrar í kvöld?** Ég ætla að garga úr mér lungun. Ég hef fylgst með Eurovision síðan ég man eftir mér og er mikill áhugamaður um keppnina. Þetta er mér mikið hjartans mál. Ég ætla að fara fyrir hönd þjóðarinnar og gera þetta með stæl. Ég er fullviss um að þetta sé lagið sem geti komið okkur upp úr undanriðlinum.

**Besta íslenska Eurovisionlag allra tíma?** Það er Nína.



-og kroppurinn blómstrar
NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG VIÐ GULLINBRÚ
sími 588 9899
Girnileg tilboð fyrir 2 og fleiri
ATH! TIBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2l. COKE MEÐ TILBOÐINU •
krónur 1245 á mann
krónur 2490 fyrir tvo
Tilboð 1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
ATH! TIBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2l. COKE MEÐ TILBOÐINU •
krónur 1295 á mann
krónur 2590 fyrir tvo
Tilboð 2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti. Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
ATH! TIBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2l. COKE MEÐ TILBOÐINU •
krónur 1595 á mann
krónur 3190 fyrir tvo
Hot&Sticky vængir og rif
H&S svínarif. Spicy Thai kjúklingavængir. Steikt hrísgrjón með grænmeti. Ferskt salat. Sweet chilli sósa.
Vinsælasti kínverski rétturinn á veitingahúsum um allan heim
ATH! TIBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2l. COKE MEÐ TILBOÐINU •
krónur 1845 á mann
krónur 3690 fyrir tvo
Crispy Aromatic önd
Hálf önd með 18 pönnukökum, vorlauk, agúrku, plómusósu og steiktum hrísgrjónum.
frábær aðalréttur fyrir 2 einnig spennandi forréttur fyrir 4-6

# Afslappaður örlagarokkari



**Hver er maðurinn?** Maðurinn er Eiríkur Hauksson. Ég er örlagarokkari og vinn við að syngja.

**Áður í Eurovision?** Það er 1986 með ICY og 1991 fyrir Noreg.

**Hvernig tónlist hlustarðu á?** Ég hlusta langmest á þungarokk. Þar er ég eiginlega fastur í sjöunda áratugnum og hlusta m.a. á gömlu góðu Deep Purple og Sabbath. Af þessu nýja hef ég gaman af böndum eins og Pantera.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir kvöldið?** Undirbúningurinn er mjög háður því að ég er búsettur erlendis. Stefnan er sett á að koma sér heim til Íslands á fimmtudeginum og svo er undirbúningur á föstudag. Annars er þetta eins og hver önnur framkoma fyrir utan það hvað þetta er stutt. Ég er mjög afslappaður og ekkert að stressa mig. Það er allavega fasta rútínan að lauma sér eitthvert í „smók“ rétt áður en maður stekkur á svið.

**Hvað gerirðu ef þú sigrar í kvöld?** Ég hefði aldrei farið út í þetta ef ég hefði ekki verið tilbúinn til þess að fara alla leið. Ef ég sigra þá er ég til í slaginn og reyni að gera þetta eins gott og hægt er þarna úti. Ég held og vona að Íslendingar séu orðnir það sjóaðir í þessu Eurovision-dæmi að það verði ekkert brjálæði eins og var kringum Gleðibankann. Ég hef verið tengdur þessari keppni síðustu ár og túlka það þannig að Ísland á nákvæmlega engan möguleika á að vinna. Þetta er þó góð landkynning og stefnan á að vera sett á að komast í gegnum undanriðilinn. Ef það næst er sigur unninn.

**Besta íslenska Eurovisionlag allra tíma?** Gleðibankinn er sögulegasta lagið af eðlilegum ástæðum og er þrusufínt lag. Mitt uppáhalds Eurovisionlag er Nína.

**☎ 900 2004**
**Titill:** Ég les í lófa þínum
**Flytjandi:** Eiríkur Hauksson
**Höfundur:** Sveinn Rúnar Sigurðsson **Texti:** Kristján Hreinsson

# Stundar austurlenska íhugun og æfir dansspor



**Hver er maðurinn?** Ég vinn sem tónlistarmaður og einnig á Rás 2. Þar hef ég unnið í nokkur ár en annars hef ég gert tónlist í tuttugu ár. Árið 1994 gaf ég út fyrsta geisladiskinn en það var með Unun. Síðan þá hef ég bæði gert diska með hljómsveitinni Heiða og heiðingjarnir og svo sólódiska.

**Áður í Eurovision?** Árið 2003 tók ég þátt með eigin lagi og texta eftir vin minn. Það var lagið „Tangó“. Sama ár vann Birgitta með „Segðu mér allt“.

**Hvernig tónlist hlustarðu á?** Sérstaklega eftir að ég fór að vinna í útvarpinu þá breikkaði ég tónlistarsmekk minn.

Það má segja að ég hafi mjög gaman af næstum því allri tónlist nema kannski óperum og nýju kántríi. Hins vegar hef ég gaman af gamalli kántrí-tónlist. Nánast allt annað hlusta ég á, allt frá Madonnu til Black-metals. Til dæmis finnst mér norskt Black-metal alveg frábært. Ég hef alla tíð verið mikil nýbylgju- og indí manneskja. Það er margt skemmtilegt að gerast í popptónlist í dag, bæði hér heima og utan landsteinanna.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir kvöldið?** Ég hef verið í stífum æfingum daglega. Æft dansspor og austurlenska íhugun. Svo er ég á sérstöku fæði en það er leyndarmál.

**Hvað gerirðu ef þú sigrar í kvöld?** Fer maður þá ekki til Finnlands? Það verður stórkostlegt ef ég sigra. Þá mun ég verða landi mínu til sóma.

**☎ 900 2002**
**Titill:** Ég og heilinn minn
**Flytjandi:** Ragnheiður Eiríksdóttir
**Höfundar:** Dr. Gunni, Ragnheiður Eiríksdóttir **Texti:** Dr. Gunni

**Besta íslenska Eurovisionlag allra tíma?** Lagið með Páli Óskari var æðislegt en fyrir utan það tel ég okkar lag, „Ég og heilinn minn“, slaga upp í að vera eitt skemmtilegasta Eurovision-lagið. Annars er fullt af lögum sem náðu ekki að vinna forkeppnirnar hérna heima sem ég held mikið upp á. Eitt af þeim er lagið „Sögur“ sem Ingunn Gylfadóttir söng, Sölvi Blöndal gerði forritið fyrir og Sjón samdi textann við. Ég hefði viljað sjá það lag vinna það ár þótt það hafi verið sama árið og ég tók þátt. Best varðveitta Eurovision-leyndarmálið úr forkeppnunum á Íslandi.

# Eurovision alltaf verið draumur



**Hver er maðurinn?** Maðurinn heitir Andri Bergmann og kemur frá Eskifirði. Eins og er þá er ég tónmenntakennari á Eskifirði en hef undanfarin ár verið að vinna í Gítarskóla Íslands.

**Áður í Eurovision?** Ég hef horft á Eurovision og það er það næsta sem ég hef komist því að vera í keppninni. Hef bara sungið með lögunum heima í stofu. Ég held að alla hafi dreymt um að standa á sviðinu á Eurovision og ég er engin undantekning á því.

**☎ 900 2003**
**Titill:** Bjarta brosið
**Flytjandi:** Andri Bergmann
**Höfundur:** Torfi Ólafsson
**Texti:** Kristján Hreinsson

**Hvernig tónlist hlustarðu á?** Ég hlusta mest á rokk frá A til Ö. Það sem kemur fyrst upp í hugann er Metallica en ég hef verið aðdáandi þeirra síðan ég var fjögurra ára. Síðan á seinni tímum er það Radiohead, Muse og sá pakki.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir kvöldið?** Ég mun taka því bara rólega framan af þangað til að æfingar byrja. Það er eiginlega séð um allan undirbúning á sjálfan keppnisdaginn fyrir mann. Ég mun annars ekki hafa neinn sérstakan undirbúning.

**Hvað gerirðu ef þú sigrar í kvöld?** Þá ætla ég að rífa mig úr að ofan og hlaupa einn hring í kringum húsið.

**Besta íslenska Eurovision-lag allra tíma?** Það er Gleðibankinn, engin spurning.


GOTT FÓLK McCANN



Í BÍTIÐ Á BYLGJUNNI
6.55-9.00 ALLA VIRKA MORGNA

HEIMIR OG SIRRÝ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í BETRI STOFU BYLGJUNNAR
FULLUR ÞÁTTUR AF ÖLLU SEM ÞÚ ÞARFT FYRIR DAGINN

Dægurmál, fréttir, veður, íþróttir og allt þar á milli

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!




**Gullnu reglur Græna ljóssins**

**1** *Ekkert hlé* – Myndin sýnd í einum rykk

**2** *Minna af auglýsingum* – Sýning myndarinnar byrjar fyrr

**3** *Engin truflun* – Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst

FRÉTTABLAÐIÐ

Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.

Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.

græna ljósið

- Ekkert hlé á góðum myndum

www.graenaljosid.is – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins



**900 2005**
**Titill:** Blómabörn Flytjandi: Bríet Sunna Valdemarsdóttir **Höfundur:** Trausti Bjarnason **Texti:** Magnús Þór Sigmundsson

# Elvis í uppáhaldi

**Hver er maðurinn?** Ég heiti Bríet Sunna og vinn á bar í Keflavík um helgar. Virka daga æfi ég mig að syngja og dunda mér við að krassa niður einhverja texta. Svo er ég mikil félagsvera og finnst gaman að vera með fjölskyldunni. Er mikið fyrir að spjalla.

**Áður í Eurovision?** Nei. Ég hef aldrei áður pælt í því að taka þátt í þessari keppni. Það er ekki hægt að kalla mig neinn Euroivison-aðdáanda. Það var búið að bjóða mér að taka nokkur lög en svo kom þetta lag. Einar Bárðarson hringdi í mig og bað mig um að taka það og ég var strax til enda mjög flott lag.

**Hvernig tónlist hlustarðu á?** Ég hlusta rosalega mikið á gamalt rokk. Elvis Presley er minn uppáhaldsflytjandi. Svo hlusta ég mikið á kántrí eins og Patsy Cline og Tim McGraw.

**Hvernig undirbýrðu þig fyrir kvöldið?** Ég ætla að reyna að losna við allt stress! Svo reyni ég að syngja sem mest alla vikuna til að slípa röddina. Það er erfiður tónn í þessu lagi sem ég verð að ná og hann er mjög flottur ef það tekst. Ég ætla að sofa vel og borða hollan mat.

**Hvað gerirðu ef þú sigrar í kvöld?** Ég er nú ekki búin að plana það en það er ljóst að maður mun fagna því gríðarlega ef sigur vinnst. Ég reikna með að það verði nú eftirpartí.

**Besta íslenska Eurovision-lag allra tíma?** Klárlega Nína. Annars var lagið hans Páls Óskars mjög flott líka.

# Skemmtilegra að taka þátt en horfa heima

**Hver er maðurinn?** Ég er Matthías Matthíasson og fæst dags daglega við tónlist. Bæði með hljómsveit sem heitir Papar og annarri hljómsveit sem heitir Dúndurfréttir og hyggur á mikla landvinninga á Íslandi.

**Áður í Eurovision?** Ég tók þátt í fyrra með lag sem heitir „Sést það ekki á mér?“ og það var rosalega gaman. Það var fyrst og fremst vegna þess hve gaman var í fyrra að ég var meira en til í að vera með núna. Þótt það sé gaman að horfa á þetta í sjónvarpinu þá er svo miklu skemmtilegra að taka þátt. Núna er ég einnig í bakröddum fyrir Heiðu í laginu „Ég og heilinn minn“.

**Hvernig tónlist hlustarðu á?** Ég hlusta á nokkrar nýjar hljómsveitir eins og Muse og fleiri fínar. Ég er þó meira í gamla tímanum. Ég er rosalegur Queen-aðdáandi og elska Pink Floyd og Led Zeppelin. Þá er Ian Gillan einn af mínum uppáhaldssöngvurum. Sá söngvari sem ég vildi helst líkjast þegar ég var í tónlistarlegu uppeldi var Bruce Dickinson í Iron Maiden en ég veit ekki hvort það hafi tekist alveg nægilega vel.



**900 2006**
**Titill:** Húsin hafa augu
**Flytjandi:** Matthías Matthíasson
**Höfundur:** Þormar Ingimarsson
**Texti:** Kristján Hreinsson

15x189x2200 mm.

# 2.290 kr./m²

2.590

**www.byko.is**
verslaðu á netinu



990 kr./m²

1.290

Vnr. 0113557/65/67

## Plastparket

Plastparket rakaþolið, beyki, hlynur
eða hnota, 8,3x195x1210 mm.



2.990 kr./m²

Vnr. 0113849

## Parket

WOODLINE parket eik rustic
hvítlakkað 14,5x190x1820 mm.



2.190 kr./m²

3.990

Vnr. 19610000

## Náttúrusteinn

MUSTANG skífa natur,
30x60 cm, 1. flokkur.



4.990
7.289
innimálning
BYKO
Vnr. 85540083/1084
Innimálning
BYKO innimálning, gljástig
10, ljósir litir, 10 ltr.
10 ltr.
FRÁBÆR
TILBOÐ
á gólfefnum og málningu!
3.290
5.240
KÓPAL
glitra
Vnr. 86620040-3737
Innimálning
KÓPAL Glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.
4 ltr.
30%
afsláttur
af öllum
málningarverkfærum
Penslar - Bakkar - Spartlspaðar
Rúllur- Yfirbreiðsluplast - ofl.
590
1.045
Vnr. 86610040-1337
Málningabakki og rúlla
Málningarbakki og rúlla, 25 cm.
4.390
6.247
Sadolin
Vnr. 89000182
Loftamálning
SADOLIN loftamálning gljástig 3 hvítt, 10 ltr.
10 ltr.
40%
afsláttur
af ÖLLUM gardínum
Viðarrimlagardínur/Álrimlagardínur/Bambusgardínur/Rúllugardínur
Mesta úrvalið er í BYKO Breidd og Akureyri
1.490 kr./m²
Vnr. 19600100/10
Bílskúrsflísar
Gegnheilar frostþolnar gólf- og veggflísar 30x30 cm,
svartar eða brúnar. Tilvaldar á bílskúrinn eða svalirnar.
Villeroy & Boch
1748
2.190 kr./m²
3.890
Vnr. 17137819
Veggflísar
VILLEROY&BOCH W.Energi,
22x33 cm matt C+.
BYKO
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



**ÍSLAND Í FARARBRODDI** Ellý Katrín Guðmundsdóttir, nýskipaður forstjóri Umhverfisstofnunar, segist trúa því að Ísland geti orðið í fararbroddi í umhverfismálum.

# Tími aðgerða er núna

Segja má að það sé fyrst nú allra síðustu árin sem Íslendingar hafi sætt sig við að umhverfismálin séu löngu fermd, komin í fullorðinna manna tölu og vilji fara að láta taka sig alvarlega sem málaflokk. **Ellý Katrín Guðmundsdóttir**, nýskipaður forstjóri Umhverfisstofnunar, sagði *Júlíu Margréti Alexandersdóttur* frá umhverfisvænni framtíðarsýn sinni en hún telur Ísland geta orðið í fararbroddi í umhverfismálum.

Frá því að vera áhugavert, skrítið og örlítið skemmtilegt „áhugamál“ örfárra skrítinna skrúfa í þjóðfélaginu, hálfgert jaðarsport, hafa umhverfismál siglt langleiðina inn í vitund flestra landsmanna eða nálgast að minnsta kosti heimahöfn. Veðrabreytingar, hlýnun jarðar, kvikmyndir og sú aðgerð að færa dómsdagsklukkuna fram um eina mínútu hafa hrært í hugum jarðarbúa og meðan sumir þjást hreinlega af umhverfiskvíða líta aðrir svo á að við séum á tímamótum þar sem vinna þurfi heilshugar að mikilvægum verkefnum. Ellý Katrín segir sjálf að hún sé ekki kvíðin. „Ég vil kannski ekki segja að ég hafi ekki áhyggjur en ég vil ekki dvelja við þær heldur horfa frekar til þeirra stóru verkefni sem bíða okkar. Við þurfum að vera vel á verði og stöðugt að minna okkur á að það þarf að sinna umhverfismálunum. Umhverfismálin minna mig stundum á jafnréttismál. Við höfum lög um jafnrétti kynjanna og jafnréttisstefnu og þá eru margir sem halda að þá sé allt í öruggri höfn. En það er eins með jafnréttismálin og umhverfismálin, að það þarf stöðugt að vera á varðbergi. Ég held líka að við séum að upplifa mjög mikilvægt tímabil í umhverfismálum. Þau eru ekki mál sem við eigum að stefna að því að taka á í nánustu framtíð eins og viðhorfið hefur oft verið heldur er tíminn til þess akkúrat núna, það þýðir ekki að ýta þeim áfram á undan sér.“

### Ríó-ráðstefnan kveikti neistann

Ellý Katrín er fædd í Reykjavík árið 1964 og ólst upp þar upp. Foreldrar hennar fluttu til Reykjavíkur á sínum fullorðinsárum, Guðmundur Guðmundsson, frá Fellsströnd í Dalasýslu, og Petrea Sofia Guðmundsson frá Færeyjum. Ellý Katrín er gift Magnúsi Karli Magnússyni lækni og eiga þau tvö börn. Hún gekk í Menntaskólann við Hamrahlíð og fór svo í Háskóla Íslands þar sem hún nam lögfræði. Um tveimur árum eftir að hún útskrifaðist sem lögfræðingur var Ríóráðstefnan haldin og í kjölfarið skapaðist mikil umræða um umhverfismál þar sem þynningu ósonlagsins bar hvað hæst. Ellý segist þá hafa fundið að þetta væri henni hjartans mál og fundist hún eiga að beita sér fyrir umhverfinu fyrst hún á annað borð fyndi að hún hefði áhyggjur af framtíð jarðar.

„Eiginmaður minn er læknir og á þessum tíma stóðum við bæði frammi fyrir því að ætla okkur í framhaldsnám, ég í lögfræði og hann í læknisfræði. Ég vildi fara í framhaldsnám í einhverju sem mér fannst skipta mig virkilegu máli því með framhaldsnámi er maður jú auðvitað að fjárfesta í framtíðinni. Ég ákvað að fara í nám í umhverfisrétti og hef verið meira og minna inni á þeirri línu síðan ég kláraði mastersgráðu í þeim fræðum frá háskólanum í Wisconsin.“

### Að fara vel með

Frá Wisconsin lá leiðin til Washington þar sem Ellý starfaði fyrir Alþjóðabankann í tæp fjögur ár, en starf hennar þar sneri að miklu leyti að umhverfismálum. Eftir átta ára Ameríkudvöl var fjölskyldan farin að hugsa heim. „Okkur langaði til að börnin þekktu sínar rætur og fjölskyldu og vorum því búin að velta heimför fyrir okkur. Svo kom að því að við drifum okkur í að taka af skarið þegar mér bauðst að taka við starfi forstöðumanns nýrrar stofnunar hjá Reykjavíkurborg. Það var Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur og tók ég við því starfi í janúar árið 2002. Á þeim tíma var umhverfismálum borgarinnar sinnt í nokkrum aðskildum starfseiningum hér og þar í borgarkerfinu en mitt verkefni var að sameina það allt í eina stofnun. Ég hef verið mjög ánægð í starfi mínu hjá Reykjavíkurborg svo það var stór ákvörðun fyrir mig að taka að sækja um þetta nýja starf en ég sé mörg tækifæri þar, hjá stofnunni og í umhverfismálum á landsvísu,“ segir Ellý og segist í huganum vera farin að færa sig á nýtt stjórnsýslustig.

En á hvaða stigi eru Íslendingar í umhverfismálum? „Ég held að Íslendingar hafi alltaf verið hugsandi um umhverfismál og við sjáum það í fiskveiðistjórnunni okkar, sem við höfum nálgast með skynsömum hætti. Við erum mjög lánsöm þjóð sem hefur fengið gott land í vöggugjöf. Við njótum sambýlis við hreina náttúrulega orku og náttúru sem er fegurri og áhrifameiri en orð fá lýst. Það er lán sem við verðum að fara vel með og skila landinu af okkur þannig að komandi kynslóðir fái notið sömu gæða og við. Ég held að við séum öll sammála um þetta en oft vantar að við tengjum hegðun okkar í dag við áhrif á framtíðarlandið sem við viljum afhenda afkomendum okkar. Umhverfismál snúast um skynsemi og það að fara vel með það sem við eigum eða hefur verið falið að hafa umsjón með – smátt sem stórt – og þar höfum við Íslendingar alla burði til þess að vera til fyrirmyndar.

### Aukinn áhugi á umhverfismálum

Að við getum verið til fyrirmyndar í málaflokki sem við erum nýfarin að bretta upp ermarnar fyrir hljómar líka ef til vill annarlega þegar vitað er að við erum um tíu árum á eftir nágrannaþjóðum okkar í alls kyns umhverfismálum. „Það er vel hægt að horfa á tækifærin í því að vera aðeins á eftir því ekki gekk það áfallalaust hjá frændum okkar að koma umhverfisstefnu sinni vel á lappir. Við getum því lært af þeirra áföllum og verið mun fljótari að innleiða okkar stefnu. Vitundin hefur aukist mikið og má sjá það á fréttaflutningi fjölmiðla. Þegar ég var stelpa man ég að það var alltaf að minnsta kosti ein frétt um fisk í hverjum fréttatíma. Nú á umhverfið sama sess í fréttatímanum þar sem þar er í það minnsta eina umhverfistengda frétt að finna. Þjóðin er greinilega orðin mjög meðvituð um mikilvægi þessa málaflokks og það er eitt af hlutverkum stofnunar eins og Umhverfisstofnunar að upplýsa og stuðla að framþróun málaflokksins.

> **UMHVERFISVÍSAR**
>
> Umhverfisvísar eru mælikvarði sem Umhverfisstofnun sem og Reykjavíkurborg eru nýfarin að nota til að mæla ástand ákveðinna þátta umhverfisins, sem eiga svo að gefa okkur vísbendingar um hvernig ástandið er. Á heimasíðu umhverfisstofnunar, www.ust.is, er þessa umhverfisvísa að finna og eru þeir mjög aðgengilegir almenningi. Þar eru tölulegar upplýsingar um orkunotkun, magn úrgangs, svifryk í andrúmslofti, ökutækjaeign og fleira framreiddar á auðskilinn hátt með hjálp hinna svokölluðu umhverfisvísa. Umhverfisvísarnir eru þannig hugsaðir sem eins konar viðmiðun til að reikna út ástand umhverfisins, á sama hátt og við notum líkamshitann sem viðmið fyrir heilsu okkar.

### Kaupir húsgögn í Góða hirðinum

Það er hætt við að þegar umræður um loftslagsbreytingar og slíkt fari af stað sjái fólk dómsdag nálgast en við megum ekki leggja málin þannig upp,“ segir Ellý og bætir við að hún hafi verið mjög hrifin af framsetningu umhverfisumræðunnar í kvikmynd Al Gore, An Inconvenient Truth. „Dóttir mín sem er sautján ára kemst augljóslega ekki hjá því að heyra talsvert rætt um umhverfismál á heimilinu og er að ég held frekar meðvituð um þau. Hún sá myndina og ég fann að hún ýtti greinilega við henni á annan hátt en umræðan við eldhúsborðið og hún tók hana til sín. Al Gore endar nefnilega á þeim nótum að benda fólki á hvað það geti gert í sínu daglega lífi. Dóttir mín var agalega fegin að geta keyrt á Toyota Prius úr bíó!

Verðandi forstjóri Umhverfisstofnunar segist þrátt fyrir umhverfisvæna bílaeign sína ekki vera heilög í slíkum málum og síst vilja berja á brjóst sér að hún sé betri en allir aðrir hvað þau varði. Engu að síður hafi hún alltaf reynt að hafa til hliðsjónar einföld atriði í eigin heimilisrekstri og umgengni sem hún segist reyna að halda í heiðri. „Ég geng og hjóla til skiptis í vinnuna og þrátt fyrir þrjú ökuskírteini á heimilinu höldum við okkur við bara einn bíl. Þegar við kaupum húsgögn reynum við annað hvort að kaupa þau sem eru vönduð, þó þau séu dýrari, því þá er líklegra að við þurfum ekki að endurnýja svo auðveldlega. Þannig getur dýrari hönnun ekki aðeins komið inn á heimilið sem fallegur hlutur heldur líka þjónað umhverfisvænum markmiðum. Einnig fer ég oft í Góða hirðinn og Fríðu frænku og finn þar oft gersemar sem ég get pússað upp og átt áfram. Ég reyni eftir fremsta megni að kaupa ekkert sem ég sé fram á að ég þurfi svo að henda innan fárra ára. Svo flokkum við úrgang og þetta dæmigerða, það er helst erfiðast að sporna við því að þurfa ekki að endurnýja tæknilegu hlið heimilisins en þar koma framleiðendur líka inn með vörur sem kannski eyðileggjast fljótt og það kostar hálfvirði gamla tækisins að gera við það.“

### Vel hægt að græða á umhverfisvænni stefnu

Ellý segir að oft megi skoða litlu einföldu atriðin betur í rekstri heimilanna, bíllinn hafi tekið við af Snata sem eftirlætisfélagi mannsins og þó að fólk sé ekki til í að leggja honum skipti líka máli að hann sé í góðu ástandi svo hann mengi lítið og sé á dekkjum sem myndi ekki svifryksmengun, sem er helsta mengunarvandamálið á höfuðborgarsvæðinu. „Það þarf ekki að einblína á loftslagsbreytingarnar til að vilja gera eitthvað í umhverfismálum. Þessi mál eru nátengd heilsu okkar enda halda margir sig inni við þegar svifryksmengun er sem mest í borginni. Einnig eru ýmis efni í hreinsivörum, málningu og slíkum vörum sem eru hættuleg heilsu okkar en er ekki að finna í umhverfisvænni útgáfum. Mikilvægt er að allir séu með í þessari vinnu fyrir umhverfið, bæði ráðuneyti og sveitarfélög, og það þarf að búa viðskiptaumhverfið þannig úr garði að fyrirtæki sjái hag þinn í því að reka vistvæna stefnu. Það hefur sýnt sig erlendis að það bætir reksturinn og skilar sér í hagkvæmni líka að fyrirtækin skilgreini sig og starfi á umhverfisvænan hátt. Þannig gæti ríkið sett þau skilyrði þegar þau bjóða út kaup á vöru og þjónustu að fyrirtæki sem bjóði upp á vistvæna vöru eða þjónustu gangi fyrir og þá væru fyrirtækin fljótari að bregðast við því að hagræða starfsemi sinni í þökk umhverfisins.“ Sér Ellý Katrín fyrir sér hvað hún myndi gera fengi hún töfrasprota til að beita á stundinni í umhverfismálum? Hún er ekki lengi að svara því. „Ég vil sjá ríkisstjórnina móta skýra framtíðarsýn um hvernig hún vill sjá framtíðarlandið Ísland. Að við höfum skýra sýn, mikinn metnað og séum stolt af framgöngu okkar. Við höfum alla burði til þess að vera leiðandi afl.“ ■




NEFÚÐI HÁLSTÖFLUR VERKJALYF FRUNSUKREM

***Það er engin ástæða til að láta sér líða illa.***
***Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.***

Lyf & heilsa
***Við hlustum!***

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

# Mýtan um ógæfuljóskuna



**Anna Nicole Smith** er enn ein platínublondínan sem endar stutta frægðarævi sína á tragískan hátt. *Anna Margrét Björnsson* lítur yfir frægustu ljóskur samtímans og spyr af hverju aflitaða ljóshærða bomban vill svo oft breytast í sjálfseyðandi sjálfsmorðssprengju?

Í laginu Platinum Blonde með Blondie raular Debbie Harry um að hún vilji lita hárið á sér „A luminous Dayglo shade, walk into a bar and I'll have it made.“ Marilyn Monroe söng „Gentlemen Prefer Blondes“ með sinni mjúku og stelpulegu rödd. Fyrsta og frægusta staðalmynd ógæfuljóskunnar var auðvitað Marilyn Monroe. Fögur kona sem samt breytti útliti sínu algerlega. Litaði dökka lokkana og skapaði sterka uppskrift sem enn lifir sterkt í dag: viðkvæma, brothætta kynbomban með aflitað hár og sorglega, stutta ævi. Konur sem voru oftast frægar fyrir lítið annað en háralitinn og ímyndina.

Hægt er að þylja upp röð af fagurlimuðum gerviljóskum sem fylgdu í kjólfar Marilyn: bomburnar Jayne Mansfield og Brigitte Bardot, jaðartýpurnar Edie Sedgwick og Nico í Velvet Underground, Paula Yates fyrrum eiginkona Michael Hutchence - og svo nú í dag sjást þær fremur í „kitsch“-útfæringum Pamelu Anderson, fyrrnenfdri Önnu Nicole, Britney Spears og Paris Hilton. Á tímum steinaldar, segja mannfræðingar, þegar frummaðurinn leitaði sér að kvonfangi þá valdi hann sér oft ljóshærðara kvendýr. Slík skepna hafði sérstöðu meðal loðinna dökkra nendertalsmanna og veitti karlinum því aukna virðingu innan ættbálksins. Nýleg rannsókn í Bretlandi sýndi hinsvegar að þegar 1.500 karlmenn skoðuðu myndir af sömu konunni: ljóshærðri, rauðhærðri og dökkhærðri, þá fékk sú síðarnefnda vinsældavinningin. Platínuljóskan var oftast talin „Viðkvæm, þurfandi, ósjálfstæð“ en sú dökkhærða var „Greind og sjálfstæð“.

En við erum ekki að tala hér bara um „venjulegar“ ljóskur. Ekki um náttúrulegar ljóskur, eða færibandastrípuljóskur. Við erum að tala um ógæfuljóskurnar sem skinu svo skært og féllu svo hratt. Margar enduðu líf sitt í móðu eiturlyfja og læknadóps. Gerviljóskur sem voru ýmist eða allt í senn: brothættar, viðkvæmar, töff. Konur sem breyttu útliti sínu eins og þær væru að skapa eigið listaverk. Hvort sem þær gerðu það fyrir sig sjálfar eða í þágu einhverrar ímyndarfantasíu karlpeningsins. Sumar urðu líka hrein listaverk. En undarleg örlög margra þessa hvíthærðu kvenna er umhugsunarefni og ákveðin endurspeglun poppkúltúrs síðustu aldar.



## AÐALLJÓSKURNAR

Fyrrum Playboy-fyrirsætan **Anna Nicole Smith** varð aðallega fræg fyrir að giftast áttræðum milljarðamæringi frá Texas og erfa öll auðæfi hans. Hún var orðin langt leidd af ofneyslu svefnlyfja og læknadóps og fannst látin um síðustu helgi. Smith var heltekin af **Marilyn Monroe** og reyndi að líkjast henni sem mest. Leikkonan Marilyn Monroe var fyrsta sjálfsmorðsbomban og endaði líf sitt með svefnlyfjum árið 1962. **Jayne Mansfield** þótti ekki merkileg leikkona, og átti skrýtna og skrautlega æfi. Hún varð B-mynda költ stjarna eftir að hún missti höfuðið í hræðilegu bílslysi tæplega fertug.





**OG SVO HINAR** Nirvana-ekkjan **Courtney Love** hefur farið inn og út úr meðferðarstofnunum. **Britney Spears** var uppgötvuð ung að árum og skaust hratt upp á stjörnuhimininn. Nú er hún sjúskuð af drykkju, dópi, djammi og „stóðlifi“. Sjónvarpskonan breska **Paula Yates** djammaði með rokkurum, var lengi gift Bob Geldof en giftist svo INXS-söngvaranum Michael Hutchence. Hún lést úr ofneyslu svefnlyfja þremur árum eftir dauða Hutchence. Hin þýska **Nico** var í hljómsveitinni Velvet Underground. Hún varð svo leið á því að þykja falleg að hún gerði í því að vera eins skítug og skuggaleg til fara og hún gat, neytti heróíns og dó í hjólaslysi 1988. **Nancy Spungen**, kærasta Sid Vicious lifði villtu og trylltu lífi. Stormasamt samband þeirra endaði með því að Nancy fannst látin úr stungusárum. Enginn veit enn hvort Vicious bar ábyrgð á dauða hennar.







# Hvað er ógæfuljóska fyrir þér?

**Þórarinn Þórarinsson, aðstoðarritstjóri Mannlífs**

Þegar ég frétti af dauða Önnu Nicole Smith gat ég ekki komist hjá því að leiða hugann að öðrum tragískum blondínum sem hafa fallið frá langt fyrir aldur fram. Fórnarlömb eigin hégóma og þó fyrst og fremst samfélagsins og einhverra vitleysinga sem búa til galin tískuviðmið sem engin venjuleg kona getur staðið undir. Frægasta örlagaljóskan var ekki einu sinni alvöru ljóska. Hún var með litað hár, fór að sofa í einum dropa af Chanel 5 og vaknaði aldrei aftur. Allar frægðarljóskur hafa frá dánardægri hennar lifað og dáið í skugga Normu Jean.

Sorglegt þar sem goðsögnin um ljóskuna sem heimskt kynlífsviðfang karlmanna hefði átt að deyja með Marilyn. En nei, við höldum þessu til streitu með því að hampa fábjánum eins og Britney Spears, Paris Hilton og Önnu heitinni. Þær eru ekki síður fórnarlömb okkar en sjálfra sín um leið og þær viðhalda ímynd heimsku ljóskunnar og kasta óvart og væntanlega óafvitandi rýrð á ljóshærðar kynsystur sínar úti um allan heim. Samt ekki í alvörunni. Bara meira svona í sameiginlegri meðvitund okkar en þar er sem betur fer allt í plati. Eða hvað?





**Birna Anna Björnsdóttir, rithöfundur**

Sem ljóska vil ég alls ekki skrifa undir að við séum endilega ógæfulegri en aðrar konur. Hins vegar er algjör aflitun á hári klassískur liður í því flókna ferli sem viss kventýpa gengur í gegnum með það að markmiði að skapa sér nýtt útlit, nýtt sjálf og þar með nýtt líf. Þessi kona vill þurrka sig út og skapa eitthvað nýtt. Hún vill breyta líkama sínum, nafni sínu og sögu. Hún vill enga samfellu og ekkert samhengi. Fortíðin er gleymd og framtíðin er óþarfi. Núið er hennar tímabelti. Ég lifi fyrir augnablikið, segir hún, og svo kemur að því að það augnablik er fryst í tíma. Og eftir stendur óbreytanleg mynd af ómótstæðilegri konu sem, þrátt fyrir alla ógæfu, tókst að skapa eitthvað sem er og verður lengi í minnum haft.

**Sigtryggur Bergmann, tónlistarmaður og kvikmyndarýnir**

Nora Kuzma, betur þekkt sem klámmyndastjarnan Traci Lords, vaknaði við læti um miðja nótt þegar þrír FBI-gæjar brutust inn í svefnherbergið á heimili hennar í Redondo Beach í Kaliforníu í maí 1986. Hún var enn eftir sig eftir gott kókaínpartí frá kvöldinu áður, skíthrædd um það hvar hún hefði falið restina af dópinu enda hélt hún að þeir væru komnir til að handtaka hana fyrir eign á kókaíni. En þeir voru að spá í klámmyndir sem hún hafði verið að leika í síðustu þrjú árin undir lögaldri. Traci Lords, sem var nýbúin að halda upp á 18 ára afmæli sitt (sem er löglegi aldurinn til þess að leika í fullorðinsmyndum) byrjaði 15 ára að leika í klámmyndum og lék hún í 77 myndum á þessum 3 árum, þar má telja upp myndir eins og „Those Young Girls“, „We Like to Tease“, „New Wave Hookers“, „Educating Mandy“ og „Bad Girls III“.





**Katrín Anna Guðmundsdóttir, femínisti**

Ógæfuljóskurnar eru dýrkaðar og dáðar fyrir útlitið. Þær verða fljótlega hundleiðar á því enda eru óumflýjanleg örlög þeirra að enginn hlustar á hvað þær hafa að segja. Manneskjan með sálina koðnar niður og finnst hún einskis virði. Því miður er samfélagið svo upptekið af því að segja hvað það er eftirsóknarvert að vera ljóskan að fjölmargar konur eltast við að fylgja uppskriftinni. Við sjáum það á þátttöku kvenna í klámvæðingunni og fjölda „fegrunaraðgerða“. Ef við viljum læra eitthvað af ógæfuljóskunum er það helst að hamingjan felst í því að vera metin sem manneskja.

**Hallgrímur Helgason, rithöfundur**

Konur sem gera sjálfar sig að leikföngum karlmanna eru dauðanum merktar því „draumakona“ karla er ekki til í veruleikanum heldur aðeins sem dauð hugmynd í kolli þeirra. Leikfangið drepur þannig í sér konuna fyrir þessa hugmynd og er því þegar hálfdautt, svona eins og dúkkur eru. Þegar leikfangið lætur síðan á sjá er ekki annað að gera en kasta sér á haugana því karlmannskrakkinn vill sífellt nýrri leikföng.



KONUDAGURINN

ELSKAN MÍN

18. FEBRÚAR

NEXT

Kringlunni sími 551 3200



**ULTRA MEGA TECHNOBANDIÐ STEFÁN** Var feikilega skemmtilegt á báðum tónleikum sínum í Þrándheimi og má segja að það sé orðið ein efnilegasta hljómsveit landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR




**Í BLÖÐUNUM** Íslensku sveitirnar lögðu undir sig dagblaðið sem kom út alla daga hátíðarinnar og eru þessar greinar aðeins lítið brot af öllum greinunum sem birtust um íslensku sveitirnar.

# Þrándheimur enginn Þrándur í Götu

Íslensku listamennirnir **Lay Low**, **Reykjavík!** og **Ultra Mega Technobandið Stefán** (UMTBS) héldu í víking um síðustu helgi og spiluðu á by:Larm hátíðinni í Þrándheimi, sem er stærsta tónlistarráðstefna Norðurlandanna. ***Steinþór Helgi Arnsteinsson*** brá sér með í för og upplifði hvernig Norðmennirnir og aðrir gestir lágu kylliflatir fyrir íslensku sveitunum.

Íslensku tónlistarmennirnir voru kynntir undir formerkjum Iceland Airwaves og af þeim sökum fóru til dæmis Eldar Ástþórsson, framkvæmdastjóri Airwaves, og Egill Tómasson, einn af aðalmönnum Herra Örlygs, einnig með út. Ferðin virtist leggjast ágætlega í allan hópinn nema þá kannski helst Valda, bassaleikara Reykjavík!, sem hélt því statt og stöðugt fram að Norðmenn væru á móti gleðskap en samt stæði í lögum að allir ættu alltaf að vera brosandi. UMTBS voru sérstaklega spenntir enda í fyrsta skiptið sem sú unga og efnilega sveit fær tækifæri til þess að spila utan landsteinanna.

Eftir hressilegt flug, fyrst til Ósló og síðan til Þrándheims, tók á móti hópnum fimmtán stiga frost en hins vegar glæsilegur bær og ekki síður bæjarstæði á ágætum fimmtudegi. Þarna lágu snjósetin tré yfir holt og hæðir og sjarmerandi bærinn við ósa Niðar skartaði sínu fegursta í sólskininu. Fyrstu íslensku tónleikar kvöldsins voru með UMTBS. Strax í fyrsta lagi sá maður hvert stefndi, dúndrandi elektró og Siggi söngvari í villtu stuði. Sá var reyndar ekki alls kostar sáttur með hljóðmanninn, rauk út í sal og gaf honum fingurinn. Áhorfendur vissu varla hvaðan á sig stóð veðrið, hvað þá þegar Siggi fleygði sér úr fötunum og sagði öllum að hunska sér í smá stuð. Undir lokin voru hins vegar allir byrjaðir að dilla sér. Reykjavík! steig síðan á stokk stuttu seinna og hélt kraftmikla tónleika.

Daginn eftir var hátíðarblaðið undirlagt íslensku sveitunum. Tónleikar Reykjavík! voru sagðir þeir villtustu á hátíðinni og UMTBS fékk heilsíðu og fyrirsögnina Fantastic!. Seinna í blaðinu var síðan önnur heilsíða þar sem allir voru hvattir til þess að sjá Lay Low. Hún spilaði í sérstöku tjaldi í miðbænum á föstudeginum og fyrir einskæra tilviljun römbuðum við Egill inn í tjaldið rétt áður en Lay Low átti að byrja að spila. Þar var Lovísa ásamt hljómsveit sinni byrjuð að koma upp dótinu sínu en þeim hafði verið hent beint á staðinn eftir að hafa lent á flugvellinum. Flugþreytan virtist sitja örlítið í hópnum og tónleikarnir voru kannski ekki þeir bestu sem ég hef upplifað. Norðmennirnir voru hins vegar stórhrifnir og daginn eftir birtist enn ein heilsíðan þar sem tónleikunum var hampað.



**VILLTIR** Bóas, söngvari Reykjavík!, í áhorfendaskarnum. Fyrir aftan hann sést einmitt í Lay Low og við hliðina á henni er bandið hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR

Seinna á föstudagskvöldinu spiluðu Reykjavík! og UMTBS á seinni tónleikunum sínum. Reykjavík! hóf leik og var jafnvel enn betri en kvöldið áður. Hápunkturinn var án efa þegar hljómsveitin tók einnar sekúndu þögn fyrir Önnu Nicole Smith. Eftir tónleikana hittum við svo heimamanninn Jan sem talaði reiprennandi íslensku en hann þekkti Hauk, gítarleikara Reykjavík!, enda höfðu þeir tveir verið að vinna saman í löndun í Reykjavík. Skipst var á drykkjum og nokkrum tíma seinna, eða um tvö eftir miðnætti, var rölt á staðinn þar sem UMTBS átti að spila. Umfjöllunin í blaðinu hafði greinilega skilað sér því biðröðin var alllöng. UMTBS stóð fyrir sínu og kvöldið eftir setti Lay Low góðan punkt yfir i-ið og sýndi það og sannaði að íslensku sveitir Iceland Airwaves hefðu rústað þessari hátíð.

Norðmennirnir reyndu síðan hvað þeir gátu til þess að komast að íslensku stjörnunum. Ég fékk meðal annars að koma með Reykjavík! í partí sem haldið var af verkefnastjóra hjá norska ríkisútvarpinu sem er án efa einn besti gestgjafi sem ég hef kynnst. Eldaði ofan í mannskapinn, gaf fólki að drekka og skildi heldur ekki af hverju fólkið var að spila tónlistina svona lágt (íbúðin var um 70 fermetrar á þriðju hæð í fjölbýli). Fyrir utan Reykjavík! var samt frægasti maðurinn á svæðinu án efa menningarmálaráðherra Noregs, sem leit reyndar út eins og hver annar hátíðargestur, spurning hvort maður sæi Þorgerði Katrínu einhvern tímann í þannig gír? Við Íslendingarnir voru samt mestu stuðboltarnir og vildi húsráðandinn hann Geir endilega fá okkur aftur í heimsókn kvöldið eftir, með því skilyrði að Reykjavík! tæki lagið. Já sögðu þeir en bara ef reddað yrði trommusetti og Geir sagði að það yrði nú varla mikið mál. Kvöldið eftir blasti síðan við glæsilegt Mikka mús barnatrommusett sem skemmtilegur hljómur var af. Síðan var bassa stungið í samband við græjurnar og tveir kassagítarar fullkomnuðu síðan málið. Íbúðin var stöppuð að fólki sem fagnaði hástöfum eftir hvert lag Reykjavík! sem spilaði meira að segja þrjú uppklappslög. Eftir þetta var hins vegar haldið í háttinn enda flug snemma morguninn eftir auk þess menn voru mishressir eftir átök gærkvöldsins.

Hátíðin gekk samt vel í alla staði og meira að segja efasemdamaðurinn Valdi var himinlifandi. Hátíðin sem slík var líka mjög flott og vegleg. Fyrir utan reyndar skyndimatinn sem þar var boðið upp á sem samanstóð af eintómum fiskiréttum; fiskiborgurum, fiskipylsum, fiskitortillum, fiskinöggum og svo framvegis. Þrátt fyrir skyndibitann þurfa hins vegar engum að koma á óvart frekari landvinningar íslensku sveitanna og nokkuð ljóst að UMTBS á sem dæmi eftir að halda fleirri tónleika á erlendri grundu.



**MEÐ AÐDÁANDA** Reykjavík! fann svo sannarlega fyrir athyglinni í Noregi og þessi unga mær hafði svo sannarlega gaman af strákunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ELDAR



**STUÐ** Á seinni tónleikum UMTBS brá Bóas úr Reykjavík! sér upp á sviðið og tók lagið með sveitinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEINÞÓR



**Í HEIMAHÚSI** Frá tónleikum Reykjavík! heima hjá hinum ágæta Geir. Til hægri sést glitta örlítið í skemmtilega barnatrommusettið. FRÉTTABLAÐIÐ/GEIR






# FALLEGUR OG LÍFLEGUR STAÐUR

## Portúgalski smábærinn Lagos er vinsæll hjá fólki á öllum aldri.

### Marina Club Suites & Apartments ✳✳✳✳



Staðsett við smábátahöfnina, góð sameiginleg aðstaða við sundlaugina, sér barnalaug og leiksvæði. Líkamsræktar-aðstaða, sauna og spa og mjög góður veitingastaður sem selur morgunverð.

**2 vikur:** 29. maí–12. júní (verð á mann)
**Frá 72.564.-**
Miðað við 2 fullorðna og 2 börn.
Miðað við 2 fullorðna: 105.962,-

**2 vikur:** 12. júní–26. júní (verð á mann)
**Frá 73.753.-**
Miðað við 3 fullorðna og 2 börn.
Miðað við 4 fullorðna: 76.417,-

### Marina Park ✳✳✳



Mjög gott íbúðahótel við höfnina í Lagos, 5 mínútna göngufæri frá miðbæ. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum. Góð sundlaug, barnalaug, veitingastaður, bar og fallegur garður.

**Íbúð með 1 svefnherbergi:**
**2 vikur:** 3. júlí–17. júlí (verð á mann)
**Frá 60.609.-**
Miðað við 2 fullorðna og 2 börn.
Miðað við 2 fullorðna: 84.052,-

**Íbúð með 3 svefnherbergi:**
**2 vikur:** 29. maí–12. júní (verð á mann)
**Frá 59.855.-**
Miðað við 6 fullorðna.

### Hotel Luz Bay Club ✳✳✳✳



**1 vika:** 26. júní–3. júlí (verð á mann)
**Frá 67.283.-**
M.v. 2 fullorðna og 1 barn.
M.v. 2 fullorðna: 73.507,-

Staðsett við Luz ströndina 200 metra frá bænum. Tvær sundlaugar, barnalaug, tennisvellir, sauna og fallegur garður. Góður veitingastaður og bar. Bar með lifandi tónlist og veitingastaður við sundlaugina.

Á suðvesturodda Evrópu er smábærinn Lagos, við ósa Bensafrim árinnar í Algarve, Portúgal. Umhverfið er fagurt og bærinn iðar af lífi með ótal kaffihúsum á steinlögðum strætum, frábærum veitingastöðum, börum og skemmtistöðum. Flóamarkaðurinn breiðir úr sér á þröngum götum miðbæjarins og þar er einnig að finna menningarmiðstöð sem býður upp á mikið úrval af sýningum og uppákomum allan ársins hring.

Á sumrin fyllist þessi skemmtilegi bær af hressu fólki á öllum aldri sem sleikir sólina á frábærum ströndum, skoðar hella, slappar af og nýtur lífsins. Lagos státar af sérlega fjölbreyttum og skemmtilegum baðströndum, vönduðum gististöðum og stemningu sem sameinar rómantík gamla tímans og það besta í nútíma ferðaþjónustu.

Strandirnar eru með þeim bestu í héraðinu og við höfnina er hægt að fara í siglingar, veiða á sjóstöng eða leigja snekkju til að hafa út af fyrir sig. Bærinn gegnir mikilvægu hlutverki í sögu Portúgals og var lengi miðstöð landkönnuða sem sigldu þaðan til Afríku og Ameríku. Lagos er einstaklega fallegur og líflegur staður.





SUMAR FERÐIR
– ERU BETRI EN AÐRAR!

Sumarferðir Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

www.kreditkort.is | Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

Farðu inná www.sumarferdir.is
eða hringdu í síma 575 1515.

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR TALAR FRÁ TEHERAN

# Á snjóbretti í Íran

Það var ekki það fyrsta sem mér datt í hug þegar ég lagði af stað til Íran að ég ætti eftir að geta stundað eina uppáhaldsíþróttina mína þar. Nefnilega snjóbretti. En um leið og ég lenti eldsnemma morguns í Teheran blöstu við mér tignarleg fjöll með snævi þökktum toppum og ég fékk smá spenning í magann. Og jú, viti menn. Í kringum Teheran, í Alborzfjöllunum, eru fjögur fyrsta flokks skíðasvæði.

Ég var ekki lengi að spurjast fyrir og kom þá í ljós að bróðir vinar míns er mikill skíðagarpur og mér var skipað að hringja í hann. Tveimur dögum síðar klukkan sjö um morguninn sóttu Arash og vinur hans mig til að fara upp í fjall. Ég var búin að segja honum að ég hefði ekki tekið með mér neitt skíðadót en hann sagðist redda því.

Það næsta sem ég vissi var að við komum við í snjóbrettabúð sem frændi hans á og þar var valinn á mig snjóbrettagalli og ég dressuð frá toppi til táar. Allt í láni. Þegar við nálguðumst fjallið stoppaði Arash í litlu þorpi þar sem leigt var bretti fyrir mig og ekki nóg með það, það var leigður brettakennari með, stelpa til að hanga með mér meðan strákarnir brunuðu á skíðunum sínum. Og að sjálfsögðu mátti ég ekki borga neitt. Þegar maður er gestur í Íran þá er maður gestur.

Ég þurfti svo sem ekki á kennara að halda eftir áralanga snjóbrettaiðkun en komst svo að því að það var nauðsynlegt að hafa hana með í för, því þegar kom að því að fara í lyfturnar er sér röð fyrir stráka og sér röð fyrir stelpur. Kynin geta ekki farið saman í lyftu. Ég hefði því endað ein ef Vida hefði ekki leitt mig um svæðið. Þetta var ennþá Íran.



**HÖFUÐKLÚTAR NAUÐSYNLEGIR** Hanna Björk Valsdóttir blaðamaður skartar bleikum klút til að hylja hár sitt samkvæmt írönskum sið.

Það var samt fyndið að sjá að allt í einu máttu allar stelpur vera í venjulegum skíðagöllum og flestar voru þær í mittisúlpum. Skyndilega voru allar slæðurnar og treflarnir horfnir og stelpurnar komnar með húfur á hausinn í staðinn en þannig er það jú alltaf á skíðum. Þetta var eins og að koma inn á eitthvert frísvæði þar sem íslömsku fatareglurnar áttu ekki lengur við þó það stæði skýrum stöfum á dagspassanum mínum: „Please respect the Islamic code of conduct.“

## Ríka og fallega fólkið mætir til leiks

Dizin International Skiing Area er stærsta og besta svæðið í Alborzfjöllunum og skemmtilegt hvernig „International“ er tekið fram í nafninu.

Þetta hefði getað verið hvaða skíðasvæði sem er í Evrópu eða Bandaríkjunum og fólkið eins. Nema hvað að þarna var unga kynslóðin búin að taka völdin. Langflestir voru undir þrítugu og örfáir yfir fertugu.

Í dag eru Íranar mjög ung þjóð. Fólksfjölgun á seinni hluta tuttugustu aldar sló öll met og fólksfjöldi í Íran tvöfaldaðist eftir íslömsku byltinguna 1979 þegar getnaðarvarnir voru bannaðar. 70% af Írönum eru því undir þrítugu í dag. Og það er greinilegt þegar maður gengur um götur Teheran að þar er ungt fólk í miklum meirihluta. Þetta unga fólk er menntað eða í háskóla og styður ekki íslam. Það er því ekki skrítið að þetta unga fólk sæki í staði eins og Dizin-skíðasvæðið sem er eins og einhvers konar vestrænt frísvæði þar sem hægt er að skemmta sér á eðlilegan hátt.

Það var líka nokkuð ljóst að þarna var ríka og fallega fólkið. „Jet set Teheran“ liðið var mætt á svæðið. Þó að dagspassinn sé hræódýr (700 kr.) þá er það bara efnaða fólkið sem getur stundað skíðaíþróttina. Þarna voru allir með merkin á hreinu og flestir með Burton-bretti og klæddir í Burton frá toppi til táar. Þetta unga Teheran-lið var með „outfittið“ alveg á hreinu og útlitið skipti ennþá mestu máli. Stelpurnar voru til dæmis ekkert að spara „meiköppið“ þó þær væru komnar upp í fjall. Fegurðin skiptir öllu máli. Í Teheran er ekki hægt að labba út á götu án þess að mæta 3 til 4 stelpum með umbúðir eftir nefaðgerð. Hér er jafn eðlilegt að fara í lýtaaðgerð eins og að fara til tannlæknis á Íslandi.

Eftir að hafa unnið á skíðasvæði í austurrísku Ölpunum átti ég ekki von á svona geggjuðum brekkum hér. En Dizin hafði upp á allt það besta að bjóða. Brattar brekkur, frábær snjór, nóg af púðursnjó fyrir „off-piste“ en helsti kosturinn var samt sá að þó að Alborz-fjöllin séu sambærileg við Alpafjöllin þá eru þau laus við túrismann. Raðir í lyftur voru nánast engar og brekkurnar ekki troðnar. Sólin skein og snjórinn var eins og hann gerist bestur.

Fyrir þá sem vilja smá ævintýri í skíðafríið sitt mæli ég með Íran þar sem hægt er að heimsækja Teheran og upplifa persneska menningu í leiðinni.

Hér er hægt að sjá skemmtilega heimildarmynd um skíðaiðkun í Íran: http://www.youtube.com/watch?v=waMBt6EnsT8

*hannabjork@gmail.com*



**GLITTIR Í FJÖLLIN** Í baksýn mengaðrar höfuðborgar Írans, Teheran, gnæfa fagrir snæviþaktir tindar.



**Á SNJÓBRETTUM Í ÍRAN** Dizin-skíðasvæðið rétt fyrir utan Teheran en þar eru fyrsta flokks skíðafjöll.




# ÚTSALA

# LOKADAGUR

# VALHÚSGÖGN

SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNSÓFAR - HVÍLDASTÓLAR - BORDSTOFUHÚSGÖGN - SKÁPAR...



**LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR!**

Vandaður slökunarstóll með skemli
og sterku áklæði eða leðri
Margir litir

Verð m/áklæði
kr. 39.000.-
Verð m/leðri
kr. 59.000.-



Afar vönduð ítölsk sófasett með
leðri eða slitsterku áklæði

Verð m/áklæði
frá kr. 189.000.-
Verð m/leðri
frá kr. 249.000.-

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með
nýja 360° sýningarkerfinu okkar. Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**Opið:** Virka daga 10-18 - Laugardaga 11-16

# Áttu von á gestum?



GALLERÍ KJÖT

Í NAUTI ERUM VIÐ BESTIR

GRENSÁSVEGI 48 • SÍMI 553 1600




## STUÐ MILLI STRÍÐA Endurfundir reynast erfiðir

KAREN D. KJARTANSDÓTTIR VEIT HVAÐ HÚN Á AÐ TALA UM



Endurfundir gamalla skólafélaga eru ein erfiðasta lífreynsla sem hægt er að leggja á meðaljón. Nær allan tíma minn í menntaskóla bjó ég í herbergi með annarri stúlku. Við vorum góðar vinkonur og líklega upplifðum við flesta mikilvægustu atburði í lífi hins dæmigerða íslenska unglings saman.

Leiðir okkar skildu svo með látum þegar við vorum á lokaárinu. Mér fannst hún hafa gert eitthvað á minn hlut. Ég varð reið. Hún baðst afsökunar. Í um það bil mínútu velti ég því fyrir mér hvort ég ætti að rétta fram sáttarhönd. Ég vissi að það yrði til þess að við myndum leysa ágreining okkar á innan við klukkutíma. Ég vissi líka að ef ég myndi slá á hendi hennar væri vinskapnum nokkurn veginn slitið. Síðari kosturinn varð fyrir valinu, ég flutti í einstaklingsherbergi og velti mér lengi upp úr því hve agalega illa hún hafði komið fram við mig.

Í vikunni hringdi þessi stúlka svo í mig eins og rauðhærður engill og bauð mér til samkvæmis sem ætlað er bekkjarsystkinunum. Í þetta sinn þáði ég boð hennar. Í kvöld mun ég standa frammi fyrir fólki sem ég hef ekki séð lengi vel. Ég veit ekki hvaða umræðuefnum ég á að brydda upp á, leiðast upprifjanir gamalla skammarstrika óheyrilega og veit ekki hvort umræður tengdar samfélaginu veki lukku meðal viðstaddra. Líklega verður Baugsmálið fyrir valinu. Það líkist svolítið sápuóperu, löglærðir bekkjarfélagar geta vissulega sýnt hvað í þeim býr í umræðunni en það geta líka þeir sem eru komnir á bætur en hafa gaman af því að slúðra um snekkjur og tölvupósta sem kunna að valda kinnroða. Ef ekki væri fyrir þessi undarlegu réttarhöld myndi ég varla treysta mér í samkvæmið. Það er kannski ágætt að þetta mál verði einhverjum að gagni.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SKÍFAN LÆKKAR STRAX!

**ÞANN 1. MARS LÆKKAR VIRÐISAUKASKATTURINN Á TÓNLIST ÚR 24,5% NIÐUR Í 7%**




~~2.199~~ **1.890**

**Söngvakeppni**
**Sjónvarpsins 2007**



~~2.199~~ **1.890**

**Norah Jones**
Not too late



~~2.599~~ **2.234**

**Madonna**
Confessions Tour



~~2.499~~ **2.148**

**Úr kvikmynd**
Dreamgirls




~~2.199~~ **1.890**

**Laddi 2CD**
Hver er sinnar kæfu smiður



~~2.199~~ **1.890**

**Pétur Ben**
Wine For My Weakness




~~3.199~~ **2.749**

**Björgvin Halldórsson**
Bó og Sinfó




~~2.199~~ **1.890**

**Rhythms Del Mundo**
Rhythms Del Mundo Cuba

**TILBOÐ GILDIR**
**AF ALLRI TÓNLIST**
**Í VERSLUNUM**
**SKÍFUNNAR**

S·K·Í·F·A·N

**KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI**

TILBOÐ GILDIR TIL 1. MARS EN ÞÁ TEKUR GILDI ALMENN VSK. LÆKKUN

**!** **Kl. 14.00**
*Kristín Helga Káradóttir myndlistarmaður sýnir í galleriBOXi í Listagilinu á Akureyri. Sýningin ber yfirskriftina „At Quality Street“ eða „Við Gæðagötu“ og er opin laugardaga og sunnudaga frá 14-17 eða eftir samkomulagi. Sýningin stendur til 3. mars.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Penelópa á svið



Penelópukviða Margaret Atwood sem hér kom út í þýðingu Sigríðar Eiríksdóttur 2005 á forlagi Bjarts er nú á leið á svið. Skáldkonan tekur sér frí í júlí og sest að í Stratford til að vinna með kvennaleikflokki að því að skapa leiksýningu úr verkinu. Leikkonurnar eru bæði frá Bretlandi og Kanada, National Arts Centre og KonunglegaShakespeare-flokknum, en þessi leikhús standa að sýningunni. Josette Bushell-Mingo er leikstjóri en hún er forystumaður PUSH, samtaka sem berjast fyrir bættum hlut blökkukvenna í bresku leikhúsi. Það er ekki síst kosturinn við verkið að þar er pláss fyrir margar konur og sagan er líka flestum kunn.

**MARGARET ATWOOD** Saga hennar af Penelópu þeirri sem beið Ódysseifs lengst verður að leiksýningu.

# Pétur og úlfurinn lifna við

Brúðumeistarann Bernd Ogrodnik hafði lengi dreymt um að búa til myndræna útfærslu af sögu Prokofievs um Pétur og úlfinn en flestir þekkja það verk betur með hlustunarfærunum.

Sagan og tónlistin sem Sergei Prokofiev samdi árið 1936 hefur leitt ófáa unga hlustendur í kynni við klassíska tónlist. Sögunni er jafnan miðlað af sögumanni en hljóðfærin túlka ólíkar persónur verksins. Nú lifnar ævintýrið hins vegar við í litríkum og hugvitsamlega hönnuðum heimi Bernds Ogrodnik. „Ég held mig við upprunalega söguþráðinn og breyti engu nema því allra nauðsynlegasta,“ útskýrir Bernd og áréttar að sér hafi þótt mikilvægt að vera verkinu trúr. „Verkið var skapað til þess að hlusta á það og tónlistin er leikin af diski ens hún stýrir frásögninni. Mér fannst líka mikilvægt að halda tryggð við evrópsku og rússnesku brúðuleikhúshefðina og þess vegna eru allar brúðurnar úr tré.“



**Í FRÍÐUM BRÚÐUFANSI** Bernd Ogrodnik með sköpunarverkum sínum úr Pétri og úlfinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Persónur verksins eru Pétur og afi hans auk dýranna á bænum en þar eru bæði köttur og önd og svo auðvitað úlfurinn sem álpast inn á landareignina og veiðimennirnir sem eru á hæla honum.

Bernd segir að Pétur og úlfurinn sé ævintýrasaga fyrir yngstu krakkana en góð skemmtun fyrir alla aldurshópa. „Það ættu allir krakkar að þekkja þessa sögu – hún er svo skemmtileg. Það þarf enginn að vera hræddur við úlfinn. Hann er mjög fyndinn en það er reyndar eitt atriði þegar hann borðar öndina sem er svolítið spennandi,“ segir hann og hlær.

Bernd hefur unnið við brúðugerð og brúðustjórnun hér á landi um árabil. Hann er mjög virtur í sínu fagi og hefur ferðast víða um heim með sýningar sínar og haldið fyrirlestra á alþjóðlegum leiklistarhátíðum, ráðstefnum og í háskólum. Fyrsta verkefni hans hér á landi var hinn vinalegi en tvívíði Pappírs-Pési en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Bernd hefur til að mynda gert brúður fyrir fjölmargar leiksýningar, til dæmis Koddamanninn, Klaufa og konungsdætur og Ronju ræningjadóttur. Margir minnast líka sýningar hans Umbreyting – Ljóð á hreyfingu sem Bernd setti upp í Þjóðleikhúsinu á síðasta leikári en sú sýning var fyrst og fremst ætluð fullorðnum.

Brúðusýningin Pétur og úlfurinn verður frumsýnd í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu annað kvöld en Bernd hefur verið mikið á ferðinni og heimsótt fjölda leikskóla að undanförnu og sýnt þeim ævintýrið. „Nú fá pabbar og mömmur líka tækifæri til þess að koma og sjá. Börn eru reyndar hrifin af því að sjá sömu hlutina aftur og aftur svo nú geta þau tekið foreldrana með.“

kristrun@frettabladid.is

HVAÐ ERT ÞÚ AÐ HUGSA?
MÆTTU OG FINNDU NÁM SEM HÆFIR ÞÉR
HÁSKÓLADAGURINN 2007 ★ 17. FEBRÚAR ★ 2007
Háskóladagurinn
í Borgarleikhúsinu
17. febrúar klukkan 11.00 - 16.00
Kynning verður á námsframboði 6 háskóla
Háskólinn á Akureyri - Háskólinn á Bifröst
Háskólinn í Reykjavík - Hólaskóli/Háskólinn á Hólum
Landbúnaðarháskóli Íslands - Listaháskóli Íslands
Nám við Háskóla Íslands er kynnt í Háskólabíó
og nám við Kennaraháskólann er kynnt í Stakkahlíð
102 SKEMMTILEGAR NÁMSLEIÐIR Í BOÐI:
Alþjóðaviðskipti Arkitektúr Búvísindi Byggingariðnfræði Náttúru- og umhverfisfræði Byggingarverk
Evrópufræði Fatahönnun Ferðamálafræði Fiskalífffræði Fiskeldi Fjármál fyrirtækja Fjármálaverkfræ
Fjölmiðlafræði Fræði og framkvæmd Grafísk hönnun Grunnskólafræði Hagfræði Hátækniverkfræði
Heilbrigðisverkfræði Heimspeki Hestafræði Hjúkrunarfræði Hljóðfæraleikur Hrossarækt Hugbúnað
Iðjuþjálfun Íþróttafræði Kennaranám Kennslufræði Menningar – og menntastjórnun Kvikmyndatónl
Landslagsarkitektúr Leikaranám Leikskólafræði Líftækni Lögfræði Lögfræði Lýðheilsufræði MBA
Kerfisstjórnun Myndlistarnám Byggingartæknifræði Nútímadans Nútímafræði Nýmiðlun Rafiðnfræ
Rafmagnstæknifræði Reiðkennsla Reiðmennska Reikningshald og endurskoðun Rekstrarverkfræði
Sálfræði Samfélags- og hagþróunarfræði Sjávarútvegsfræði Skógfræði og landgræðsla Söngur Sta

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

14 15 16 **17** 18 19 20

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 **Árnesingakórinn** fagnar 40 ára afmæli sínu ásamt **Karlakórnum Stefni**, **Kór Kvennaskólans í Reykjavík** og **Kvennakór Háskóla Íslands** með tónleikur í **Íslensku óperunni** í Ingólfsstræti.

### OPNANIR

☐ 15.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** verður opnið í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað verður sérstök sýning á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina **Kárahnjúkar**.

☐ 18.00 **Unnur Andrea Einarsdóttir** opnar sýningu sína **Melaninecholia** í sýningarýminu **Gallerí Dvergur** við **Grundarstíg**. Á sýningunni eru verk úr röð myndbandsverka en hér sýnir Unnur tvö verk sem unnin eru við tónlist **Kristínar Bjarkar Kristjánsdóttur**, **Kiru Kiru**. Sýningin verður opin föstudaga og laugardaga kl. 18-20 til 17.mars eða eftir samkomulagi.

### SKEMMTANIR

☐ 23.00 **DJ Lucky** spilar soul, funk, reggae og gamalt og gott hiphop/r'n'b á **Café París við Pósthússtræti.**

### FYRIRLESTRAR

☐ 14.00 **Raunvísindadeild Háskóla Íslands** stendur fyrir fyrirlestraröðinni **Undur veraldar** í tilefni **Árs jarðarinnar 2008.** Í fyrsta fyrirlestrinum fjallar **Ólafur Ingólfsson**, prófessor við Háskóla Íslands, um veðurfar jarðar síðustu 650 milljón árin, afleiðingar og orsakir hitabreytinga sem einkenna þá sögu. Fyrirlestrarnir verða haldnir í **Öskju**, **Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands** í sal 132. Allir eru velkomnir svo lengi sem húsrúm leyfir.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 í **Listasafni Reykjavíkur** á **Kjarvalsstöðum** stendur fyrir sýningin **K-þátturinn - Málarinn Jóhannes S. Kjarval** en þar leitast sýningarstjórinn **Einar Garibaldi Eiríksson** við að svipta hulunni af goðsögninni Kjarval og hleypa áhorfandanum beint að verkum hans. **Á morgun kl. 15** tekur sýningarstjórinn þátt í spjalli við gesti um sýninguna. Á sama stað gefur einnig að líta sýninguna **Foss** þar sem fjórir listamenn kanna tengsl listar og náttúru.

☐ 10.00 Sýning á bókverkum **Sigurborgar Stefánsdóttur** stendur yfir í **Þjóðarbókhlöðunni**. Á sýningunni **Spari bækur** eru myndverk í formi bóka en verkin á sýningunni eru um það bil 30 talsins en hún stendur út febrúarmánuð.

☐ 11.00 í **Hafnarborg** standa yfir sýningar á verkum **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** og **Drafnar Friðfinnsdóttur**. Sýningarnar verða opnar til 4. mars.

☐ 12.00 í **Listasafni Akureyrar** standa yfir tvær sýningar, annars vegar á verkum **Jóns Óskars** en sýning hans ber yfirskriftina Les Yeux de L'ombre Jaune og hinsvegar sýning **Adam Batemans** - Tyrfingar. Safnið er opið milli 12-17 alla daga nema mánudaga.

☐ 13.00 Sýning á verkum **Kristins E. Hrafssonar** stendur yfir í **gallerí i8** á **Klapparstíg**. Sýningin er opin milli 13-17 í dag og stendur til 24. febrúar.

☐ 13.00 **Erlingur Jón Valgarðsson** sýnir í **Jónas Viðar Gallery** í Kaupvangsstræti 12 í **Listagilinu** á Akureyri. Sýningin stendur yfir til 25. febrúar en galleríið er opin milli 13-18 föstudaga og augardaga.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins / Regard fauve** í **Listasafni Íslands** geymir úrval af verkum franskra expressjónisma frá upphafi 20. aldar. Sýningunni lýkur um næstu helgi en á morgun kl. 14 leiðir **Harpa Þórsdóttir** listfræðingur gesti safnsins um sýninguna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Hugðarefni Hugleiks

Leikhópurinn Hugleikur er þekktur fyrir flest annað en iðjuleysi og nú hafa félagar hans æði mörg járn í eldinum. Á næstunni frumsýna þeir nýjan söngleik eftir Þórunni Guðmundsdóttur, Epli og eikur, en höfundurinn hefur áður skrifað fjölda verka fyrir hópinn, þar á meðal leikritið Systur og söngleikinn Kolrössu.

Í Hjáleigunni, húsnæði Leikfélags Kópavogs, standa nú yfir æfingar á leikritinu Bingó eftir Hrefnu Friðriksdóttur. Þar er á ferðinni samstarfsverkefni Leikfélagsins og Hugleiks en félög þau hafa áður átt farsælt samstarf hvers afrakstur varð sýningin Memento Mori. Sú sýning fékk frábæra dóma og hefur gert það gott á leiklistarhátíðum, hérlendis sem erlendis. Henni hefur verið boðið að vera á alþjóðlegri leiklistarhátíð í Suður-Kóreu í sumar. Leikstjóri Memento Mori, Ágústa Skúladóttir, stýrir einnig



**ÚR SÝNINGUNNI MEMENTO MORI** Hugleiksfólki hefur verið boðið að sýna verk sitt í Suður-Kóreu.

nýja verkinu en um tónlist í verkinu sjá Sváfnir Sigurðarson og Ágústa Eva Erlendsdóttir. Áætluð frumsýning er um miðjan apríl.

Gerður var góður rómur að sagnadagskrá Hugleiks, Einu sinni var..., sem Hugleikarar fluttu í Þjóðleikhúskjallaranum fyrr í vetur. Dagskrá þessi var ofin úr örlagasögum forfeðra þátttakendanna og afrakstur námskeið sem leikararnir Benedikt Erlingsson og Charlotte Böving héldu fyrir áhugasama en þar var unnið með frásagnarformið í sinni einföldustu mynd. Dagskráin verður endurtekin annað kvöld og næstkomandi þriðjudag og hefjast sýningar kl. 21 bæði kvöldin. **- khh**



**LÖGMAÐUR OG LEIKSKÁLD** Hrefna Friðriksdóttir semur nýtt verk fyrir Hugleik þar sem bingó kemur mikið við sögu.




# Killer Joe á fjalirnar

Æfingar standa nú yfir á leikritinu Killer Joe, sem frumsýnt verður Borgarleikhúsinu 1. mars.

Verkið, sem er eftir bandaríska leikskáldið Tracy Letts, fór fyrst á fjalirnar árið 1993 og hefur verið sýnt í um tuttugu löndum síðan. Leikritið lýsir sérkennilegri fjölskyldu í Texas sem býr við bág kjör en elur með sér drauma um betra líf og grípur til örþrifaráða til að sjá drauma sína rætast.

Leikfélagið Skámáni setur Killer Joe upp í samstarfi við Borgarleikhúsið. Síðasta sýning Skámána var einleikurinn Ég er mín eigin kona sem sýndur var við miklar vinsældir í Iðnó. Eins og þá er leikstjórn í höndum Stefáns Baldurssonar en fimm leikarar eru í sýningunni: Björn Thors, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Maríanna Clara Lúthersdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson. Tónlistina semur Pétur Ben en búningahönnun og sviðsmynd er í höndum Filippíu Elísdóttur og Vytautas Narbutas. - bs



**FRÁ ÆFINGU** Verkið var fyrst sýnt í Bandaríkjunum árið 1993 en hefur verið sýnt í um tuttugu löndum síðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Myndlist í Iðuhúsi

Anima gallerí færir út kvíarnar og opnar í dag nýja sýningaraðstöðu í Lækjargötu 2a. Forsvarsmenn gallerísins, Hólmfríður Jóhannesdóttir og Kristinn Már Pálmason, hafa undanfarið ár rekið gallerí og söngskóla í Ingólfsstræti 8 þar sem margir af þekktari myndlistarmönnum þjóðarinnar hafa fengið inni. Auk þess hafa verið haldnir tónleikar í húsakynnunum við Ingólfsstræti sem einnig hafa mælst vel fyrir.

Nýja sýningarrýmið er á annarri hæð í Iðuhúsinu svokallaða en þar munu listaverkin fá að kallast á við kröfur og ágengni nútímans með nýjum hætti því fjölmargar tegundir þjónustu er þegar að finna í húsinu, til að mynda kaffihús, sushi-stað og bókabúð. Aðstandendur gallerísins hafa þó leitast við að hanna sýningarrýmið með þeim hætti að myndlistin stríði ekki við nálæg vörumerki og auglýsingar í þessu verslunarumhverfi heldur fái að njóta sín í sátt. Gestir fá því tækifæri á að auðga anda sinn og líf með ólíkum hætti í þessu iðandi húsi. Anima gallerí fer af stað með sýningu á verkum eftir ljósmyndarann Spessa, Halldóru Emils, Ómar Stefánsson og Jón Garðar Henryson.

Önnur nýjung í starfsemi Animu sem vert er að minnast á er þjónusta og ráðgjöf við val og innsetningu á myndlist fyrir heimili og fyrirtæki.

Húsið er opið frá 10-22 alla daga vikunnar en opnað verður kl. 17 í dag. - khh

**ANIMA Í SÓKN** Hólmfríður Jóhannesdóttir söngkona og Kristinn Már Pálmason myndlistarmaður stækka við sýningarrými gallerí Anima. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



# Eyrarrósartilnefningar

Eyrarrósin, sérstök viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni, verður afhent í þriðja sinn á Bessastöðum á miðvikudag. Þrjú verkefni eru tilnefnd úr hópi fjölmargra umsækjenda og verður eitt þeirra verðlaunað á miðvikudag með peningaverðlaunum og verðlaunagrip. Hljóta hin tvö 200 þúsund króna framlag. Öll hljóta tíu flugferðir frá Flugfélagi Íslands að auki.

Tilnefnt í ár er Safnasafnið í Eyjafirði, sem er eina safn sinnar tegundar á landinu. Það geymir alþýðulist, nýrri list og handverk af ýmsu tagi. Þá er Skálholtshátíð í Skálholti tilnefnd en hún hefur staðið fyrir Sumartónleikum þar frá 1975. Þar hafa verið flutt innlend og erlend tónverk af fremstu flytjendum landsins af ýmsu tagi. Strandagaldur á Ströndum er þriðja verkefnið sem tilnefnt er. Strandagaldur stendur að fjölbreyttum verkefnum og sýningum á sviði þjóðfræða og sögu og óhætt er að fullyrða að verkefnið eigi sér fáar hliðstæður á heimsvísu.

Fyrir rúmu ári féllu verðlaunin í skaut LungA – listahátíðar ungs fólks, Austurlandi en árið 2005 hlaut Þjóðlagahátíðin á Siglufirði Eyrarrósina. Eyrarrósin á rætur sínar í því að árið 2004 gerðu Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands með sér samkomulag um eflingu menningarlífs á landsbyggðinni til þriggja ára í tilraunaskyni. Afar vel hefur tekist til og því hefur verið ákveðið að endurnýja samstarfið.

Auglýst var eftir umsóknum í fjölmiðlum og voru umsækjendur m.a. ýmis tímabundin verkefni, menningarhátíðir, stofnanir og söfn. Verkefnisstjórn, skipuð forstjóra og stjórnarformanni Byggðastofnunar og stjórnanda og framkvæmdastjóra Listahátíðar í Reykjavík, tilnefnir og velur verðlaunahafa. - pbb



**EYRARRÓSIN** Safnasafnið á Svalbarðsströnd er tilnefnt í ár.


Kringlukráin
Karma í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Lau. 17. feb kl. 14.00 og 17.00
Sun. 25. feb kl. 17.00
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is
Leikhópurinn Á senunni & Hafnarfjarðarleikhúsið

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

ÓFAGRA VERÖLD
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20
Fim 1/3 kl. 20 Fös 9/3 kl. 20
Síðustu sýningar

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fös 2/3 kl. 20 Lau 10/3 kl. 20
Lau 17/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

MEIN KAMPF
Lau 24/2 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 AUKAS. Sun 18/2 kl. 20
Sun 25/2 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20 Sun 18/3 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 24/2 kl. 22:30 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Lau 3/3 kl. 22:30 AUKAS. Fim 8/3 kl. 21 UPPS.
Fös 16/3 kl. 21 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 AUKAS.
Lau 24/3 kl. 22:30 AUKAS.

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fim 22/2 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

DAGUR VONAR
Í kvöld kl.20 UPPS. Sun 18/2 kl. 20 UPPS.
Fös 23/2 kl.20 UPPS. Sun 25/2 kl. 20 UPPS.
Fim 1/3 kl. 20 AUKAS. Lau 3/3 kl. 20 UPPS.
Sun 4/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20 UPPS.
Fös 9/3 kl. 20 Fim 15/3 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin

LEIKHÚSSPJALL
Fim 22/2 kl. 20:15 Ókeypis aðgangur
Á Borgarbókasafni Kringlunni. Fjallað verður um verkið Dagur vonar

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14
Sun 4/3 kl. 14 Sun 11/3 kl. 14
Sýningum fer fækkandi

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fim 1/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20

KARÍUS OG BAKTUS
Uppselt á allar þessar sýningar!
Sun 18/2 kl. 13, 14,15, Sun 25/2 kl. 13,14,15, Sun 4/3 kl. 13,14, 15, Sun 11/3 kl.13, 14, 15, Sun 18/3 kl. 13, 14, 15, Sun 25/3 kl. 13, 14, 15, Sun 1/4 kl. 13, 14, 15, Sun 15/4 kl. 13,14,15
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

FEBRÚARSÝNING Íd
Fös 23/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 25/2 kl. 20 Sun 4/3 kl. 20
Sun 11/3 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Pétur og úlfurinn


Stóra sviðið kl. 20:00
**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Aukasýning 23/2 örfá sæti laus. Allra síðasta sýning!
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 kl. 14:00 örfá sæti laus** og kl. 17: 00 **nokkur sæti laus, lau. 24/2** kl. 20:00 **örfá sæti laus, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun 4/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 11/3 kl. 14:00 örfá sæti laus,** sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Forsýningar fim. 1/3 **örfá sæti laus**, fös. 2/3 **nokkur sæti laus** og lau. 3/3 örfá sæti laus. Miðaverð kr. 1.500,-
Frumsýning fim. 8/3 uppselt, 2. sýn. fös. 9/3 **örfá sæti laus**, 3. sýn. lau. 10/3 **örfá sæti laus,** 4. sýn. mið. 14/3 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 15/3 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus**.

Smíðaverkstæðið kl. 20:00
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
**Í dag l**au. 17/2 **kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus, þri. 20/2** uppselt, mið. 21/2 uppselt**, lau. 24/2 nokkur sæti laus, fim. 1/3 kl. 13:00** uppselt, **þri. 6/3 kl. 17:00** uppselt.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.

Kúlan
**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Í dag lau. 17/2 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 **örfá sæti laus**, sun. 18/2 kl. 13.30 uppselt og kl. 15:00 uppselt, lau. 24/2 kl. 13:30, kl.15:00 og kl. 17:00 uppselt, sun. 25/2 kl. 13:30 og 15:00. Takmarkaður sýningafjöldi.

Þjóðleikhúskjallari kl. 21:00
**EINU SINNI VAR** Sagnadagskrá leikfélagsins Hugleiks kl. 21:00
Sun. 18/2 og þri. 20/2. Miðapantanir á hugleikur@hugleikur.is.

Miðasala í síma **551 1200** og á netinu **www.leikhusid.is.**
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00. Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.

Flagari í framsókn
The Rake's Progress
IGOR STRAVINSKY
**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
sun.18. feb. - fös. 23. feb. - sun. 25. feb. - fös. 2. mars
SÝNINGAR HEFJAST KL. 20 - ALLRA SÍÐASTU SÝNINGAR
**Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15**
**ÓPERUDAGAR EVRÓPU 17. & 18. FEBRÚAR - ÓKEYPIS AÐGANGUR**
**Opið hús frá kl.12.00 báða daga: Leiðsögn um húsið, tónleikar, markaður ofl.**
**ANDAGIFT FRÁ AMERÍKU - HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUD. 20. FEB. KL. 12.15**
**Ingveldur Ýr Jónsdóttir, mezzósópran, og Kurt Kopecky, píanó.**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
Landsvirkjun
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

# BT TILBOÐ ALDARINNAR

**MEDION**
MD30202
40" Medion LCD veggsjónvarp

40"



65.999.- verðlækkun

**16.999***

**HD ready**
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

**HDMI tengi**
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

**Skerpa 1:1200**
Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

**2 Sjónvarpsmóttakarar**
Fylgstu með 2 stöðvum í einu með mynd í mynd

**Svartími 8ms**
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið serm 40" tölvuskjá

VEGGFESTING FYLGIR 14.999

Veggfesting fylgir
að verðmæti 14.999
Borðstandur fylgir einnig

Skjástærð: 40 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
Mynd við mynd
Textavarp við mynd
PIP - myndfrystimöguleiki
3D Comb Filter
Borðstandur og veggfesting fylgir
Contrast: 1:1200
Birta cd/m2: 500

Svartími: 8ms
Textavarpsminni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 2
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Hátalarar: 2x10W

*Medion gefur þér frelsi til að velja hvort tækið fer á vegginn eða borðið*

| 6.745 | 16.999 | 179.999 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Meðalgreiðsla 12 mán. | Staðgreitt |

## SKILAÐU GAMLA SJÓNVARPINU ÞÍNU..



**Panasonic**

SCHT340
PANASONIC HEIMABÍÓ
Fjölkerfa
Magnari 330W RMS
Útvarp FM/AM
Spilar CD-R/CD-RW/DVD-R/S-

VCD/JEPG/MP3
DVD-Audio, MP4, DivX6
Dolby Digital,DTS,Dolby Pro
Logic II
5 hátalarar + Bassahátalari
Fjarstýring

**29.999**



## ...OG FÁÐU PANASONIC HEIMABÍÓ ÞEGAR KAUPIR MEDION 40" PLASMASJÓNVARP

# TOSHIBA SATELLITE A100

**TOSHIBA**

PSAANE-03J008N5
TOSHIBA SATELLITE A100-067
Intel® Core Duo T2060
15.4" WXGA TrueBrite
- Upplausn 1280 x 800
Intel 945GM 128MB skjákort
1GB DDR Minni (Mest 4GB)
60GB SATA S.M.A.R.T Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 5 - 1
Harman Kardon® hátalarar
SRS® TruSurround XT™ System og SRS® WOW
IEEE 1394 - DV Ready
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Vökvaþolið lyklaborð
HD to go - mobile High Definition viewing
Rafhlöðuending 3:50 klst (Mobile Mark™)
Aðeins 2.7kg á þyngd

Windows® Vista Home Basic
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote ™ 2003
InterVideo® WinDVD™
InterVideo® WinDVD Creator
Toshiba Disc Creator
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

VAR AÐ LENDA

15.4"



320 GB •FYLGIR



Flakkari fylgir!
PX1267E-1G32
TOSHIBA 320GB USB2.0
Afritaðu gögnin þín!

•18.999



Bættu við 1.167 kr á mánuði
(Visa vaxtalaust) fyrir:
79G-00007
OFFICE 2007 fyrir heimili
Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur

NÝTT!

**9.999*** Vaxtalaust

NÝTT!



- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Nýja stýrikerfið frá Microsoft : Windows Vista

Core Duo -Fyrir kraftinn
60GB harður diskur -Fyrir gögnin
Intel 945 GM -Fyrir leikina
1 GB minni -Fyrir vinnsluna
DV Ready -Fyrir tökuvélina
Þráðlaust net -Til þæginda

0% VEXTIR

| 4.556 | 9.999 | 119.988 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |


TUNGLID


Zik Zak 6 ára
15% afmælisafsláttur
af öllum nýjum vörum í dag
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

**> Við mælum með...**

...kinnalit. Algjör nauðsyn til að fá rósrauðar kinnar við fölva febrúarmánaðar. Nýju kinnalitirnir frá Clinique nefnast Fresh Bloom og eru guðdómlega sætir.




# útlit

utlit@frettabladid.is

## SMEKKURINN CRISPIN VAUGH THOMAS, UMBOÐSMAÐUR

# *Silvía Night er tískufyrirmyndin*

**Hugsarðu mikið um tísku?** Það verður erfitt að svara þessum spurningum án þess að hljóma hommalega og eins og algjör fáviti.... Nei, ég hugsa nú ekki mikið um tísku en ég kann vel við föt, sérstaklega kvenföt!

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?/Hvernig myndu aðrir gera það?** Látlaus en öruggur.

**Uppáhaldsfatahönnuður?/Fatamerki?** Það er enginn sérstakur í herrafatnaði, líklega ATO (í jakkafatajökkum og skyrtur) ... en í dömufötum eru það Chloe, Marni, Marc Jacobs, Burberry, Prorsum og fleiri og fleiri.

**Tískufyrirmynd?** Silvia Night!... auðvitað.

**Litirnir þínir?** Aðallega dökkir.

**Hver er þín veikasta hlið?** Það fer eftir hvað þú meinar með veikri hlið... Ætli megi ekki segja að ef ég sé eitthvað sem mér finnst flott þá kaupi ég það án þess að líta á verðmiðann... Ætli það sé ekki mín veika hlið. Líka sólgleraugu og kvenskór...

**Stranglega bannað?** Að klæðast fötum sem fara manni ekki. Þótt þau séu í tísku þýðir það ekki að þau geri manni sjálfkrafa kúl.

**Uppáhaldsbúð?** Selfridges í London.

**Þrjár uppáhaldsflíkur? Af hverju eru þær uppáhalds?** Vintage Víetnam jakkinn minn, tíu ára gömlu upplituðu svörtu T-bolirnir mínir og skórnir mínir og sólgleraugun (ég veit það eru fleiri en þrjár...)

**Hvaða áratugur finnst þér hafa flottustu tísku nokkurn tímann?** Þessi.

**Hvað þarftu að hreinsa út úr fataskápnum fyrir vorið?** Ekkert.

**Hvert færirðu í verslunarferð með fullt af peningum OG þú mættir ferðast um í tímavél?** Líklega hvert tímabil um og frá og með 1960 – ég færi frá LA til New York, Parísar og London.





## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Elsa María Blöndal

# *Rokk og ról og rómantík*

Tískuheimurinn. Já, það getur verið svikull bisness. Kannski er það þess vegna sem sjóræningjar eru fatahönnuðum svo endalaus uppspretta.

Þessir bandíttar sigldu á skipum sínum úti á reginhafi, hafnir yfir allar reglur og lög, áttu ástkonu í hverri höfn og raunir gærdagsins voru aðeins óljós punktur á sjóndeildarhringnum... hin allra mesta rómantík eins og maður segir. Og það sem meira er, sjóræningjar í ævintýrunum eru alltaf sætir og sjarmerandi. Sjóræningjar voru rokkstjörnur sinna tíma og rokkarar eru sjóræningjar nútímans. Lifnaðarhættirnir geta a. m.k. verið sláandi líkir og ekki eru áhrif rokk og róls á tískuheiminn minni.

Tónlist almennt hefur óhjákvæmileg áhrif á tískuheiminn. En rokk og ról hefur líkt og sjóræningjarnir við sig einhverja dularfulla rómantík sem birtist í óteljandi ótrúlegustu myndum. Til dæmis bara það að klæðast leðurjakka og támjóum skóm og bruna um eyðimerkur Ameríku getur verið dæmalaus rock´n´roll rómantík.

Rokk og ról og músík mun alltaf vera hluti af því hvernig fólk klæðist. Það er til dæmis algengur misskilningur að pönkstefnan hafi orðið til af sjálfu sér í London. Pönkið átti sér langan aðdraganda í tónlistar- og lífstílsstefnu sem hafði þróast í New York borg frá því seint á sjötta áratugnum og fæddi af sér fjölmarga stórkostlega listamenn. Eins og til dæmis Richard Hell, einn svalasta tónlistarmann sögunnar, en öryggisnælur sem pönkarar notuðu gjarnan til að halda flíkum sínum saman eru bein áhrif frá honum.

Vivienne Westwood ásamt góðu teymi, gerði hins vegar byltingu með pönkinu eins og við þekkjum það í dag, þ.e. með móhíkanakömbunum, gaddaólunum og öryggisnælunum. Hún gekk lengra í að blanda saman ungæðislegu atferli, stjórnleysisáhrifum og fatahönnun en nokkur hafði gert áður. „Fólk ætti að vera yfirlýsingaglaðara og sýna heiminum hvert takmark þeirra sé,“ segir hin róttæka Westwood. Við Íslendingar eigum líka okkar eigin fatahönnuð og listamann sem hyllir rokk og ról á stuttermabolum, jökkum og hettupeysum undir merkinu Dead. Þar fer saman fallegur boðskapur og falleg list- og fatahönnun og allt saman siglir það sjóræningjaskipi sínu undir rómantísku rock´n´roll yfirbragði.

AÐEINS Í DAG OG Á MORGUN
ÚTSÖLU MARKAÐUR
Í CHANGE SMÁRALIND
AÐEINS 4 VERÐ
250 500 1000 1500
CHANGE® coast oasis



**FRAMTÍÐARSÝN** Fyrirsæta sýnir hönnun hinnar belgísku Ann Demeulemeester á sýningu haust/ vetur 20006-7 í París. Merkið fæst hérlendis í Liborius, Mýrargötu.



**GEIMÖLD**
Töffaralegur vélmennafílingur frá Ann Demeulemeester.

# Hvað er skyldueign fyrir vor/sumar 2007 ???

Þegar flett er gegnum tískutímarit þessa dagana fer ekki á milli mála að þetta er tískuárstíð öfganna og verð ég að fá að hrópa húrra fyrir því. Hverskonar hálfkák er ekki skemmtilegt og síst í klæðaburði. Það sem fyrst veldur ofbirtu í augum er hið glansandi efnaval. Málmlitaðar og glansandi flíkur eru almennt hátt skrifaðar. Allt frá trapisu silfurlituðum sixtís kjólum yfir í satínbakpoka og satínkraga á jakka, satínslaufur.. Og hér er ekki aðeins lögð áhersla á hið hefðbundna gull og silfur, einnig bronslitað, koparlitað sinklitað.. Að ógleymdum pallíettum í milljónavís! Þær njóta sín best á hotpants buxunum hjá Chanel. Einn tveir og allar saman, náum okkur strax í par!

Geimaldar-framtíðar-róbótafílingur fær menn einnig til að snúa sér við í sporunum. Má segja að Nicolas Ghesquiere hafi sett línuna með einni töffaralegustu tískusýningu síðari ára fyrir Balenciaga. Hussein Chalayan fylgir fast á eftir. Risa skyggnisólgleraugu eru nauðsynleg til að fylgja eftir þessum stíl. Micro mini pils eru ofarlega á lista þetta vorið og hvað varðar pilsfaldinn, munið að því styttra því betra! Og sólgleraugu á stærð við undirskálar takk. Hinn ferski, stílhreini pönkarastíl gildir í sumarkápu- og sumarkjóladeildinni, svart/hvítt eða í sterkum neon litum, fremur kynlaust og einfalt. Eins og sjá má þá ægir öllu saman, stefnum, stílum og áhrifum. Mikilægast er að hver finni út hvað hentar sínum stíl. Galdurinn er að sanka að sér molum úr ýmsum áttum og raða því svo saman á töffaralegan hátt.



**GLÆSILEGUR** Satínkjóll frá Roksöndu Ilincic, en stjarna þessa frumlega hönnuðar rís hratt og skín skært í tískuheiminum í dag. Fæst í KronKron.



**GJAFAPAKKNING** Ótrúlega flott skær slaufa setur punktinn yfir þennan dimmbláa kjól. Frá KronKron.



**DÍVA** Þessi kjóll mun fanga athygli allra sem á hann horfa. Eftir Roksöndu Ilincic, fæst í KronKron.



**GLANSANDI** Glamúr kjóll með smá baby-doll sniði frá Roksöndu Ilincic, fæst í KronKron.



**DÁSAMLEGT BAK** Grágrænn kjóll með svörtum slaufum á bakinu eftir Roksöndu Ilincic, frá KronKron.

KDL46X2000

499.950




Verð áður ~~799.950~~

T3 ★★★★★
Best Buy
Besta high end tækið á markaðnum
- What Home Cinema

KDL46W2000

399.950




Verð áður ~~599.950~~

KDL46S2000

259.950

46"




Verð áður ~~499.950~~

# Meiri lækkun á 46" tækjum

# Útsala í Sony Center

CMTWS2D
DVD Spilara

39.950




Verð áður ~~64.950~~

TAVL1

259.950

32"




Verð áður ~~499.950~~

DSLRA100KB
Myndavél

79.950




Verð áður ~~99.950~~

DSCT10
Myndavél

29.950




Verð áður ~~45.950~~

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is · sími 588 7669









# Draumur um frægð

Kvikmyndin Dreamgirls segir sögu þriggja ungra blökkukvenna í Bandaríkjunum í kringum 1960 sem eiga sér þann draum heitastan að slá í gegn sem söngkonur. Þegar þær fyrir tilviljun rekast á hinn orðlipra umboðsmann Curtis Taylor virðist frægðin á næsta leiti. Leiðin á toppinn er hins vegar þyrnum stráð.

Dreamgirls var upprunalega söngleikur sem átti vinsældum að fagna á níunda áratug síðustu aldar. Hann er lauslega byggður á ferli Díönu Ross og árum hennar með sönghópnum The Supremes, en sagan segir að Díönu sé meinilla við myndina á meðan stalla hennar úr sveitinni, Mary Wilson, segir myndina nær sannleikanum en fólk gruni.

Leikstjóri myndarinnar, Bill Condon, hefur mestmegnis starfað sem sjónvarpsleikstjóri, en á að baki ágætismynd eins og Kinsey frá 2004 ásamt því að vera einn af handritshöfundum á söngleikjamyndarinnar Chicago.

Stjörnurnar sem prýða myndirnar eru ekki af verri endanum. Beyoncé Knowles, Eddie Murphy, Danny Glover og Jamie Foxx gera öll hlutverkum sínum góð skil. Ameríska Idol-stjarnan Jennifer Hudson er þó kannski sú sem fær bitastæðasta hlutverkið sem Effie White, sem er bolað úr sveitinni þrátt fyrir að vera sú sem syngur best.

Margir söngleikir hafa litið dagsins ljós í bíóhúsunum síðustu árin þar sem hæst tróna Chicago og Moulin Rouge. Dreamgirls hefur alla burði til að vekja sömu aðdáun en tekst því miður ekki. Myndin fer í allt of margar áttir. Hún segir í senn dramatíska sögu þessara ungu kvenna og lífsförunauta þeirra á tíu ára tímabili, gerir tónlistarstefnu þessa tíma skil og fjallar um réttindabaráttu blökkumanna þar sem Martin Luther King Jr. þrumar ræður í bakgrunninn. Efnistökin eru of umfangsmikil, persónusköpun er einföld og óáhugaverð og oft á tíðum er óljósum söguþræði bjargað fyrir horn með því að láta fólk bresta í söng í miðju samtali. Aðdáendur sálartónlistar fá sannarlega eitthvað fyrir sinn snúð en á heildina litið er myndin ekkert til að hrópa húrra fyrir. **Rut Hermannsdóttir**



**KVIKMYNDIR**
**Dreamgirls**
Leikstjóri: Bill Condon
Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Beyoncé Knowles, Jamie Foxx, Danny Glover og Jennifer Hudson.
★★
Ágætis afþreying fyrir aðdáendur R'n'B, Soul og söngleikjamynda sem þó líður fyrir losaralegan söguþráð.






# Scarlett kona ársins

Leikkonan Scarlett Johansson tók á móti verðlaunum sem kona ársins af Hasty Pudding-leiklistarsamtökunum í Harvard á dögunum.

Gert var grín að Scarlett á ýmsan máta, m.a. með frægri ljósmynd sem birtist af henni nakinni á forsíðu tímaritsins Vanity Fair. Scarlett tók samt öllu saman með bros á vör. „Takk kærlega fyrir verðlaunin. Þetta hefur verið frábær dagur. Þetta er það næsta sem ég kemst því að útskrifast frá Harvard,“ sagði Scarlett. „Þetta er mikill heiður og ég get ekki beðið eftir partíinu sem verður í kvöld.“



**KOSSAR Á KINNAR** Scarlett Johansson fær kossa á kinnarnar af meðlimum Hasty Pudding-samtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Scarlett, sem er 22 ára, hefur leikið í myndum á borð við Lost in Translation, The Girl with a Pearl Earring, Match Point og The Black Dahlia.

Ben Stiller tekur við verðlaunum sem maður ársins hjá Hasty Pudding þann 23. febrúar. Verðlaunin fá þeir listamenn sem hafa haft mikil áhrif á skemmtanaiðnaðinn. Þeir sem fengu verðlaunin á síðasta ári voru Halle Berry og Richard Gere.

BYRJAÐU DAGINN Á BÍÓFERÐ › SPARBÍÓ 450kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum




Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| LETTERS FROM... | kl. 6 - 9 | B.i.16 | BABEL | kl. 9:30 | B.i.16 |
| PERFUME | kl. 6 - 9 | B.i.12 | FORELDRAR | kl. 7:50 | Leyfð |
| DREAMGIRLS | kl. 6 - 9 | B.i.7 | STRANGER THAN FIC... | kl. 5:50 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | | | |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| HANNIBAL RISING | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | BABEL | kl. 8 | B.i.16 |
| HANNIBAL RISING VIP | kl. 1:30 - 4 - 8 - 10:30 | | FORELDRAR | kl. 6 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | VEFURINN HEN.. M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| PERFUME | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.12 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 1 - 2 - 3:30 | Leyfð |
| MAN OF THE YEAR | kl. 3:40 - 10:30 | B.i.7 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 1 - 3 | Leyfð |
| BLOOD DIAMOND | kl. 5 - 8 - 10:50 | B.i.16 | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 1:30 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| GHOST RIDER | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| HANNIBAL RISING | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| ALPHA DOG | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| VEFURINN HE... M/- Ísl tal | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTTE´S WEB M/- Ensk tal. | kl. 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 1:30 - 3:40 | Leyfð | DIGITAL |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 1:30 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| ALPHA DOG | kl. 8 | B.i. 16 |
| BLOOD DIAMOND | kl. 10:20 | B.i. 16 |
| ROCKY BALBOA | kl. 8 - 10:20 | B.i. 12 |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl. 2 | Leyfð |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5:30 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10 | B.i.16 |
| PERFUME | kl. 10 | B.i.16 |
| MAN OF THE YEAR | kl. 8 | B.i.7 |
| VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |

www.SAMbio.is 575 8900 www.SAMbio.is


# Froðupartí í kvöld

Fyrsta froðupartíið á Íslandi verður haldið á skemmtistaðnum Trix í Reykjanesbæ í kvöld. „Skemmtanalífið á Íslandi er í föstum skorðum og það er lítið um nýjungar," segir Atli Már Gylfason, annar af aðstandendum partísins. „Eftir að hafa ferðast töluvert erlendis og heimsótt skemmtistaði eins og á Spáni sáum við að þar var verið að gera eitthvað nýtt með froðuvélum. Við fórum á stúfana og fundum fyrirtæki í Texas sem er að búa til þessar froðuvélar og pöntuðum eina slíka."

Froðupartíið í kvöld er það fyrsta af mörgum fyrirhuguðum hérlendis undir yfirskriftinni The Foam Tour. Meðal annars verða þau haldin á Akureyri, Vestmannaeyjum og Egilsstöðum. „Fólk er alltaf tilbúið til að prufa eitthvað nýtt. Það fær góða froðu fyrir peninginn. Við ætlum að dæla froðu í sex klukkutíma og á einu kvöldi munum við dæla 360 lítum á fólkið," segir hann.



**FROÐUPARTÍ** Frá froðuballi Nemendafélags Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem var haldið í síðustu viku, þar sem froðuvélin var prófuð í fyrsta sinn.

Trix verður opnað í kvöld klukkan 22.00 og byrjar froðan að freyða um miðnætti. Miðaverð er 1.500 krónur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Bono**, söngvari U2, verður ekki heiðraður af Norður-Dakótaríki í Bandaríkjunum fyrir baráttu sína um að skuldum verði aflétt af fátækum þjóðum í Afríku. Þingmenn í ríkinu greiddu atkvæði um það hvort heiðra ætti Bono og voru 58 sem vildu það ekki á móti 35. Töldu þeir sem voru á móti að hinn írski Bono hefði engin tengsl við ríkið og því væri ekki rétt að heiðra hann. Þingmaðurinn Scot Kelsh lagði frumvarpið fram eftir að hann sá frétt þar sem kom fram að ekkert bandarískt ríki hefði heiðrað söngvarann vegna baráttu hans fyrir Afríku. „Þetta er málefni sem skiptir okkur borgarana í Norður-Dakóta máli, Bandaríkjamenn og allan heiminn," sagði Kelsh.








Landsbankinn
Banki allra námsmanna

Námsstyrkir

Við vitum hvað námsmenn þurfa. Árlega veitir Landsbankinn viðskiptavinum Námunnar veglega námsstyrki. Í ár höfum við hækkað þá enn frekar og sýnum námsmönnum þannig sjálfsagða tillitssemi.

Styrkirnir skiptast þannig:

- 3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr. hver
- 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr. hver
- 4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr. hver
- 3 styrkir til listnáms, 350.000 kr. hver

Umsóknarfrestur er til 2. mars 2007. Allar nánari upplýsingar og skráningarblöð eru að finna á landsbanki.is.

410 4000 | landsbanki.is

Náman – námsmannaþjónusta Landsbankans

## > Þórir nýr framkvæmdastjóri KSÍ

Stjórn KSÍ veitti í gær Geir Þorsteinssyni, formanni sambandsins, heimild til að ráða Þóri Hákonarson í stöðu framkvæmdastjóra. Hann mun því taka við starfinu af Geir. Þórir var skrifstofustjóri Siglufjarðarkaupstaðar um árabil og hefur lengi gegnt trúnaðarstörfum fyrir Knattspyrnufélag Siglufjarðar þar sem hann hefur verið formaður síðan 2002. „Mér líst afskaplega vel á starfið og hlakka til að takast á við það," sagði Þórir við Fréttablaðið í gær.

# sport

sport@frettabladid.is

JÓHANN GUNNAR EINARSSON: ÍSLANDSMEISTARAR FRAM EIGA MIKILVÆGAN LEIK Á MORGUN

# *Búumst við miklu betra Fylkisliði*



Á morgun verða fjórir leikir á dagskrá DHL-deildar karla í handbolta. Gríðarleg spenna ríkir á öllum vígstöðvum í deildinni en á morgun verður sérstaklega mikið undir í leik Fylkis og Fram.

„Þeir gerast nú varla mikilvægari en þessi leikur," sagði Jóhann Gunnar Einarsson, stórskyttan í liði Fram. „Ef við vinnum náum við að skapa smá bil á milli okkar og Fylkis. Ef við töpum erum við í ansi slæmum málum og tímabilið verður erfitt."

Fylkir er sem stendur í næstneðsta sæti með níu stig en Fram í þriðja neðsta með ellefu stig. Fylkismenn hafa þó styrkt sig mikið á meðan hlé var á deildinni í janúar.

Íslandsmeistararnir hafa ekki náð sér á strik að undanförnu og tapað síðustu fjórum leikjum sínum í deildinni. Í þeim hefur Jóhann Gunnar skorað 30 mörk.

„Þetta hefur ekki smollið hjá okkur eins og við vildum. Ég veit ekki ástæðuna fyrir því en svona er þetta bara."

Síðast þegar Fram vann leik í deildinni var það gegn Fylki. „Við vitum það samt vel að við munum mæta allt öðruvísi og betra liði nú en þá. Fylkismenn eru komnir með miklu sterkara lið og meiri breidd í leikmannahópinn. Við verðum einnig á útivelli þannig að það er einfaldlega að duga eða drepast fyrir okkur."

Árangur Fram hefur valdið stuðningsmönnum liðsins vonbrigðum í ár. „Það er alltaf sagt að það sé erfiðara að verja titil en að vinna hann. Kannski er það að koma í ljós núna. En ég hef samt trú á því að ef við vinnum næstu tvo leiki getum við gert eitthvað gott úr þessu tímabili."

Sama hvernig fer á morgun er fyrirséð að fallbaráttan í deildinni verður afar spennandi. „Það er mjög stutt á milli liða. Ef við hefðum unnið Val í síðasta leik værum við nú í toppbaráttu en erum í fallbaráttu. Svona er það einfaldlega."



BIKARMEISTARARNIR Keflavík vann KR í úrslitaleik í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Bikarkeppni KSÍ:

## Úrslitaleikurinn í október

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í forkeppni, 1. og 2. umferð bikarkeppni karla og kvenna. Einnig var öðrum leikjum í keppninni raðað á daga. Úrslitaleikur í karlaflokki fer fram 6. október, viku síðar en úrslitaleikurinn síðastliðið haust. Úrslitaleikur í kvennaflokki fer fram 22. september.

Á nýliðnu ársþingi voru samþykktar breytingar á fyrirkomulagi bikarkeppninnar en þær ganga ekki í gegn fyrr en á næsta tímabili. - esá

Upphitunarhátíð ÍR-inga:

## Ætla að setja heimsmet

**KÖRFUBOLTI Körfuknattleiksdeild ÍR býður í dag til upphitunarhátíðar í ÍR heimilinu við Skógarsel fyrir bikarúrslitaleikinn. Hátíðin sem hefst klukkan 13.30 hefur verið auglýst af krafti í Breiðholtinu, meðal annars með dreifimiðum í alla grunnskóla hverfisins. Boðið verður upp á pizzur og gos og þá er andlitsmálning verður fyrir krakkana. Hápunktur dagskrárinnar verður þegar sett verður heimsmet í Stinger, sem er vinsæll skotleikur á körfu. Unglingaþjálfarar ÍR munu hafa umsjón með heimsmetstilrauninni.** - óój

# Landsbyggðin enn án titils

**Hamar/Selfoss getur orðið fyrsta liðið utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja sem vinnur stóran titil í körfuboltanum þegar liðið mætir ÍR í dag.**

**KÖRFUBOLTI** Það verður rafmögnuð stemning í Laugardalshöllinni í dag þegar bikarúrslit körfunnar fara fram. Karlaleikurinn hefst klukkan 16.00 og þar spila lið sem eru ekki í Höllinni á hverjum degi. ÍR er að spila sinn sjöunda bikarúrslitaleik, þar af aðeins annan á síðustu 17 árum, og mótherjarnir eru sameinað lið Hamars/Selfoss en Hamar hefur aðeins einu sinni komist í úrslitin og það var einmitt gegn ÍR fyrir sex árum.

Leikmenn Hamars/Selfoss geta ekki bara tryggt sínu bæjarfélagi sinn fyrsta stóra titil í íþróttum heldur getur liðið einnig orðið fyrsta liðið utan höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja sem verður bikarmeistari. Landsbyggðarlið hafa fimm sinnum komist í Höllina og átta stiga tap Hamars-liðsins á móti ÍR er langbesti árangur þeirra til þessa. Hinir fjórir leikirnir eru allir á meðal fimm stærstu tapa í sögu bikarúrslitaleiks karla.

ÍR-liðið er með sigurstranglegra liðið fyrir fram. Lðið er ofar í töflunni og vann báða innbyrðisleiki liðanna af öryggi, með 28 stigum (90-62) í október og með 23 stigum (99-76) í Seljaskóla fyrir rétt tæpum mánuði.

Hamar/Selfoss leggur mikið upp úr því að hægja á leikjum sínum og nýta krafta George Byrd inni í teig en í hvorugum leikjanna gegn Breiðhyltingum hefur það tekist. Hamar/Selfoss hefur aðeins þrisvar fengið á sig meira en 90 stig í vetur og tveir þeirra leikja hafa verið gegn ÍR.

ÍR-ingar glíma þó við óvissuástand því lykilleikmaður liðsins, Hreggviður Magnússon, hefur aðeins spilað í 6 mínútur síðan að hann meiddist í undanúrslitaleiknum á móti Grindavík. Hreggviður hefur hvílt í síðustu tveimur leikjum og verður örugglega mættur í slaginn í dag.



BRÆÐURNIR Pétur og Jón Arnar Ingvarssynir glíma um bikarinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stærsta málið í kringum leikinn hefur verið einvígi bræðranna Péturs og Jóns Arnars Ingvarssona en þetta verður í fyrsta sinn sem bræður stjórna hvor sínu liðinu í bikarúrslitum. Pétur hefur þjálfað Hamar og Hamar/Selfoss síðan 1998 og fór með liðið í bikaúrslitin fyrir sex árum. Jón Arnar er hins vegar aðeins á sínu þriðja mánuði með ÍR-liðið, sem hefur tekið stakkaskiptum undir stjórn hans.

Bræðurnir eru ekki að mætast í fyrsta sinn á vellinum en litli bróðir hefur haft betur bæði þegar þeir hafa mæst sem þjálfarar og sem leikmenn. Lið Jón Arnars unnu 5 af 8 leikjum gegn liðum Péturs á meðan þeir voru báðir að spila en síðan þeir tóku upp þjálfun hefur Jón Arnar stjórnað sínu liði þrisvar sinnum til sigurs í fimm leikjum gegn liðum Péturs.

Í dag kemur kannski í ljós hvort tak litla bróður nái einnig inn í bikarúrslitin eða hvort Pétur endurskrifar sögu íslenska körfuboltans með lærisveinum af Suðurlandinu. ooj@frettabladid.is



NJÓSNAÐ George Byrd, bandaríski miðherjinn í liði Hamars/Selfoss, var mættur á síðasta leik ÍR-inga til þess að njósna um verðandi mótherja í bikarúrslitunum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



6 LEIKIR OG 4 SIGRAR Keflvíkingurinn Marín Rós Karlsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bikarúrslitaleikur kvenna:

## Marín Rós með flesta leiki

**KÖRFUBOLTI Marín Rós Karlsdóttir, leikmaður Keflavíkur, er búin að spila flesta bikarúrslitaleiki af öllum leikmönnum úrslitaleikjanna í ár. Marín Rós mun spila sinn sjöunda úrslitaleik í dag og getur orðið bikarmeistari í fimmta sinn. Birna Valgarðsdóttir, fyrirliði Keflavíkurliðsins, mun spila sinn sjötta bikarúrslitaleik í dag og þær Svava Ósk Stefánsdóttir og Rannveig Randversdóttir hafa báðar leikið 3 leiki. Engin hjá Haukum hefur spilað meira en einn leik.** - óój

Bikarúrslitaleikur karla:

## Keith er sá eini með tvo leiki

**KÖRFUBOLTI** Það hafa aðeins sjö leikmenn úr liðum Hamars/Selfoss og ÍR leikið bikarúrslitaleik áður og þar af er Keith Vassell, ÍR, sá eini sem hefur leikið tvo leiki. Eiríkur Önundarson, Hreggviður Magnússon, Ólafur Sigurðsson og Steinar Arason voru allir með ÍR í sigrinum á Hamri fyrir sex árum og þá voru einnig Lárus Jónsson og Svavar Páll Pálsson í liði Hamars. Keith Vassell lék tvo bikarúrslitaleiki með KR, gegn Grindavík 2000 og gegn Njarðvík 2002 en báðir leikirnir töpuðust. - óój




Haukar mætir Keflavík í úrslitaleik Lýsingarbikars kvenna í Höllinni í dag:

# Toppliðin berjast í bikarúrslitunum

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar síðustu fjögurra ára og topplið deildarinnar mætast í úrslitaleik Lýsingarbikar kvenna í Laugardalshöllinni klukkan 12.00 í dag. Haukar taka þá á móti Keflavík en liðin hafa ásamt Grindavík verið í nokkrum sérflokki í deildinni í vetur. Allir leikir Hauka og Keflavíkur í vetur hafa verið mikið fyrir augað enda eru bæði lið að spila hraðan og skemmtilegan bolta.

Haukar unnu alla þrjá leiki liðanna í lokaúrslitum Íslandsmótsins síðasta vor og ennfremur úrslitaleik liðanna í Poweradebikarnum í desember 2005. Með sigri í leiknum í dag verður Haukaliðið handhafi allra bikara sem keppt er um í íslenskri kvennakörfu, nokkuð sem Hafnarfjarðarliðið væri að afreka í fyrsta sinn en Keflavík hefur gert margoft. Helena Sverrisdóttir, fyrirliði Hauka, hefur reynst Keflvíkingum mjög erfið. Í þremur innbyrðisleikjum liðanna í vetur hefur hún skorað 31 stig, tekið 11,3 fráköst og gefið 8,3 stoðsendingar sem gerir framlageinkunn upp á 40,3 í leik. Helena er að mörgum talin vera besti leikmaður deildarinnar að Könum meðtöldum og það er ekki síst fyrir þann hæfileika að spila alltaf best þegar mest er undir.

Keflavík er ekki öruggt með að njóta krafta fyrirliða síns, Birnu Valgarðsdóttur, sem hefur ekki spilað í síðustu fimm leikjum og var síðast í búningi í Grindavík fyrir mánuði.

Keflavík er eina liðið sem hefur unnið Hauka í vetur en sá sigur kom í Keflavík 17. desember. TaKesha Watson, sem hefur spilað meidd eftir áramót, átti þá stórleik sem og María Ben Erlingsdóttir sem var óstöðvandi undir körfunni. Watson var með 32 stig og 8 stoðsendingar en María Ben nýtti 13 af 18 skotum og skoraði 31 stig. Þetta var langþráður sigur Keflavíkurliðsins á Haukum sem höfðu fyrir leikinn unnið tíu leiki liðanna í röð. - óój



ERFIÐ VIÐ AÐ EIGA Helena Sverrisdóttir hefur leikið vel með Haukum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**HLAÐIN VERÐLAUNUM** Erla Dögg Haraldsdóttir, til vinstri, sundkona úr ÍRB. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

ÍRB á sundmóti í Þýskalandi:

## Erla Dögg vann sex gull

**SUND Erla Dögg Haraldsdóttir vann til sex gullverðlauna og sundfólk úr ÍRB alls til 59 verðlauna á alþjóðlega sundmótinu „Wiest Autohauser Cup“ sem fram fór í Þýskalandi um helgina. ÍRB endaði í öðru sæti í liðakeppni mótsins en alls tóku 37 lið þátt að þessu sinni. Verðlaunin 59 skiptust þannig að 26 voru gull, 18 voru silfur og 15 voru brons.**

**Erla Dögg Haraldsdóttir var óumdeilanlega sundkona mótsins, hún vann til sex gullverðlauna og var auk þess með stigahæsta afrek kvenna fyrir 100 metra bringusund. Erla Dögg vann einnig 1 silfur. Önnur í hópnum sem unnu til margra verðlauna voru Davíð Hildiberg Aðalsteinsson (3 gull, 3 silfur og 2 brons), Soffía Klemenzdóttir (3 gull og 3 brons), Helena Ósk Ívarsdóttir (3 gull og 1 silfur) og Birkir Már Jónsson (1 gull, 3 silfur og 1 brons).** - óój



**ÁTTA MÖRK** Olga Færseth hefur skorað átta mörk í fjórum leikjum KR í Reykjavíkurmótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Reykjavíkurmót kvenna:

## Þrenna Olgu öll úr vítum

**FÓTBOLTI** Hrefna Jóhannsdóttir var með fernu og Olga Færseth skoraði úr þremur vítaspyrnum í 13-0 sigri KR á Þrótti í Reykjavíkurmóti kvenna í fótbolta. Hin mörk KR-liðsins skoruðu Fjóla Dröfn Friðriksdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Margrét Þórólfsdóttir, Ólöf Gerður Ísberg og Agnes Þóra Árnadóttir. Olga fiskaði tvö af vítunum sjálf en þriðja vítið var dæmt eftir að varnarmaður Þróttar handlék boltann. Olga lék mjög vel á miðju KR-liðsins og átti þátt í flestöllum mörkum liðsins en á heimasíðu KR kemur fram að enginn KR-ingur hafði áður skorað þrennu úr vítaspyrnum. KR-konur hafa nú skorað 47 mörk í fjórum leikjum sínum í Reykjavíkurmótinu. - óój

Fjórða lengsta kast sögunnar:

## Óðinn kominn inn á EM

**FRJÁLSAR Óðinn Þorsteinsson úr FH náði fjórða lengsta kasti Íslendings frá upphafi þegar hann kastaði kúlunni 18,70 metra á öðru Coca Cola móti FH í Laugardalshöllinni í fyrrakvöld. Óðinn bætti þar sinn besta árangur um 19 sentimetra en hann átti best 18,51 m frá árinu 2005. Þetta er lengsta innanhússkast íslensks kúluvarpara í 17 ár og fjórða lengsta kast Íslendings í kúluvarpi innanhúss frá upphafi en aðeins Pétur Guðmundsson, Hreinn Halldórsson og Óskar Jakobsson hafa kastað lengra.**

**Óðinn ætti að hafa tryggt sér sæti á EM sem fer fram eftir tvær vikur en viðmiðið sem stjórn FRÍ setti fyrir EM innanhúss í Birmingham var 18,00 metrar.** - óój

Kristján Örn Sigurðsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Brann í Noregi:

# Hef gríðarlega mikla trú á þessu félagi

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Kristján Örn Sigurðsson hefur endurnýjað samning sinn við norska úrvalsdeildarliðið Brann. Gamli samningurinn hans átti að renna út í lok næsta tímabils en nú hefur hann samið til loka ársins 2009.

„Ég er mjög ánægður með að hafa skrifað undir nýja samninginn. Ég vildi vera áfram hjá Brann því að ég hef gríðarlega mikla trú á þessu félagi. Mér finnst frábært að spila á leikvanginum okkar og hef mikinn hug á að vinna sigra með Brann, bæði í Noregi og Evrópu.“

Yfirmaður íþróttamála hjá Brann, Roald Bruun-Hanssen, var einnig hæstánægður með að Kristján Örn skyldi velja að vera áfram í herbúðum Brann.

„Hann er mikilvægur leikmaður í okkar liði og samningurinn við hann þýðir að við getum haldið stöðugleika í liðinu,“ sagði Bruun-Hanssen.

Alls eru þrír íslenskir varnarmenn á mála hjá Brann. Auk Kristjáns Arnar eru það Ólafur Örn Bjarnason og Ármann Smári Björnsson. Ármann og Kristján hafa átt við meiðsli að stríða undanfarið.

Brann lenti í öðru sæti norsku úrvalsdeildarinnar í haust. Liðið mætir KR á æfingamóti á La Manga á Spáni í dag. - esá



**Á LANDSLIÐSÆFINGU** Kristján Örn með þeim Eiði Smára Guðjohnsen og Arnari Þór Viðarssyni á landsliðsæfingu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

TÓNVINNSLUSKOLI.IS SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090





TIL HAMINGJU

MEÐ FRÁBÆRAN ÁRANGUR

Aðstandendur Tónvinnsluskóla
Þorvaldar Bjarna og Sýrland studios
vilja óska nemendum sínum
til hamingju!

Fimm af keppendum í úrslitum
Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007 eru
nemendur í Tónvinnsluskólanum.

Tónvinnsluskólinn - nám sem virkar.

Skráningar fyrir
haustnámskeiðið eru hafnar.
Farðu inn á tonvinnsluskoli.is
eða hringdu í 534 9090
og veldu þér námskeið.

SÝRLAND
HLJÓÐVER · HLJÓÐSETNING · HÖNNUN
www.syrland.is

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA





KÍKTU Á TÓNVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ



**GUÐRÚN INGA SÍVERTSEN** Nýr gjaldkeri KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsti stjórnarfundur KSÍ:

## Guðrún Inga nýr gjaldkeri

**FÓTBOLTI** Í gær var haldinn fyrsti fundur nýrrar stjórnar KSÍ. Þar var verkefnum úthlutað og bar þar helst að Guðrún Inga Sívertsen er nýr gjaldkeri sambandsins. Hún er einnig formaður fjárhagsnefnd. Sömuleiðis á hún sæti í framkvæmdastjórn, landsliðsnefnd kvenna, rekstrarstjórn Laugardalsvallar og framkvæmdanefnd EM U19 kvenna.

Þá á hún einnig sæti í starfshópi um jafnréttisstefnu KSÍ sem er ný af nálinni. Formaður hópsins er Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og auk Guðrúnar á Ingibjörg Hinriksdóttir sæti í hópnum. **- esá**

HM í alpagreinum í Åre:

## Gull til Tékklands í sviginu

**SKÍÐI Hin tékkneska Sarka Zahrobska vann í gær svigkeppni kvenna á HM í alpagreinum í Svíþjóð í gær. Hún kom 0,16 sekúndum á undan Marlies Schild frá Austurríki í mark.**

**Heimamaðurinn Anja Pärson varð þriðja og vann sín fjórðu verðlaun á mótinu. - esá**

# Sérréttindi að fá að spila leikinn

**Keith Vassell varð Íslandsmeistari með KR árið 2000 en hann á enn eftir að vinna bikarinn. Vassell spilar sinn þriðja bikarúrslitaleik á Íslandi með ÍR gegn Hamri/Selfossi klukkan 16.00 í dag.**



**BESTUR Á ÚRSLITASTUNDU** Keith Vassell hefur alltaf verið bestur á úrslitastundum og ÍR-ingar vonast til að ekki verði breyting á því í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**KÖRFUBOLTI** Keith Vassell ætlar ekki að láta þriðja möguleikann á að vinna bikarinn renna sér úr greipum. Hann spilaði frábærlega í bikarúrslitaleikjunum 2000 og 2002 en varð í bæði skiptin að sætta sig við naumt tap.

„Ég get aldrei gleymt þessum leikjum í Höllinni. Í síðasta leiknum sem ég spilaði með KR gegn Njarðvík vorum við í góðum málum framan af leik en urðum að sjá af bikarnum í lokin. Þetta var mjög sárt tap," segir Keith, sem hefur skorað 26 stig og tekið 15 fráköst að meðaltali í bikarúrslitaleikjum sínum.

„Það var einn af hápunktunum á mínum ferli að vinna Íslandsmeistaratitilinn með KR og nokkuð sem ég mun aldrei gleyma. Ég vil vinna fleiri titla á Íslandi," segir Keith, sem spáir skemmtilegum úrslitaleik.

„Liðin spila gerólíkan körfubolta. Þeir leggja áherslu á að róa leikinn og koma boltanum á Byrd, sem kallar á mikla orku við að reyna að halda aftur af honum. Við reynum að keyra upp hraðann og það er því mikilvægast fyrir bæði lið að ná að stjórna hraða leiksins í upphafi," segir Keith.

„Ég er ótrúlega spenntur fyrir þessum leik. Mér finnst ég fá ákveðin sérréttindi með því að fá að spila þennan leik því ég hef ekki gert neitt til þess að hjálpa liðinu að komast í úrslitaleikinn," segir Keith, sem spilaði aðeins í fimm mínútur í undanúrslitaleiknum.

„Þegar ég var spilandi þjálfari var ég alltaf að hugsa um tvo hluti í einu. Nú get ég einbeitt mér að því að spila. Jón Arnar er mjög góður þjálfari og ég trúi og treysti á hans skoðanir og leiðbeiningar. Ég vissi að það var tímaspursmál hvenær ég kæmist almennilega af stað," segir Keith og hann sýndi það í síðasta leik.

Keith skoraði 21 stig og tók 14 fráköst í 97-81 sigri ÍR á Keflavík á mánudaginn en leikurinn kom liðinu aftur á sigurbraut eftir þrjú deildartöp í röð. „Leikurinn gegn Keflavík var mjög mikilvægur fyrir mig því ég vildi sjá það að ég væri kominn í leikform og gæti farið að skila einhverju til liðsins. Ég hafði ekki verið að gera það í fyrstu leikjum mínum með ÍR," segir Keith, sem hefur spilað vel og verið í sigurliði í báðum leikjum sínum gegn Keflavík í vetur en hann var með 16 stig og 15 fráköst í sigri Fjölni á Keflavík í októberlok.

„Bestu leikirnir mínir í vetur hafa verið á móti Keflavík. Keflavík er eitt af fáum liðunum í deildinni sem hugsa eins og ég. Þeir leggja mest upp úr því að vinna mótherjana á sálfræðihlutanum. Ég finn mig vel í slíkum kringumstæðum," segir Keith. Aðsurður um mikilvægasta hlutverk sitt í leiknum í dag svarar hann:

„Ég verð að vera áræðinn. Þegar ég kom fyrst til liðsins var ÍR að spila frábærlega. Ég taldi því réttast að ég ætti að koma rólega inn í leik liðsins og passa upp á að spila með liðinu. Eftir að Hreggviður meiddist hefur liðið þurft meira á mér að halda, ég hef því reynt að taka meira af skarið og að miðla reynslu minni," segir Vassell.

Keith gekk til liðs við ÍR-inga um áramótin eftir að hafa verið spilandi þjálfari hjá Fjölni framan af tímabili. „Mér gengur vel að aðlagast hlutunum hjá ÍR. Þetta er nokkur breyting því ÍR er að spila hraðari bolta en Fjölnir var að gera. Það tók smá tíma að venjast því en ég tel það vera komið núna. Við spiluðum við ÍR í einum af mínum síðustu leikjum með Fjölni og ég var mjög hrifinn af leik liðsins. Ég sá þá að þetta var lið sem ég gæti hjálpað til þess að fara að berjast um titilinn. Ég kom til ÍR til þess að vinna titla og liðið er nægilega gott til þess að gera það," segir Keith að lokum.

**ooj@frettabladid.is**




# ÍTALÍA

*- allt það besta!*

# Enn ein nýjungin!

## ferskt heilhveitipasta

*beint frá Ítalíu*

Durum heilhveiti




## Þú verður að prófa!

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## > ASHTON KUTCHER

Fæddur 7. febrúar 1978. Fór í háskólann í Iowa en hætti þar til að leggja stund á fyrirsætustörf. Hafði áður starfað við að skúra gólf. Vann fyrirsætukeppni í Iowa og þar með opnuðust dyrnar að New York. Í kjölfarið fór hann að reyna fyrir sér í prufum fyrir sjónvarpsþætti og eftir talsvert puð náði hann að slá í gegn á því sviði. Lék í That 70s Show og í kjölfarið í nokkrum kvikmyndum. Fór síðan að framleiða hina vinsælu þætti Punk'd. Hægt er að sjá Ashton Kutcher á Stöð 2 í kvöld í myndinni A Lot Like Love.



**dags**

## VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR HORFIR Á EUROVISION Í KVÖLD

# *Áfram Hafsteinn, áfram Hafsteinn...*

Það er Eurovisionkvöld í kvöld. Eitt sinn var ég statisti í Þjóðleikhúsinu, fyrir alltof mörgum árum, í sýningu sem hét Uppreisnin á Ísafirði eftir Ragnar Arnalds. Valkyrjan Brynja Ben. leikstýrði og sýningin gekk og gekk við mikinn fögnuð. En einhver kúltíveraður skipulagssnillingurinn hafði sett á sýningu á Eurovisionkvöldi. Fljótlega eftir að fólk mætti til að fara í búningana, vel fyrir sýningu, fór að berast sá orðrómur um húsið að aðsóknin væri ekki sem skyldi. Fáir miðar pantaðir. Reyndar stefndi í messufall sem hefði verið skelfilegt áfall – að það spyrðist að sjálft Þjóðleikhúsið hefði þurft að láta í minnipokann fyrir þessari „lágmenningu". En þá birtist bjargvætturinn í líki Jóhanns Sigurðarsonar – Jóa stóra. Sem var einn leikara í þessari mannmörgu sýningu. Eða öllu heldur birtist ekki. Því hann hringdi sig inn veikan. Hvort hann hafði ekki bara hreinlega fótbrotnað. Menn gerðu hvað þeir gátu til að leyna ánægju sinni. Og útsendarar á vegum leikhússins höfðu hraðar hendur og sendu tilkynningu til útvarpsins sem skyldi lesin strax. Eitthvað á þessa leið: Því miður fellur niður sýning Þjóðleikhússins á Uppreisninni í Ísafirði sem vera átti í kvöld vegna veikinda. Upp er runnið enn eitt Eurovision-kvöldið. Ég ætla ekki að vera í Þjóðleikhúsinu. Las mér til furðu í Sirkusi – fylgiriti Fréttablaðsins – í gær að Páll Óskar vildi helst sjá annað hvort Eika Hauks eða Dr. Gunna sigra. Af hverju er það svona furðulegt? Jú, svo áberandi er nú á þessum síðustu og verstu að menn standi með sínum burtséð frá öllu og öllu að maður er nánast farinn að ganga út frá því sem vísu að allir hugsi á þeim nótum. Femínistar til dæmis styðja alltaf konu í hvað sem er alveg sama hvursu mikill kjáni er á ferð. Framsóknarmenn framsóknarmenn og þannig má áfram telja. Svo mengaður er maður orðinn af þessum galna hugsunarhætti að mér datt ekki í hug annað en Páll Óskar, sem hefur margoft lýst því yfir að Eurovision sé hálfgildings hommahátíð, styddi annað hvort Hafstein, Friðrik Ómar eða jafnvel Jónsa sem fór á kostum í Strákunum okkar. Páll er hins vegar yfir það hafinn. Og ég líka. Held með Hafsteini og laginu „Þú tryllir mig". Ekki síst vegna þess að Hafstein og hans menn langar svo mikið til Finnlands að mér finnst að við ættum að láta það eftir þeim.



## EKKI MISSA AF



▶ **17.00** Man. Utd. - Reading SÝN



▶ **19.40** Jón Ólafs RÚV



▶ **20.00** The Forgotten STÖÐ2 BÍÓ



▶ **21.00** Last Comic Standing SKJÁREINN



▶ **22.05** The Punisher STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Fyndin og furðuleg dýr**
**08.06 Litla prinsessan** (1:30)
**08.17 Lubbi læknir** (50:52)
**08.29 Snillingarnir** (23:28)
**08.53 Sigga ligga lá** (49:52)
**09.06 Hundaþúfan** (1:6) 09.11 Trillurnar (19:26)
**09.37 Matta fóstra og vinir hennar**
**10.00 Frumskógarlíf** (4:6)
**10.25 Stundin okkar (e)**
**10.55 Kastljós (e)**
**11.25 Lögregluhundurinn (e)** (See Spot Run) Bandarísk bíómynd frá 2001.
**13.00 Alexander mikli (e)** (The Man Behind the Myth) Heimildamynd um Alexander mikla.
**13.55 Bikarkeppni kvenna í körfubolta** Bein útsending frá úrslitaleiknum.
**15.45 Íþróttakvöld (e)**
**16.00 Bikarkeppni karla í körfubolta** Bein útsending frá úrslitaleiknum.
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.10 Vesturálman** (2:22) (West Wing)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
▶**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007** Úrslitaþáttur keppninnar.
**22.20 Spaugstofan**
**22.45 Þorpið** (The Village) Bandarísk bíómynd frá 2004.
**00.35 Buddy (e)** Norsk mynd frá 2003.
**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Forgotten** (Hin gleymdu)
**08.00 Shall We Dance?** (Viltu dansa?)
**10.00 The Legend of Johnny Lingo**
**12.00 Diary of a Mad Black Woman**
**14.00 Shall We Dance?** (Viltu dansa?)
**16.00 The Legend of Johnny Lingo**
**18.00 Diary of a Mad Black Woman**
▶**20.00 The Forgotten** Bönnuð börnum.
**22.00 8MM** Stranglega bönnuð börnum.
**00.00 The Manchurian Candidate**
**02.05 Picture Claire** (Hin rétta Claire)
**04.00 8MM** Stranglega bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**07.00 Kærleiksbirnirnir** (58:60)
**07.10 Ruff's Patch**
**07.20 Funky Valley**
**07.25 Gordon the Garden Gnome**
**07.35 Engie Benjy** (Véla-Villi)
**07.45 Töfravagninn**
**08.10 Grallararnir** (Tiny Toons)
**08.55 Justice League Unlimited**
**09.20 Kalli kanína og félagar**
**09.40 Oddur önd**
**10.05 Tracey McBean**
**10.20 A.T.O.M.**
**10.45 Swan Princess 2** (Svanaprinsessan 2) Leyfð öllum aldurshópum.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**14.25 X-Factor** (13.20) (Úrslit 9)
**15.45 X-Factor - úrslit símakosninga**
**16.15 Tradesmen from Hell**
**17.05 Sjálfstætt fólk** Viðmælandi Jóns Ársæls að þessu sinni er Eggert Magnússon.
**17.40 Ofurheilinn**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.10 Freddie** (19:22)
**19.30 Joey** (3:22)
**19.55 Stelpurnar** (7:20)
**20.20 A Lot Like Love** (Einskonar ást) Rómantísk gamanmynd með Asthon Kutcher og Amöndu Peet. Þau leika par sem hittist í flugvél á leið til New York og eiga einnar nætur gaman. En hvorugt er tilbúið í alvöru samband og ákveða þau að vera vinir.
▶**22.05 The Punisher** (Refsivöndurinn) Mögnuð ofurhetjumynd sem byggð er á samnefndri myndasögu sem notið hefur mikilla vinsælda undanfarin ár. Aðalhlutverk. A. Russell Andrews, Omar Avila, James Carpinello. Leikstjóri. Jonathan Hensleigh. 2004. Stranglega bönnuð börnum.
**00.10 Radio** (Útvarp) Aðalhlutverk. Ed Harris, Cuba Gooding Jr. og fleiri.
**01.55 Hvítir mávar**
**03.15 Slackers** (Slugsarar)
**04.40 Freddie** (19:22)
**05.00 Joey** (3:22)
**05.25 Stelpurnar** (7:20)
**05.50 Fréttir**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.30 Trading Spouses (e)**
**17.15 KF Nörd** (6:15) (KF Nörd)
**18.00 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Seinfeld**
**19.30 Sirkus Rvk (e)**
**19.55 3. hæð til vinstri (16:30)**
**20.00 South Park (e)**
**20.30 American Dad 3 (e)**
**21.00 The Loop (e)** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann. Á meðan Sam reynir að uppfylla kröfurnar í vinnunni þarf hann einnig að uppfylla kröfur meðleigjanda sinna.
**21.30 Smith - NÝTT (e)** Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Og engin venjulegur þjófur. Ránin hans eru þaulskipulögð og djörf. Hann er þó ekki einn í þessu því Bobby hefur góðan hóp með sér og ekkert verkefni er of stórt fyrir þau. En stóra spurningin er hversu lengi getur Bobby lifað þessu tvöfalda lífi án þess að það komist upp? Flottir þættir um flotta glæpamenn. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch.
**23.10 Chappelle´s Show 1 (e)**
**23.40 Star Stories (e)**
**00.05 Tuesday Night Book Club - NÝTT (e)**
**00.50 Twenty Four** (16:24) (e)
**01.35 Entertainment Tonight (e)**
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**09.00 2006 World Pool Championships (e)**
**10.45 Vörutorg**
**11.45 Rachael Ray (e)**
**15.30 Psych - NÝTT (e)**
**17.00 Parental Control (e)**
**17.25 Last Comic Standing (e)**
**18.10 Survivor. Fiji (e)**
**19.10 Game tíví (e)**
**19.40 The Office - Lokaþáttur (e)**
**20.10 What I Like About You** Gamansería um tvær ólíkar systur sem búa saman í New York. Holly býðst til að leysa af á skrifstofunni hjá Val en systurnar eru ekki alveg sammála um hvaða aðferð Val á að nota til að hafa betur í samkeppni við kappsaman samstarfsmann.
**20.35 Parental Control**
▶**21.00 Last Comic Standing - Lokaþáttur** Bráðfyndin raunveruleikasería þar sem grínistar berjast með húmorinn að vopni. Gamanleikarinn Jay Mohr stýrir leitinni að fyndnasta grínistanum. Fyrstu tvær þáttaraðirnar voru sýndar á Stöð 2 en nú er þessi frábæri þáttur kominn á SkjáEinn. Nú mætast þeir bestu úr tveimur fyrstu þáttaröðunum. Sigurvegarinn hlýtur hálfa milljón dollara og það er mikil spenna í loftinu hjá grínistunum, sem búa saman meðan á leitinni stendur.
**21.45 Battlestar Galactica**
**22.35 Kill the Man** Luke Wilson í geggjaðri gamanmynd um eigendur lítils fyrirtækis sem þurfa að grípa til örþrifaráða í samkeppni við risann á markaðinum. Auk Wilson leika Joshua Malina og Paula Devicq stór hlutverk. Leikstjórar eru Tom Booker og Jon Kean.
**00.00 30 Days - Lokaþáttur (e)**
**01.00 The Silvia Night Show (e)**
**02.00 Nightmares and Dreamscapes**
**02.50 Vörutorg**
**03.50 Tvöfaldur Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**13.15 Upphitun**
**13.50 Inter - Cagliari (beint)** Sjálfir Ítalíumeistararnir fá Cagliari í heimsókn.
**16.00 West Ham - Watf. (frá 10. feb)**
**18.00 Inter - Cagliari** Frá því fyrr í dag.
**20.00 Sheff. U.- Tottenham (frá 10. f.)**
**22.00 Leikur í enska (frá 17. feb)**
**01.30 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.20**

### A Lot Like Love (Einskonar ást)



Rómantísk gamanmynd með Asthon Kutcher (Punk´d) og Amöndu Peet (The Whole Nine Yard, Studio 60). Þau leika par sem hittist í flugvél á leið til New York og á einnar nætur gaman. En hvorugt er tilbúið í alvöru samband og ákveða þau að vera vinir, en strengja þess heit að endurskoða það sjö árum síðar, ef ekkert hefur gerst þá í ástarmálum þeirra. Árin líða og þau halda áfram að rekast á hvort annað, rembast við að vera vinir, en stundum er bara erfitt að ráða við ástina. Aðalhlutverk: Amanda Peet, Ashton Kutcher, Taryn Manning. Leikstjóri: Nigel Cole. 2005.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SÖNGVAKEPPNI RÚV 20.20

Söngvakeppni Sjónvarpsins verður í beinni útsendingu í kvöld. Það er komið að stóru stundinni en það er sjálfur úrslitaþáttur keppninnar þar sem áhorfendur velja lagið sem keppir fyrir Íslands hönd í Eurovision-keppninni í Helsinki 10. maí. Níu lög komust upp úr undanriðlunum og eitt þeirra verður flutt á sviðinu í Finnlandi. Kynnir á keppninni í kvöld er Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Laugardagur til lukku **08.00** Fréttir **08.05** Músík að morgni dags **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Fréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa - Spurningaleikur um orð og orðanotkun.
**17.05** Fimm fjórðu - Djassþáttu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Hlustir
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Hugsað heim (5:8)
**21.05** Pipar og salt
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Lestur Passíusálma (12:50)
**22.21** Flakk
**23.10** Danslög
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.35 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**08.00 Pro bull riding**
**08.55 World Supercross GP 2006-2007**
**09.50 NBA deildin** (Cleveland - LA Lakers) Útsending frá leik í NBA deildinni.
**11.50 FA Cup - Preview Show 2007**
**12.20 FA Cup 2006** (Arsenal/Bolton - Blackburn) Bein útsending.
**14.20 Spænski boltinn - upphitun**
**14.50 FA Cup 2006** (Chelsea - Norwich) Bein útsending frá elstu bikarkeppni heims.
▶**17.00 FA Cup 2006** (Man. Utd. - Reading) Með Reading leika Íslendingarnir Ívar Ingimarsson og Brynjar Gunnarsson og vonandi fá þeir að spreyta sig á hinum sögufræga leikvangi Old Trafford.
**19.10 Spænski boltinn** (Real Madrid - Betis) Bein útsending frá Spáni.
**21.00 Spænski boltinn** (Zaragoza - Villarreal) Bein útsending frá Spáni.
**22.55 Box - Ricky Hatton gegn Juan Urango**
**00.25 Box - Wladimir Klitschko gegn Calvins Brocs**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.30** Palle Gris på eventyr **6.55** Disney Sjov **7.50** Frikvarter **8.15** Barda **8.40** Dragejægerne **9.05** Troldspejlet **9.35** Lovens vogtere **10.00** Børneblæksprutten **10.15** Ungdomsprogram **10.30** Viften **11.00** TV Avisen **11.10** Kløvedal i Kina-**12.10** Danmarks Indsamling **12.40** Hiv som hemmelighed **13.10** Boogie Listen **14.10** Dansk Melodi Grand Prix 2007 **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Tæt på Dyrene **18.30** Max **19.00** Danmarks Indsamling **21.30** Kriminalkommissær Barnaby **23.05** Hush **0.35** Den 11. time **1.05** Boogie Listen

### NRK 1

**6.30** Pysjpopbaluba **8.50** Rally Norway **9.00** VM alpint 2007 **10.50** TTR-serien: Arctic Challenge **11.00** Rally Norway **11.50** VM alpint 2007 **12.50** Rally Norway **13.15** V-cup skøyter **14.00** Rally Norway **14.45** NM hopp stor bakke **15.50** NM hopp stor bakke **16.30** Sport i dag **17.00** Jubalong **17.3**0 Barna på Luna **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Riksarkivet **19.20** Topp 10: Norges største sportsøyeblikk **20.25** Med hjartet på rette staden **21.10** Løvebakken **21.35** Rally Norway **22.05** Kveldsnytt **22.25** Nicholas Nickleby

### SVT 1

**7.00** BoliBompa **7.01** Meckar-Micke **7.15** Dagens visa **7.20** Zoé Kézako **7.35** I Mumindalen **8.00** Sagoträdet **8.15** Riddaren av Pelargonien **8.30** Kolla Gud **8.45** Klister **9.00** Rea **9.25** Amigo **11.00** Nöjesnytt: Melodifestivalen 2007 **11.30** Packat & klart **12.00** Plus **12.30** Antikrundan **13.30** Playa del Sol **14.00** Uppdrag Granskning **15.00** Saltön **16.00** Så ska det låta **17.00** Disneydags **18.00** Skokartongens hemlighet **18.25** Radiohjälpen hjälper - Världens barn **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2007 **20.30** VM-Extra **21.15** Bingo Royale **22.00** Rapport **22.05** Il Divo - live på Greek Theatre **23.05** The Replacements **1.00** Sändningar från SVT24


100% FJÁRMÖGNUN

Nýr Chevrolet **Lacetti** Station
á aðeins **26.980,-** á mán.*

100% fjármögnun
Engin útborgun
Í erlendri mynt
3 ára ábyrgð




Chevrolet **Lacetti**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
**Verð: 1.899.000,-**

Aukabúnaður á mynd: **Álfelgur**

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt = hagstæð vaxtakjör)

**Engin útborgun…**
…og þú ert kominn á **nýjan fjölskyldubíl!**

Lacetti

**Vertu klár** – engin útborgun fyrir nýjan bíl

**Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun** og borgar aðeins **26.980 kr.** á mánuði. Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum. **Vertu því klár**, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET

## LÆRDÓMUR VIKUNNAR



*„Mér fannst hryllilegt að komast að hversu mörgum konum hefur verið nauðgað á stuttum tíma og ekki síður sláandi að fáir árásarmannanna hafa náðst. Það er verulegt áhyggjuefni að hrottafengnum líkamsárásum hefur fjölgað síðustu ár.“*

Ragnhildur Magnúsdóttir, útvarpskona

# Egill uppboðshaldari slær listaverk í dag

„Já, ég var beðinn um þetta. Jón Óskar bað mig um þetta og ég segi alltaf já við þann góða mann þegar hann biður mig um eitthvað,“ segir Egill Helgason sem í dag mun í fyrsta skipti gerast uppboðshaldari.

Listmunaupp- boð verður haldið klukkan fimm í dag í verslun Jóns Sæmundar, Liborius við Mýrargötu. „Já, mér skilst að þetta sé aðalstaðurinn. Þangað komi menn helst ekki nema vera málkunnugir Björk,“ segir Egill. Uppboðið er til styrktar Skaftfelli – menningarmiðstöð á Seyðisfirði og Egill segir þarna verk eftir öndvegis listamenn.

„Þarna er hægt að eignast alvöru myndlist eftir Georg Guðna, Huldu Hákon, Húbert Nóa... og þannig má lengi telja,“ segir Egill. Hann vill meina að þarna séu fjölmörg verk sem hann væri meira en til í að hafa á sínu heimili. Og hefur uppi vafasamar hugmyndir um að ef ekki fást sæmileg boð í góð verk þá muni hann slá sjálfum sér þau – fyrir lítið fé.

„Ég er algerlega óreyndur á þessu sviði og renn blint í sjóinn. Hvort ég legg þetta fyrir mig í framtíðinni veit ég ekki. Það verður að koma í ljós. Ef mér tekst ekki að selja neitt þá hlýtur það að heita að ég sé lélegur uppboðshaldari.“

Egill lítur til meistara á þessu sviði svo sem Haraldar Blöndal heitins sem var frægur uppboðshaldari en af honum eru margar sögur sem taka til skörungsskapar hans og húmors í púltinu með hamar í hönd. Eitt sinn bauð Haraldur upp bridgepör á Bridgehátíð, sem þá voru ígildi verðbréfa í kauphöll, og jókst virði þeirra eftir gengi í mótinu. Var þar kona ein meðal keppenda og þá sagði Haraldur að nú ættu menn að opna budduna því þetta væri í fyrsta skipti í þúsund ár sem kona væri boðin upp á Íslandi. „Já. Þó ég sé stór þá eru föt Haraldar örugglega of víð á mig,“ segir Egill. - jbg



**HARALDUR HEITINN BLÖNDAL** Einhver þekktasti uppboðshaldari landsins og eru margar sögur af röggsemi hans í púltinu með hamar í hönd.



**EGILL HELGASON** Veður blint í sjóinn og er með vafasamar hugmyndir um að slá jafnvel sjálfum sér verk fyrir lítið fé.



**LÁRÉTT** **2** hróss **6** gylta **8** hrygning **9** knæpa **11** holskrúfa **12** kortabók **14** pressuger **16** bor **17** óhreinka **18** niður **20** gangþófi **21** nabbi.

**LÓÐRÉTT** **1** ungdómur **3** einnig **4** formaður **5** arinn **7** mótbárur **10** fiskur **13** temja **15** svall **16** flýti **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** lofs, **6** sú, **8** got, **9** krá, **11** ró, **12** atlas, **14** ölger, **16** al, **17** ata, **18** suð, **20** il, **21** arða. **LÓÐRÉTT:** **1** æska, **3** og, **4** forseti, **5** stó, **7** úrtölur, **10** áll, **13** aga, **15** rall, **16** asa, **19** ðð.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

### ADDA STEINA BJÖRNSDÓTTIR: KIRKJAN SKOÐAR KLÁMRÁÐSTEFNU

# Siðprúðir bændur standa af sér klámágjöf

„Jájájájá, bændur eru siðprúðir. Ég reikna reyndar með því að siðprýði bænda sé breytileg eins og í öðrum þjóðfélagshópum. En ég hygg að þeir séu það upp til hópa,” segir Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna sem eiga Hótel Sögu – Bændahöllina.

Fátt er um meira rætt, í fréttum, spjallþáttum og á netinu, en fyrirhugaða klámráðstefnu þeirra sem standa að klámvefnum FreeOnes.com. Að sögn Hrannar Geirsdóttur, hótelstjóra á Hótel Sögu, hefur hópurinn bókað 150 herbergi dagana 7. til 11. mars.Reiknað er með hátt í tvö hundruð þátttakendum en þar mun fólk víðs vegar að koma saman og ræða málefni klámgeirans auk þess að skemmta sér í hinni „alræmdu” Reykjavík. Femínistar eru margir hverjir æfir vegna komu hópsins og bendir talsmaður Femínistafélagsins, Katrín Anna Guðmundsdóttir, á þá vá að sem að steðjar í sambandi við að hópurinn verður hér staddur 8. mars á baráttudegi kvenna.

Hrönn sagði í samtali við Fréttablaðið að bændur væru siðprúðir og fráleitt að þeir stæðu fyrir einhverju klámfengnu. Og Sigurgeir segir það svo vera.

„Eftir því sem ég best veit er þetta bara hópur eins og hver annar sem bókar hér gistingu. Þeir hafa ekki óskað eftir nokkurri annarri aðstöðu hér en gistingu og ekki er vaninn að spyrja gesti fyrirfram til hvers þeir koma til landsins. Ferðafólk fær hér gistingu meðan húsrúm leyfir,“ segir Sigurgeir og hefur ekki þungar áhyggjur af því að ímynd bænda bíði hnekki við þessa heimsókn. Hann segir jafnframt að hópurinn hafi ekki óskað eftir neinni aðstöðu á hótelinu til fundahalda né annarra gjörninga.

Adda Steina Björnsdóttir er talsmaður biskups og henni finnst fráleitt að halda hér klámráðstefnu.

„Ég get sagt það að klám er ofbeldi og niðurlæging á konum og í sinni verstu mynd getur klámiðnaðurinn tengst mansali, þrælahaldi og barnamisnotkun. Við hljótum að taka undir orð þeirra sem fordæma klám,“ segir Adda Steina aðspurð um hvort vænta megi viðbragða frá kirkjunnar mönnum og biskupi.

„Við skoðum hugsanleg viðbrögð og erum að kanna málið betur. Biskup hefur látið til sín taka og talað gegn klámvæðingu og bent á margar skuggahliðar hennar. Að berjast gegn henni er á ábyrgð okkar allra: foreldra, uppalenda og þegna.“

Og Öddu Steinu finnst full ástæða til að velta fyrir sér ábyrgð hótelsins: „Mér þætti til dæmis mjög alvarlegt mál ef þarna verður sett upp einhver kynningarráðstefna um klámiðnaðinn. Því myndi ég mótmæla harðlega.“

Sigurgeiri finnst á hinn bóginn sérkennilegt að beina spjótum sérstaklega að Hótel Sögu. Spyr af hverju gagnrýnendur sækja ekki allt eins að flugfélaginu sem flýgur þeim til landsins og eða öðrum þjónustuaðilum. jakob@frettabladid.is



**SIGURGEIR ÞORGEIRSSON** Hefur ekki þungar áhyggjur af því að ímynd bænda bíði skaða af gistingu klámfólksins – skilur reyndar ekki af hverju spjótum er beint að Bændahöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**ADDA STEINA BJÖRNSDÓTTIR** Talsmaður biskups telur vert að skoða ábyrgð hótelsins en Biskupsstofa mun skoða málið.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Tómas Tómasson**, eigandi Hamborgarabúllunnar, eignaðist nýverið erfingja sem er svo sem ekki í frásögur færandi nema að mikill þagnarmúr hefur verið sleginn umhverfis barnið hjá fjölskyldu hans og samstarfsmönnum. Starfsmenn Búllunnar hafa verið þögulir sem gröfin varðandi barnið og hafa ekki einu sinni viljað láta hafa eftir sér hvort um strák eða stelpu sé að ræða. Sjálfur hefur Tommi lítið viljað tjá sig og virðist forðast fjölmiðla eins og heitan eldinn.

Reynsluboltunum á fréttastofu Sjónvarps fækkar á næstunni í kjölfar breytts rekstrarforms Ríkisútvarpsins. Frágengið mun vera að þau **Katrín Pálsdóttir** og **Helgi H. Jónsson** láti af störfum og fá þau eins árs biðlaun frá stofnunni eins og samningar kveða á um. Áður höfðu þeir **Ari Sigvaldason** og **G. Pétur Matthíasson** ákveðið að hætta af sama tilefni.



Gengið hefur verið frá starfslokum **Páls Ásgeirs Ásgeirssonar** rithöfundar í Þjóðleikhúsið nú strax í apríl en við leikhúsið hefur hann starfað sem upplýsingafulltrúi. Komið hefur fram í Fréttablaðinu að svo virðist sem nokkur flótti sé brostinn á í liði leikhússins en ekki fylgir þessari sögu hvort Páll hverfur við illan leik eða sæll og sáttur. Hitt er vitað að hann mun vera á leið til Indlands í vor til að elta eiginkonu sína, **Rósu Sigrúnu Jónsdóttur** myndlistarkonu, sem ætlar sér í vinnubúðir þar til að sinna list sinni. Á meðan mun Páll stunda jóga.



-fb/jbg




# Stolinni sjálfsmynd skilað

Sjálfsmynd Berglindar Ágústsdóttur, sem tekin var ófrjálsri hendi á Barnum í síðasta mánuði, var komin til síns heima eftir að grein um stuldinn birtist í Fréttablaðinu. „Strákurinn sem tók hana hringdi sama dag og kynnti sig sem þjófinn,“ sagði Berglind. „Hann hafði verið fullur þarna á virkum degi og rifið myndina af veggnum. Svo labbaði hann bara með hana niður og út, hringdi í vin sinn sem kom og sótti hann, og svo keyrðu þeir með hana heim á þakinu á bílnum,“ sagði hún. „Hann skildi ekki sjálfur hvernig hann fór að þessu. Hann er hvorki hávaxinn né sterkur og myndin er mjög stór,“ bætti hún við.

Berglind kvaðst ekki hafa brugðist illa við játningunni. „Nei, ég var bara glöð að hann skyldi hringja, mér fannst það ótrúlega gott hjá honum að þora því. Ég hló bara allt símtalið, þetta var svo súrrealískt eitthvað,“ sagði hún.

Þjófurinn geðþekki skilaði Berglindi myndinni degi síðar. „Hann var bara mjög viðkunnanlegur og greinilega mikill listunnandi. Ég lít bara á þetta sem ákveðið hrós fyrir mig, hann hlýtur að hafa verið svona heillaður af henni,“ sagði Berglind hlæjandi. „Ég mæli nú samt ekki með því að fólk sé að ræna listaverkum,“ bætti hún við á alvarlegri nótum.

Svo gæti farið að myndin snúi aftur í húsakynni þjófsins. „Hann sagðist aldrei hafa séð svona flotta mynd, svo ég bauð honum bara að kaupa hana. Hann er að hugsa málið. Svo er spurning hvort verðið hækkar eða lækkar eftir svona ævintýri,“ sagði Berglind sposk. „Það þýðir ekkert að velta sér upp úr þessu. Þetta var klassískt, íslenskt fylleríisrugl og allt er gott sem endar vel,“ bætti hún við. - sun



**BERGLIND OG MYNDIN GÓÐA** Þjófurinn var svo heillaður af myndinni að hann íhugar nú að kaupa hana, eftir að hafa skilað henni til síns heima. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# MAX

**LágMAXverð**

# 2.999 kr.

Fullt verð ~~4.999~~

Supreme Commander er talinn besti rauntíma hernaðarleikur síðustu ára. Einn stærsti og yfirgripsmesti leikur ársins.

*Hernaðarleikur ársins 91% - PC Gamer*

**Kominn fyrir PC hjá MAX**






**1.599 kr.**

Fullt verð ~~2.299~~

CD




Rythms Del Mundo

**1.699 kr.**




CD

Fullt verð ~~2.499~~

Laddi - CD

**1.599 kr.**




CD

Fullt verð ~~2.299~~

James Morrisson - CD

**1.699 kr.**



Fullt verð ~~2.499~~

Norah Jones - CD

**1.799 kr.**

CD




**Kauptu 2007 og fáðu 2006 í kaupauka**

**1.999 kr.**




Monster House - DVD

**1.999 kr.**




Talladega Nights - DVD

**1.999 kr.**




DVD

Fullt verð ~~2.299~~

The Devil Wears Prada - DVD

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Við erum beint á móti IKEA**

**MAX RAFTÆKI**

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Ekki blóta*

Fyrir ári síðan eða svo sá Umferðarstofa sig tilneydda til þess að ráðast í heila auglýsingaherferð í útvarpi, sjónvarpi, blöðum og á flettiskiltum til þess að segja fullorðnu fólki að hætta að blóta svona mikið í umferðinni. Ekki síst var lögð áhersla á það að við blótuðum ekki svona mikið frammi fyrir yngstu kynslóðinni, sem gæti pikkað upp taktana. Í nokkra mánuði mátti sjá ungan, reffilegan dreng gefa fólki fingurinn á strætóskýlum. Ekki var það beint uppbyggileg sýn í morgunsárið, en boðskapurinn komst til skila. Menn verða að reyna að slappa af í umferðinni. Sýna hver öðru kurteisi. Vera góðar fyrirmyndir fyrir blessuð börnin.

**ÉG** hef reynt að taka þetta til mín og um nokkurt skeið hef ég reynt að blóta bara kurteislega þegar dóttir mín er með í bílnum og ég sit fastur í umferðarteppu. „Ja, hérna,“ segi ég og ber létt í stýrið. „Það er aldeilis hnúturinn!“

**ÞETTA** persónulega átak mitt hefur þó verið byggt á því, að ég hef leyft mér að vona að í umferðarmálum höfuðborgarinnar yrðu einhverjar úrbætur gerðar í bráð. Um leið og ég hef bælt niður blótið og hrakyrðin í þágu barnauppeldis – að kröfu Umferðarstofu – hef ég jafnframt um leið farið með róandi orð í huganum: „Svona, svona,“ hef ég hugsað. „Þessir umferðarhnútar verða horfnir eftir nokkur ár. Þá getur maður keyrt inn í Garðabæ úr Vesturbænum eins og ekkert sé, til dæmis í gegnum Öskjuhlíðargöng.“

**EINS** og gefur að skilja var mitt kurteisa, en viðkvæma, sálartetur því ofurspennt þegar ný samgönguáætlun var kynnt á dögunum. Upphæðirnar sem rötuðu í fyrirsagnirnar voru vissulega nógu andskoti (úps, þar blótaði ég, afsakið…) háar. Um 380 milljarðar eiga að rata í vegamál á komandi 12 árum, hvorki meira né minna.

**ÞAÐ** urðu mér því auðvitað veruleg vonbrigði – ekki síst í ljósi þess hversu vel mér hefur tekist að haga mér kurteislega í umferðinni undanfarið út af voninni sem bjó í brjósti mér um umbætur – að fá þær upplýsingar að í þessari samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir því að umferðarúrbætur á höfuðborgarsvæðinu þarfnist fjármuna eða forgangs. Hér er gert ráð fyrir að íbúum svæðisins verði gert að sitja í sömu umferðarteppunum meira eða minna næstu 12 árin. Stórar framkvæmdir á svæðinu sem þarna eru boðaðar varða aðallega leiðirnar út af svæðinu og -- reyndar, guði sé lof -- inn á það aftur. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að fólk þurfi greiðar leiðir til þess að ferðast innan höfuðborgarsvæðisins óblótandi, og er þá sama hvort litið er til reiðhjóla, strætóa eða bíla.

**Í SAMRÆMI** við þetta geri ég ráð fyrir að ætlun yfirvalda sé að Umferðarstofu verði gert að halda áfram auglýsingaherferðum þar sem við erum vinsamlegast beðin um að hætta að blóta. Ég lofa engu í þeim efnum. Ef þessi samgönguáætlun gengur eftir er útlit fyrir að dóttir mín muni í framtíðinni bölva og ragna í umferðinni hvort sem er.


